HALLA GUNNARSDÓTTIR

*Fylgdist með lífi og dauða við Ganges-fljót*

• á ferðinni • jólin koma

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



JÓLAKVEÐJUÞULIR RÁSAR 1

*Halda sér gangandi með konfekti*

Komast í jólaskap með lestrinum

FÓLK 42









# FRÉTTABLAÐIÐ

ÞITT

23. desember 2009 — 303. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR



**Tveir er rokk**

Henrik Björnsson er á plötum með Hank & Tank og The Go-Go Darkness.

FÓLK 34



**Hljómsveitin Bloodgroup**

Lenti í kröppum dansi í Hollandi. Varð næstum því eftir í Amsterdam.

FÓLK 42

**Áfram svo, koma svo**

„Áfram svo, koma svo.“ Þetta er herhvötin sem ég þekkti í íþróttunum í gamla daga, þegar á móti blés,“ skrifar Ellert B. Schram.

Í DAG 20



**Gott að fá mömmu**

Eskfirðingurinn Eggert Gunnþór Jónsson heldur íslensk jól í Edinborg með foreldrum sínum.

ÍÞRÓTTIR 39

## VEÐRIÐ Í DAG




**Dregur úr vindi** Í dag verða víða norðan eða norðaustan 5-10 m/s, en strekkingur NV-til. Éljagangur norðanlands og við suðurströndina síðdegis. Frost víðast 1-10 stig.

VEÐUR 4

# Milljóna biðlaun frá fjárvana bæjarfélagi

**Þótt sveitarfélagið Álftanes sé komið í þrot vill fyrrverandi bæjarstjóri fá umsamin átta mánaða biðlaun. Erum alls ekki sátt en samningurinn gildir, segir forseti bæjarstjórnar. Átta mánaða biðlaun yrðu minnst 6,4 milljónir króna.**

**STJÓRNSÝSLA** „Þetta er alveg borðleggjandi,“ segir Sigurður Magnússon, fyrrverandi bæjarstjóri á Álftanesi, sem krefst þess að fá greidd átta mánaða biðlaun.

Sigurður tók við sem bæjarstjóri í júní 2006 eftir kosningar þá um vorið en lét af störfum í september síðastliðinn eftir meirihlutaskipti í bæjarstjórn. Samkvæmt ráðningarsamningi á hann að fá greidda tvo mánuði í biðlaun fyrir hvert hafið ár í bæjarstjórastólnum. „Hjá mér var biðlaunarétturinn stigvaxandi og gat verið aðeins tveir mánuðir ef ég hætti snemma á tímabilinu,“ útskýrir Sigurður.

Biðlaun bæjarstjórans fyrrverandi hafa verið rædd í bæjarráði og bæjarstjórn án þess að hljóta afgreiðslu. Sigurður hefur lagt fram lögfræðiálit um að hann eigi rétt á átta mánaða biðlaunum og kveðst eiga von á því að ekki verði ágreiningur um niðurstöðuna. Engu breyti um hans launamál að Álftanes sé talið komið í greiðsluþrot. „Ég held að sveitarfélagið sé ekki með hugmyndir um að brjóta ráðningarsamninga á neinum starfsmönnum sínum þó að það sé í vandræðum. Ég held að það eigi hvorki við um bæjarstjóra né aðra millistjórnendur sem hugsanlega verður sagt upp núna – eins og ég held að sé í pípunum,“ segir hann.

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hverjar greiðslurnar til Sigurðar eiga nákvæmlega að vera en gera má ráð fyrir að þær verði minnst 6,4 milljónir króna.

„Við erum alls ekki sátt, það segir sig sjálft,“ segir Kristinn Guðlaugsson, forseti bæjarstjórnar Álftaness, um þá kröfu Sigurðar Magnússonar, fyrrverandi bæjarstjóra, að fá átta mánaða biðlaun. „En það er hins vegar samningur í gildi þó svo að við höfum ekki samþykkt hann á sínum tíma.“ **- gar / sjá síðu 4**




**HVER ER SVONA LÍTIL OG SÆT? ESSASÚ?** Vodafone-froskurinn lagði leið sína á Barnaspítala Hringsins í gær og heilsaði upp á börnin sem þar dvelja. Rósalind Óskarsdóttir var ekki hið minnsta hrædd við froskinn enda engin ástæða til. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**MAGNÚS EIRÍKSSON** Söngleikur með lögum Magga Eiríks er í bígerð í Borgarleikhúsinu. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Borgarleikhúsið á næsta ári:

## Söngleikur með lögum Magga

**FÓLK** „Hann er náttúrlega einn allra besti lagahöfundur landsins,“ segir Magnús Geir Þórðarson borgarleikhússtjóri, sem er að undirbúa söngleik með lögum Magnúsar Eiríkssonar. „Það eru flottar sögur í mörgum lögunum hans og við teljum að það sé þarna efni í virkilega flotta sýningu.“

Maggi Eiríks er þegar búinn að undirrita viljayfirlýsingu um að söngleikurinn verði gerður og að sögn Magnúsar Geirs er stefnt á að setja hann á fjalirnar á næsta ári. „Boltinn er hjá honum,“ segir tónlistarmaðurinn snjalli um Magnús Geir. **- fb / sjá síðu 42**

Hayden Wright, fjögurra ára:

## Stal gjöfum til að hitta pabba

**BANDARÍKIN Hayden Wright var nýlega tekinn fyrir drykkjulæti í heimahverfi sínu í Chatanooga í Bandaríkjunum. Hann var klæddur í kjól sem hann hafði stolið úr jólapakka nágranna síns og var með bjórdós í hendi.**

**Ekki væri þetta frásögur færandi nema ef væri að Hayden varð nýlega fjögurra ára. Móðir hans, hin 21 árs gamla April Wright, vaknaði um nóttina og saknaði snáðans. Hún fann hann eftir stutta leit og tjáði blaðamanni Daily Telegraph að sá stutti reyndi ítrekað að brjóta af sér til að komast til föður síns sem nú situr í fangelsi. Í þetta skiptið hafði hann stolið fimm jólagjöfum frá nágrannanum. - shá**






Vill viðurkenningu á að hann hafi ekki þurft að greiða fulla skatta hér:

# Jón Ólafsson stefnir ríkinu

**DÓMSMÁL** Tekist verður á um það fyrir dómi á næstunni hvort athafnamaðurinn Jón Ólafsson hafi átt heima á Íslandi eða í Bretlandi frá árinu 1998.

Ríkisskattstjóri úrskurðaði árið 2003 að Jón hefði frá árinu 1998 átt svokallaða heimilisfesti á Íslandi og að hann bæri því fulla skattskyldu hérlendis. Jón hefur nú stefnt ríkisskattstjóra og fjármálaráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins vegna þessa úrskurðar.

„Ég flutti úr landi í september 1998 með konu og börn. Þau fóru í skóla þar, við festum kaup á húsi og ákváðum að búa í Englandi. Ég vil bara fá viðurkenningu á að svo hafi raunverulega verið,“ segir Jón.

Í kjölfar úrskurðar ríkisskattstjóra hefur Jóni verið gert að greiða á fjórða hundrað milljónir í skatta hérlendis og sótt hefur verið að honum fyrir dómi vegna meintra skattsvika. Því máli hefur verið vísað frá vegna formgalla.

Vinni Jón málið „þá er ljóst að skattayfirvöld höfðu ekki lögsögu yfir mér þegar þau fóru í mig,“ fullyrðir hann. Með því væri sá möguleiki fyrir hendi að fá ákvörðunum sem byggja á úrskurði ríkissaksóknara hnekkt. **- sh / sjá síðu 4**







Verðtryggðar skuldir heimilanna hækka verulega vegna skattahækkana:

# Skuldir aukast um 13 milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Verðtryggðar skuldir landsmanna munu hækka um þrettán milljarða króna vegna skattahækkana sem samþykktar voru á Alþingi á mánudag.

Alþingi samþykkti að hækka virðisaukaskatt úr 24,5 prósentum í 25,5 prósent. Auk þess hækka gjöld á áfengi, tóbak, eldsneyti og bíla, eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær. Þessar hækkanir hafa bein áhrif á húsnæðislán landsmanna.

Samkvæmt útreikningum ASÍ munu þessar hækkanir leiða til um eins prósenta hækkun á vísitölu neysluverðs, segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ.

Þetta þýðir einnig að verðtryggð húsnæðislán hækka um eitt prósent. Höfuðstóll lána landsmanna hækka því um 100 þúsund krónur fyrir hverjar tíu milljónir sem fengnar hafa verið að láni.



**HÚSNÆÐI** Höfuðstóll verðtryggðra húsnæðislána mun hækka um eitt prósent vegna nýsamþykktra skattahækkana að mati ASÍ. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Henný tekur fram að ekki sé búið að reikna með ýmsum öðrum verðhækkunum sem mögulegt sé að verði um áramót, til dæmis hjá sveitarfélögunum.

Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum námu verðtryggðar skuldir íslenskra heimila um 1.175 milljörðum króna í lok síðasta árs. Nýrri tölur hafa ekki fengist, en sé reiknað með að þær hafi nokkurn veginn fylgt neysluverðsvísitölu má áætla að þær nemi nú um 1.300 milljörðum króna.

Eins prósents hækkun á neysluverðsvísitölu mun hækka þessar skuldir um þrettán milljarða króna. - bj

Bæjarstjórn Grundarfjarðar:

## Mótmæla fjórðungs fækkun

**ÖRYGGISMÁL** Bæjarstjórn Grundarfjarðar mótmælir fjórðungs fækkun í löggæsluliði yfir vetrartímann. Segir í ályktun bæjarstjórnarinnar að í ljósi þess hversu víðfeðmt landsvæði er um að ræða, minnki öryggi íbúa svæðisins, ekki síst þar sem viðbragðstími lögreglunnar lengist verulega. Bæjarstjórnin telur að nú þegar sé allt of langt gengið í niðurskurði á löggæslu á svæðinu.

Bæjarstjórnin ítrekar fyrri ályktanir og mótmælir því að niðurskurður á þjónustu hins opinbera skuli fyrst og fremst verða á landsbyggðinni. - shá

**SPURNING DAGSINS**



*Guðlaugur, ert þú ekki bara með neikvæðar bylgjur?*

„Nei, ég er með jákvæðar jónir – aðallega róteindir."

Guðlaugur Kristinn Óttarsson gagnrýndi í Fréttablaðinu í gær hættulegt fikt ófaglærðra í rafkerfum og sölu á rándýrum búnaði sem draga ætti í sig rafmengun en væri aðeins verðlaust og gagnslaust drasl.



**CATALÍNA** Gæsluvarðhald yfir Catalínu hefur verið framlengt. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Verður í haldi til 12. janúar:

## Kærði úrskurð til Hæstaréttar

**DÓMSTÓLAR** Catalína Ncogo verður í gæsluvarðhaldi til 12. janúar samkvæmt úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur í gær. Þá rann út fyrri úrskurður. Ákvörðunin hefur verið kærð til Hæstaréttar.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir rannsóknarhagsmuni kalla á aukið gæsluvarðhald. Catalína var handtekin 3. desember grunuð um aðild að mansali og milligöngu um vændi. Skömmu áður var hún dæmd í fangelsi fyrir hórmang og fíkniefnasmygl.

Friðrik segir rannsókninni miða vel. Allmargir hafa verið yfirheyrðir, þar á meðal nokkrir „viðskiptavinir" Catalínu. - óká

Vísitala neysluverðs hækkar:

## Mestu munar um flug og bíla

**EFNAHAGSMÁL Vísitala neysluverðs í desember hækkaði um 0,48 prósent frá því í síðasta mánuði.**

**Vísitala neysluverðs án húsnæðis hækkaði um 0,63 prósent milli mánaða, að því er fram kemur á vef Hagstofu Íslands. Mestu munaði um 25,5 prósenta hækkun á flugfargjöldum til útlanda, sem hækkuðu vísitöluna um 0,2 prósent. Vísitalan hefur hækkað um 7,5 prósent síðustu tólf mánuði, eða 11,3 prósent séu breytingar á húsnæðisverði ekki teknar með.** - bj

# Verð geisladiska hefur lítið hækkað í 20 ár

**Geisladiskar hafa verið á svipuðu verði síðan 1991 og seljast ágætlega fyrir jólin. Tvennum sögum fer af því hvort þeir seljast betur eða verr en í fyrra. Innlendir diskar kosta um þúsund krónum minna en innfluttir. Salan er dreifðari í ár.**

**VERSLUN** Útsöluverð íslenskra geisladiska hefur lítið hækkað síðan árið 1991, en raunverð hefur lækkað, miðað við almenna verðþróun. Árið 1991 kostuðu þeir um tvö þúsund krónur stykkið en í ár í kringum 2.500.

Hefðu íslenskir diskar fylgt vísitölu neysluverðs myndu þeir kosta hátt í 4.600 krónur í ár.

„Árið 1991 voru nýjar bækur og nýir diskar á svipuðu verði. Nú geturðu fengið tvær plötur fyrir eina bók, og þú lest bókina bara einu sinni!" segir Lárus Jóhannesson í versluninni 12 tónum. Hljómdiskar ættu því að vera í sterkri stöðu.

Ásmundur Jónsson, formaður Félags hljómplötuframleiðenda, skýrir stöðugleika verðlags innlendra platna síðustu ár helst með samkeppni við ólöglegar niðurhalssíður: „Myndir þú kaupa mjólkina ef hún væri ókeypis?" Hann tekur ekki undir að diskarnir hafi einfaldlega verið of dýrir árið 1991. Því fylgi mikill kostnaður að setja nýja plötu á markað.

Í ár virðist vera svolítill samdráttur í plötusölu fyrir jólin, miðað við sölu þrjátíu vinsælustu titlanna. Ásmundur grunar að salan dreifist á fleiri titla en áður.

Baldvin Esra Einarsson, útgefandi hjá Borginni og Kima, segir söluna góða. Sumar plötur seljist mun betur en við var búist. Hann nefnir einnig að salan sé dreifðari, jaðarplötur seljist vel.

Hljómplötuframleiðendur og verslanir leggi nokkuð minna á vörurnar en áður. „Við viljum halda plötuverði þannig að fólk ráði við að kaupa þær," segir hann. Verð hafi hækkað um tíu til fimmtán prósent, sem sé ekki óeðlilegt miðað við verðlagshækkanir og dýrari erlendan kostnað.

Eftir gengishrun eru innfluttir diskar talsvert dýrari en innlendir og kosta á milli þrjú og fjögur þúsund krónur.

Ásmundur Jónsson segir að í kjölfar hruns hafi innflutningur snarminnkað og innlend tónlist hafi náð um 65 prósentum af sölunni: „Mér sýnist að það hlutfall eigi ekki eftir að breytast erlendum diskum í vil."

Lárus Jóhannesson segir erlenda plötusölu í sinni búð svipaða og í fyrra. Verslun hans sé þó eilítið sér á báti, enda fáist þar tónlist sem erfitt sé að finna annars staðar. klemens@frettabladid.is

**ÁSMUNDUR JÓNSSON** Segir samdrátt í sölu vinsælustu platna, en líklegt sé að salan dreifist á fleiri titla en í fyrra.

**LÁRUS JÓHANNESSON** Telur vægi íslenskrar tónlistar í heildarplötusölu vera um sjötíu prósent. Salan í ár sé svipuð og í fyrra.

**BALDVIN ESRA EINARSSON** Segir hljómplötuiðnaðinn halda aftur af verðhækkunum. Salan gangi glimrandi vel.



**LÆKKANDI VERÐ** Í kringum 1991 voru geisladiskar og bækur á svipuðu verði. Nú er hægt að fá tvo diska fyrir andvirði einnar skruddu.

## Létust í slysi við Arnarnesbrú

Mennirnir tveir sem létust í umferðarslysi á Hafnarfjarðarvegi á föstudag hétu Sæmundur Sæmundsson og Björn Björnsson.

Sæmundur var 59 ára að aldri, til heimilis í Hafnarfirði. Hann lætur eftir sig sex uppkomin börn. Björn var 62 ára og einnig til heimilis í Hafnarfirði. Hann lætur eftir sig tvö börn og tvö fósturbörn.

Þriðji maðurinn, Hrafnkell Kristjánsson íþróttafréttamaður, liggur á gjörgæsludeild Landspítalans.

Lögregla vinnur að rannsókn á tildrögum slyssins.

Icelandic Group bjargað:

## Fékk milljarða lán eftir hrun

**VIÐSKIPTI** Icelandic Group fékk tæpa 27 milljarða króna kúlulán frá Landsbanka Íslands skömmu eftir bankahrunið í fyrrahaust. Landsbankinn var þá kominn í hendur ríkisins. Þetta kom fram í Kastljósi í gærkvöldi.

Sagði í umfjölluninni að útgerðarfélögin Brim og Hraðfrystihús Gunnvarar í Hnífsdal hefðu stofnað fyrirtækið IG ehf. og flutt skuldir Icelandic Group yfir í hið nýstofnaða félag til að lagfæra skuldastöðu Icelandic.

Kúlulánið frá Landsbankanum er með veði í hlutabréfum Icelandic og áhætta félagsins er því lítil sem engin. - sh

**FÉLAGSSTÖRF**

**Skinfaxi 100 ára**

Skinfaxi, blað Ungmennafélags Íslands, fagnar merkum tímamótum í sögu blaðsins um þessar mundir, en 100 ár eru síðan fyrsta blaðið var gefið út. Frá því að fyrsta blaðið kom út í október 1909 hefur það verið gefið út óslitið, og ekki fallið út einn árgangur.






Forsætisráðherra Frakklands segir Frakka ekki vilja móðga Kínverja:

# Krefst skilnings af Kínverjum

**KÍNA, AP** Francois Fillon, forsætisráðherra Frakklands, krefst þess að kínversk stjórnvöld sýni vestrænum lýðræðisþjóðum umburðarlyndi, en tók jafnframt fram að Frakkar vildu alls ekki móðga Kínverja.

„Kína er stórt land sem þarf að leysa sín eigin vandamál upp á eigin spýtur," sagði Fillon, sem var í heimsókn í Peking. „Á hinn bóginn er Frakkland gamalt lýðræðisríki. Við erum með málfrelsi og allir geta sagt það sem þeir vilja. Þetta er okkar hefð og Kínverjar ættu að skilja það."

Kínversk stjórnvöld tóku það óstinnt upp að útlægir Tíbetar og aðrir mótmælendur trufluðu hlaup íþróttamanns með Ólympíukyndilinn í París á síðasta ári. Ekki hresstust þau þegar Nicolas Sarkozy Frakklandsforseti tók upp á því að hitta Dalai Lama, leiðtoga Tíbetbúa, og eiga við hann gott spjall.

Samband ríkjanna hefur þó skánað á ný eftir að Sarkozy hitti Hu Jintao, forseta Kína, á leiðtogafundum í apríl og september á þessu ári.

Tilgangur ferðar Fillons til Kína er að styrkja tengslin enn frekar, og á blaðamannafundi í Peking sagðist hann telja að sér hefði tekist það. - gb



**TÓKUST Í HENDUR** Francois Fullon, forsætisráðherra Frakklands, og Hu Jintao, forseti Kína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




# Gefðu góða ferð!

Kíktu á okkur í Kringlunni! í dag kl. 13-20

**Jólagjafabréf Iceland Express** er frábær jólagjöf, því það er svo margt. Vel heppnuð leikhúsferð til London, huggulegheit í Köben, rokk og ról í Berlín eða bara þægileg afslöppun í útlöndum. **Jólagjafabréfið** er líka tilvalin jólagjöf handa þeim sem búa erlendis, svo þeir geti skotist heim til Íslands.
Bókaðu ævintýri í útlöndum fyrir þann sem þér þykir vænt um á **www.icelandexpress.is/jolagjafabref**

## » Jólagjafabréf:
# 25.900 kr.

Sölutímabili lýkur kl. 18.00, 24. desember 2009.

**Ef bókað er fyrir 1. febrúar 2010:**
Flugsæti, með sköttum og öðrum greiðslum, sem gildir fram og til baka til Köben, London Stansted/Gatwick eða Berlínar.
Bókunartímabil: 26. desember 2009-31. janúar 2010.
Ferðatímabil: 15. janúar-15. maí 2010.
Takmarkað sætaframboð.

**Ef bókað er eftir 1. febrúar 2010:**
Jólagjafabréfið verður inneign að upphæð 25.900 kr.
Gildir til allra áfangastaða og gildir í tvö ár frá útgáfudegi.

Iceland Express
með ánægju

Fiton/SÍA FI031645

## GENGIÐ 22.12.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 127,95 | 128,57 |
| Sterlingspund | 204,84 | 205,84 |
| Evra | 182,97 | 183,99 |
| Dönsk króna | 24,582 | 24,726 |
| Norsk króna | 21,852 | 21,98 |
| Sænsk króna | 17,545 | 17,647 |
| Japanskt jen | 1,4006 | 1,4088 |
| SDR | 200,08 | 201,28 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

223,7995

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Ráðherra hefur ekki kynnt sér veisluhöld flugráðs og tjáir sig ekki um þau strax:

# Flugráðsveislan kostaði 207 þúsund krónur

**STJÓRNSÝSLA** Jólakvöldverður flugráðs í Perlunni á fimmtudag í síðustu viku kostaði ríkið 207 þúsund krónur að sögn Gunnlaugs Stefánssonar, formanns ráðsins.

„Hvar sem ég starfa og fæ einhverju ráðið og starfsfólki/nefndarfólki eru þökkuð vel unnin störf með því að gera sér dagamun, þá skuli það gert samkvæmt sæmilegri gestrisni og skikkan meðal annars um rækt við fjölskyldugildi eins og aðstæður leyfa og við á,“ segir í svari Gunnlaugs við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Í flugráði sitja samtals sex manns. Hins vegar voru tuttugu gestir á jólahlaðborðinu. „Sex starfsmenn stjórnsýslunnar undirbúa ásamt formanni fundi ráðsins og taka þátt í störfum þess, en fá ekki greitt sérstaklega fyrir það og er sú vinna oft innt af hendi utan hefðbundins vinnutíma,“ segir í svari Gunnlaugs. Hann ítrekar það sem hann sagði í Fréttablaðinu í gær að ríkið greiði þremur af sex flugráðsmönnum ekki fyrir setu í ráðinu. Það séu fulltrúar sem tilnefndir séu af atvinnulífinu.



**KRISTJÁN L. MÖLLER** Samgönguráðherra skipaði núverandi sex manna flugráð á árinu 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Í anda hógværs viðurgjörnings við fundarhöld ráðsins var ákveðið að við gerðum okkur dagamun.



**GUNNLAUGUR STEFÁNSSON** FORMAÐUR FLUGRÁÐS

„Samkvæmt tillögu minni fyrir tveimur árum í anda hógværs viðurgjörnings við fundarhöld ráðsins var ákveðið að við gerðum okkur dagamun vegna fundar í desember og neyttum kvöldverðar á kostnað ráðsins ásamt mökum,“ upplýsir Gunnlaugur.

Kristján L. Möller samgönguráðherra skipaði núverandi flugráð. Þegar óskað var eftir viðbrögðum ráðherrans í gær vegna veisluhalda flugráðs kvaðst hann ekki hafa kynnt sér málið og því ekki vilja tjá sig um það að svo stöddu. **- gar**



**Á GASASTRÖND** Kona gengur fram hjá vegg með máluðri mynd af Gilad Schalit. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ísraelar vilja Schalit:

## Ekki þó fyrir hvað sem er

**ÍSRAEL, AP** Ísraelskir ráðamenn sögðust í gær ekki vilja kosta hverju sem er til að fá Gilad Schalit, hermanninn unga sem herskáir Palestínumenn tóku í gíslingu fyrir þremur árum, lausan úr haldi.

Helstu ráðherrar ríkisstjórnar Benjamins Netanjahu hafa setið stíft á fundum með yfirmönnum hers og öryggismála. Þessar viðræður töldu sumir vera til marks um að lausn væri að nást í samningaviðræðum við Hamas, samtök Palestínumanna á Gasasvæðinu.

Engin niðurstaða virðist þó komin í málið. Ísraelar leggja, að sögn Ehuds Barak varnarmálaráðherra, alla áherslu á að fá Schalit heim, „en ekki í skiptum fyrir hvað sem er, heldur eftir öllum leiðum sem mögulegar og eðlilegar geta talist“. **- gb**

### LEIÐRÉTTING

Innsláttarvilla var í grein Björns Brynjólfs Björnssonar um niðurskurð á framlögum til íslensks kvikmyndaiðnaðar í blaðinu í gær. Fyrirhugað er að skera framlög til kvikmyndasjóðs úr 700 í 450 milljónir króna, eða um rúm 35 prósent.

# Deilt um hvar Jón Ólafsson átti heima

**Jón Ólafsson hefur stefnt ríkisskattstjóra og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkisins vegna sex ára gamals úrskurðar um að Jón hafi átt heima á Íslandi og borið að greiða skatt hérlendis. Gæti hnekkt ákvörðunum sem byggja á úrskurðinum.**

**DÓMSMÁL** Athafnamaðurinn Jón Ólafsson hefur stefnt Skúla Eggerti Þórðarsyni ríkisskattstjóra og Steingrími J. Sigfússyni fjármálaráðherra fyrir dóm fyrir hönd íslenska ríkisins.

Krefst Jón þess að úrskurður ríkisskattstjóra frá 2003 þess efnis að Jón skyldi greiða fullan skatt á Íslandi frá árinu 1998 verði felldur úr gildi og það viðurkennt að hann hafi frá því ári aðeins borið takmarkaða skattskyldu hérlendis.

Málið snýst um það hvar Jón var búsettur lögum samkvæmt frá árinu 1998, og hvar honum bar því að greiða skatt. „Ég flutti úr landi í september 1998 með konu og börn. Þau fóru í skóla þar, við festum kaup á húsi og ákváðum að búa í Englandi. Ég vil bara fá viðurkenningu á að svo hafi raunverulega verið,“ segir Jón.

Ríkisskattstjóri komst sem áður segir að því í desember árið 2003 að Jón ætti svokallaða heimilisfesti á Íslandi samkvæmt skattalögum og bæri því fulla skattskyldu hérlendis.

Þessum úrskurði mótmælir Jón harðlega í stefnunni. Til að eiga heimilisfesti á tilteknum stað sé nóg að hafa þar bækistöð sína, heimilismuni og svefnstað og dvelja þar að jafnaði í tómstundum. Þetta hafi átt við Bretland í hans tilfelli, enda hafi hann dvalið þar megnið úr hverju ári, börn hans hafi sótt þar skóla og þau hafi því sannarlega haft þar fasta búsetu, þótt Jón og kona hans hafi einnig átt húsnæði á Íslandi.

Jón hafði lögheimili á Íslandi fram í nóvember 2002, en fékk því þá breytt afturvirkt til 1. september 1998.

Í stefnunni er bent á að mat Ríkisskattstjóra á heimilisfesti Jóns og fjölskyldu hafi breyst eftir að ákveðið var að taka meint skattalagabrot hans til rannsóknar 2002. Árið 2000 hafi Jón verið álitinn til heimilis í Bretlandi en sú afstaða hafi síðan breyst árið 2003. Enn fremur er bent á ólíka meðhöndlun sambærilegra mála hjá embættinu, þar sem konu sem búsett var erlendis og var með börn þar í skóla var meinað að greiða skatt á Íslandi þrátt fyrir að hún ynni fyrir íslenskt fyrirtæki.

Í kjölfar úrskurðarins hefur Jóni verið gert að greiða á fjórða hundrað milljónir króna í skatta hérlendis og sótt hefur verið að honum fyrir dómi vegna meintra skattsvika. Því máli hefur verið vísað frá dómi vegna formgalla.

En hvað gerist ef Jón hefur sigur í þessu máli? „Þá er ljóst að skattyfirvöld höfðu ekki lögsögu yfir mér þegar þau fóru í mig,“ segir Jón. Með því væri búið að opna á þann möguleika að Jón gæti fengið öllum ákvörðunum sem byggja á úrskurðinum hnekkt.

Stefnan var birt í gær og er þingfesting áætluð 7. janúar.

**stigur@frettabladid.is**



**JÓN ÓLAFSSON** Hefur verið búsettur í Bretlandi meira eða minna frá 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**UMSÓKNIN AFHENT** Boris Tadic, forseti Serbíu, ásamt Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar. NORDICPHOTOS/AFP

Evrópusambandið:

## Serbía leggur inn umsókn

**STOKKHÓLMUR, AP Boris Tadic, forseti Serbíu, afhenti í gær umsókn um aðild að Evrópusambandinu. Frederik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, tók á móti umsókninni í Stokkhólmi.**

**Afgreiðsla umsóknarinnar fer meðal annars eftir því hvort Serbar sýna alþjóðlega sakadómstólnum í Haag næga samvinnu, ekki síst varðandi tvo grunaða stríðsglæpamenn sem enn fara huldu höfði, líklega í Serbíu.**

**Svíþjóð fer með formennsku í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins til áramóta, en þá tekur Spánn við formennskunni. - gb**

Dómur í hundamáli:

## Varð að endurgreiða hvolp

**DÓMSMÁL** Kona hefur verið dæmd til að endurgreiða annarri konu kaupverð hvolps, alls 200 þúsund krónur.

Eigandi tíkurinnar keypti hana í desember 2008. Í ljós kom að hún át lítið og þreifst illa. Hún var einnig með flösu, andfúl og fór úr hárum. Nokkru síðar var hún komin með stöðugan niðurgang og uppköst. Dýralæknir sagði hana með verulega skerta nýrnastarfsemi, líklega frá fæðingu. Hún var því aflífuð og fékkst endurgreidd með dómi. **- jss**





Nicorette er stuðningsaðili Krafts, stuðningsfélags ungs fólks sem greinst hefur með krabbamein.

Nicorette® nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til að draga úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtur nikótínlyfjatyggigúmmís er 24 stk. Til að ná sem bestum árangri skal fylgja leiðbeiningum í fylgiseðli. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.


## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** Veðurfréttamaður

**JÓLAVEÐRIÐ**

Veðrið verður yfirleitt svipað yfir hátíðarnar, áfram éljagangur norðan- og austanlands en þurrt og bjart syðra. Á morgun verður fremur hægur vindur um allt land en það hvessir heldur á Vestfjörðum síðdegis og annað kvöld. Það dregur lítillega úr frosti á morgun.




**Á MORGUN** 13-20 m/s NV-til, annars hægari.

**JÓLADAGUR** Víðast 5-13 m/s, hvassast NV-til.

### HEIMURINN

| | |
|---|---|
| Alicante | 16° |
| Basel | 4° |
| Berlín | 1° |
| Billund | 4° |
| Eindhoven | 4° |
| Frankfurt | 2° |
| Friedrichshafen | 2° |
| Gautaborg | 3° |
| Kaupmannahöfn | 3° |
| Las Palmas | 23° |
| London | 5° |
| Mallorca | 19° |
| New York | 0° |
| Orlando | 23° |
| Ósló | -5° |
| París | 3° |
| San Francisco | 12° |
| Stokkhólmur | 2° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**Skelltu þér á ring.is eða í sölubása okkar í Kringlunni og Smáralind og gakktu frá kaupunum**




**HUAWEI U1251**

**Útborgun**

# 0kr.

1.000 kr. afborgun á mánuði í 12 mánuði.*

**1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.**

Staðgreiðsluverð: 12.000 kr.

*Greiðsludreifingargjald 250 kr. á mánuði.

## Fullkominn og ótrúlega nettur 3G sími

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft. Styður m.a. 3G langdrægt kerfi.

- 3G og 3G langdrægt
- Íslensk valmynd & innsláttur
- 2 megapixla myndavél
- Flýtihnappur fyrir Facebook og netið



**HUAWEI U1251**
Tveir litir eru í boði.

ENNEMM / SÍA / NM40200

# 3G sími á 12 þúsund, 12 þúsund í inneign, 160 þúsund vinir.

**Skráðu þig á ring.is, fylltu á fyrir 1.990 kr. á mánuði og þá eignastu 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og færð 990 kr. til að ringja í fólk í öðrum kerfum.**

Síminn | Ring er ný farsímaþjónusta á vegum Símans. Fyrir 1.990 kr. áfyllingu á mánuði færðu 1500 mín/SMS á mánuði til að hafa samband við 160 þúsund vini innan GSM kerfis Símans og 990 kr. inneign til að ringja í fólk í öðrum kerfum.

Stærsti vinahópur á Íslandi
ring

## KJÖRKASSINN



*Ert þú búin(n) að kaupa allar jólagjafir?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,1% |
| Nei | 48,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Kaupir þú lifandi jólatré?*

Segðu skoðun þína á visir.is

visir

Fyrrverandi bæjarstjóri Álftaness vísar í samninga og vill átta mánaða biðlaun:

# Biðlaun fara yfir sex milljónir

**SVEITARSTJÓRNIR** Sigurður Magnússon, sem hætti sem bæjarstjóri á Álftanesi í september, á að fá átta mánaða biðlaun samkvæmt ráðningarsamningi frá 2006.

„Samkvæmt ráðningarsamningi Sigurðar á hann að fá greidd tveggja mánaða biðlaun fyrir hvert byrjað ár sem bæjarstjóri," útskýrir Kristinn Guðlaugsson, forseti bæjarstjórnar Álftaness.

Starfslok Sigurðar hafa verið til umræðu í bæjarráði og bæjarstjórn að undanförnu án þess að málið hafi verið afgreitt. Núverandi meirihluti telur nóg að Sigurður fái sex mánaða biðlaun. Vegna breytinga á ráðningarsamningnum frá í vor hefði það orðið niðurstaðan ef Sigurður hefði klárað kjörtímabilið í bæjarstjórastólnum. Sjálfur leggur Sigurður fram lögfræðiálit um að hann eigi að fá átta mánaða biðlaun.



**Á ÍBÚAFUNDI Á ÁLFTANESI** Bæjarfulltrúar á Álftanesi ræddu um stöðu sveitarfélagsins á opnum íbúafundi í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hverjar greiðslurnar til Sigurðar eiga nákvæmlega að vera. Samkvæmt ráðningarsamningi frá 2006 og þróun launavísitölu síðan ættu föst mánaðarlaun hans sem bæjarstjóri að vera um 800 þúsund krónur. Átta mánaða greiðsla myndi þannig nema um 6,4 milljónum. Þar fyrir utan hefur Sigurður fengið ýmsar aðrar greiðslur, til dæmis lífeyrisgreiðslur og fyrir akstur og síma- og tölvukostnað.

Auk biðlaunanna fær Sigurður um 95 þúsund á mánuði fyrir að vera í bæjarráði og bæjarstjórn og 25 þúsund að auki fyrir hvern fund sem hann sækir þar. **- gar**

Erlendir ríkisborgarar flytja:

# Landsmönnum fækkað lítillega

**BYGGÐAMÁL Alls áttu 317.593 lögheimili á Íslandi hinn 1. desember síðastliðinn og hafði fólki fækkað úr 319.756 á sama tíma í fyrra, eða um 0,7 prósent. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar.**

**Mest er fólksfækkunin hlutfallslega á Austurlandi, þar sem fækkaði um 431 einstakling, eða 3,3 prósent frá fyrra ári. Þá fækkaði fólki á Vesturlandi um 335 einstaklinga, eða 2,1 prósent.**

**Fækkun landsmanna stafar einkum af fækkun fólks með erlent ríkisfang. Fækkun í þeim hópi var 3.099 manns, sem þýðir að fólki með íslenskt ríkisfang fjölgaði milli ára um 936. - bj**



**TEKIÐ VIÐ VOGINNI** Í stað þess að senda jólakort og -gjafir hefur Marel látið jafnvirði þeirra renna til líknarmála. MYND/MAREL

Marel sendir ekki jólakort:

# Gefa vog fyrir hreyfihamlaða

**FYRIRTÆKI Í stað þess að senda jólakort og jólagjafir til viðskiptavina lætur Marel andvirði þeirra renna til líknarmála.**

**Í tilkynningu fyrirtækisins kemur fram að í ár hafi það verið MND-félagið, félag fólks með hreyfitaugahrörnun, sem hlaut framlagið. Gjöfin, sem var í formi vogar fyrir hreyfihamlaða, var sérhönnuð og smíðuð hjá Marel. Hún verður sett upp á taugadeild Landspítala - háskólasjúkrahúss í Fossvogi og er sögð munu auðvelda hjólastólaaðgengi. - óká**

Fimmtán daga fangelsi:

# Reyndi að stela af neyðarvagni

**DÓMSMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið dæmdur í fimmtán daga fangelsi fyrir að brjótast inn í heilsugæslustöð og stela þar lyfjum af neyðarvagni.

Í apríl og maí braut maðurinn rúðu í heilsugæslustöðinni. Síðan reyndi maðurinn að stela lyfjum úr neyðarvagni sem var í herbergi inni af neyðarmóttöku. Það tókst ekki þar sem vagninn var læstur. Maðurinn var að auki dæmdur til að greiða Heilbrigðisstofnun Suðausturlands 23.390 krónur. **- jss**

# Hver læknir á Landspítala kostar 1,1 milljón á mánuði

**Sjúkrahúslæknir á suðvesturhorninu kostar 1,1 til 1,6 milljónir króna á mánuði. Sérfræðingar á St. Jósefsspítala fá 2,2 milljónir króna sem verktakar. Hjúkrunarfræðingur kostar Landspítala 641.000 kr. á mánuði.**

**LAUNAMÁL** Launakostnaður ríkisins vegna hvers læknis í fullu starfi á Landspítalanum var að meðaltali rúmlega 1,1 milljón á mánuði á síðasta ári.

Kostnaður Landspítalans við hvert stöðugildi hjúkrunarfræðings var 641.000 krónur á mánuði.

Hver sjúkraliði kostar Landspítalann 500 þúsund krónur á mánuði í laun og launatengd gjöld.

Þessar upplýsingar koma fram í skýrslu um endurskipulagningu sjúkrahúsþjónustu á suðvesturhorninu, sem unnin var fyrir heilbrigðisráðuneytið.

Þar er birt meðfylgjandi tafla um launakostnað vegna fjölmennustu stétta heilbrigðisstarfsfólks á Landspítala og öðrum sjúkrahúsum á svæðinu.

Launakostnaður vegna hvers læknis við Heilbrigðisstofnun Suðurlands á Selfossi er 1.476 þúsund krónur á mánuði. Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ var kostnaðurinn 1.678 krónur á stöðugildi, 1.161 þúsund á Akranesi en 609.000 krónur á mánuði á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.



**LANDSPÍTALI** Sjúkrahúslæknar kosta minna en sérfræðingar á St. Jósefsspítalanum í Hafnarfirði.

Samanburður milli St. Jósefsspítala og annarra sjúkrahúsa er þó ómarktækur, segir í skýrslunni. Þar byggir meðaltalið nær eingöngu á greiðslum til unglækna. Meðaltalsgreiðslur til sérfræðilækna á St. Jósefsspítala eru hins vegar 2,2 milljónir króna á mánuði. Sérfræðingar á St. Jósefsspítala eru almennt verktakar en ekki launamenn, sem taka laun samkvæmt kjarasamningi Læknafélags Íslands, eins og aðrir sjúkrahúslæknar.

„Launakostnaður lækna á [St. Jósefsspítala] byggist því [fyrst og fremst] á dagvinnu í verktöku en launakostnaður lækna á hinum stofnunum felur því í sér vaktagreiðslur auk launatengdra gjalda," segir í skýrslunni.

Í þeim tölum sem raktar hafa verið hér að ofan eru innifalin launatengd gjöld. Þau eru yfirleitt um tuttugu prósent af fjárhæðinni, en geta verið nokkuð breytileg eftir því hvaða stéttarfélög eiga í hlut. Að auki bætast tvö prósent við þegar launþegi greiðir séreignarsparnað í lífeyrissjóð.

Heildarlaun meðallæknis úr hópi þeirra 485 lækna sem starfa á Landspítalanum gæti numið 862.000 krónur á mánuði, greiði hann í séreignarsparnað til lífeyrissjóðs þótt launakostnaður sjúkrahússins sé 1.106 þúsund krónur að meðaltali. **peturg@frettabladid.is**

## LAUNAKOSTNAÐUR LSH OG KRAGASJÚKRAHÚSA MEÐ LAUNATENGDUM GJÖLDUM

**Launakostnaður sjúkrahúsa á hvert stöðugildi með launatengdum gjöldum**

| fagfélag | Suðurnes | | Selfoss | | Landspítali | | Akranes | | St. Jósefsspítali | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | stöður | kostnaður | stöður | kostnaður | stöður | kostnaður | stöður | kostnaður | stöður | kostnaður |
| Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga | 932,4 | 526.905 | 19,5 | 549.569 | 21,8 | 641.949 | 37,2 | 517.092 | 35,8 | 501.425 |
| Læknafélag Íslands | 485,3 | 1.678.485 | 4,0 | 1.476.067 | 8,1 | 1.106.271 | 18,7 | 1.161.661 | 10,2 | 609.677 |
| Sérfræðilæknar-verktakar | | | | | | | | | | 2.200.000** |
| Sjúkraliðafélag íslands | 432,6 | 366.269 | 20,3 | 388.061 | 33,7 | 500.160 | 38,2 | 400.043 | 18,0 | 350.949 |
| Félag lífeindafræðinga | 138,1 | 500.820 | 5,0 | 575.249 | 4,7 | 614.383 | 5,6 | 561.614 | 3,5 | 548.707 |
| Ljósmæðrafélag Íslands | 68,4 | 592.791 | 7,7 | 626.186 | 7,6 | 654.154 | 6,8 | 588.772 | 0 | 0 |
| Félag geislafræðinga | 58,8 | 527.827 | 3,5 | 630.588 | 3,8 | 557.491 | 3,8 | 577.660 | 2,7 | 426.395 |

Launakostnaður á hvert stöðugildi, þ.e. heildarlaun, með launatengdum gjöldum og tveggja prósenta mótframlagi vegna séreignarsparnaðar þar sem við á. Launatengd gjöld eru nokkuð breytileg eftir stéttarfélögum, yfirleitt um tuttugu prósent, að sögn Fjársýslu ríkisins, auk tveggja prósenta mótframlags vegna lífeyrissparnaðar, hjá þeim einstaklingum sem það á við.

** Kjarasamningur Læknafélags Íslands tekur til lækna með og án sérfræðileyfa – á St. Jósefsspítala eru sérfræðilæknar yfirleitt ráðnir með verktakasamningum og eiga meðallaun þar einkum við lækna án sérfræðileyfa. Sérfræðivinna í verktöku er fyrst og fremst unnin í dagvinnu en störf annarra lækna bæði í dagvinnu og vaktavinnu. Fjöldi sérfræðilækna í verktöku hjá St. Jósefsspítala kemur ekki fram í skýrslunni. Kostnaður spítalans vegna aðkeyptrar klínískrar sérfræðiþjónustu nam 215,9 milljónum króna á árinu, rúmum helmingi allrar aðkeyptrar klínískrar sérfræðiþjónustu sjúkrahúsa á Suðvesturlandi. Til samanburðar keypti Landspítalinn sömu þjónustu fyrir 21,5 milljónir króna en sérfræðingar sem þar starfa fá greitt sem launþegar.



# ALLAR VÖRUR Á TAX FREE

## AÐEINS Í DAG ÞORLÁKSMESSU

**OPIÐ Í KVÖLD UM LAND ALLT**



blómaval

**AFGREIÐSLUTÍMI Á ÞORLÁKSMESSU**

SKÚTUVOGUR til kl. 23:00
GRAFARHOLT til kl. 22:00
HAFNARFJÖRÐUR til kl. 22:00
REYKJANESBÆR til kl. 21:00
SELFOSS til kl. 22:00
AKUREYRI til kl. 22:00

Sjá aðrar verslanir á www.husa.is

HÚSASMIÐJAN

Gildir ekki af öðrum tilboðum og að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs

## VEISTU SVARIÐ?



1. Hvert er hæsta þrepið í nýju tekjuskattskerfi?
2. Hver er formaður flugráðs?
3. Hver voru útnefnd knattspyrnumenn ársins af hálfu Alþjóðaknattspyrnusambandsins?

SJÁ SVÖR Á BLAÐSÍÐU 42

Forseti Alþingis svarar fyrirspurn þingmanns í fyrsta sinn í sögunni:

# Of seint er að hrófla við landsdómi

**STJÓRNMÁL** Þurfi að kalla saman landsdóm til að fjalla um hugsanleg brot ráðherra, í kjölfar skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, verður það gert samkvæmt núgildandi reglum um skipan dómsins.

Forseti Alþingis, Ásta Ragnheiður Jóhannsdóttir, segir að ekki gefist tími til að breyta skipan í landsdóm áður en skýrslan kemur út 1. febrúar.

„En ég tel ástæðu til að endurskoða þessi lög og mun setja vinnu á laggirnar til þess samkvæmt ábendingu nefndar um eftirlitshlutverk Alþingis,“ segir Ásta.



ARNDÍS SOFFÍA SIGURÐARDÓTTIR



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR

Varaþingmaður VG, Arndís Soffía Sigurðardóttir, spurði forsetann um landsdóminn í síðustu viku, og var það í fyrsta skipti sem forseti Alþingis fékk fyrirspurn, eftir lögum frá 2007.

„Ég vildi kasta ljósi að Alþingi í þessu sjálfstæða eftirlitshlutverki gagnvart framkvæmdarvaldinu,“ segir Arndís. Mikilvægt sé að fá afstöðu forseta Alþingis fram, áður en skýrslan verður birt.

Gagnrýni hafi beinst að því pólitíska ívafi sem einkenni skipan átta dómara landsdóms af fimmtán, en þeir eru kosnir hlutfallskosningu af Alþingi. Arndís tekur undir þessi sjónarmið en um leið önnur, að endurskoðun á þessum reglum gæti vakið grunsemdir um að hún færi fram, lituð af ríkjandi aðstæðum.

„Ég vil koma þessari umræðu af stað svo fólk sé meðvitað um þetta. Að það ríki sátt um landsdóm, en ekki tortryggni,“ segir Arndís.

- kóþ

Rannsókn á Byrsbréfum:

# Ekki framlengt á Jón Þorstein

**LÖGREGLUMÁL Sérstakur saksóknari fór ekki fram á framlengingu á farbanni yfir Jóni Þorsteini Jónssyni, fyrrverandi stjórnarformanni Byrs, en bannið rann út í fyrradag. Þetta kemur fram á vef Ríkisútvarpsins. Þar er haft eftir Ólafi Þór Haukssyni að rannsóknarhagsmunir hafi ekki kallað á framlengingu farbannsins.**

**Rannsóknin snýr að sölu stofnfjárbréfa í Byr fyrir milljarða króna til félagsins Exeter Holding. Meðal seljenda voru Jón Þorsteinn og MP banki. Meðal þeirra sem eru með réttarstöðu grunaðra í þessu máli er Jón Kr. Sólnes, stjórnarmaður í Byr.**






**ELDFJALLIÐ MAYON** Hefur gosið nærri 40 sinnum síðustu fjórar aldirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Beðið eftir sprengingu

**Nærri allir íbúarnir í nágrenni eldfjallsins Mayons hafa forðað sér af ótta við sprengingu, sem gæti orðið hvenær sem er. Hraun streymir stöðugt úr fjallinu.**

**FILIPPSEYJAR, AP** Eldfjallið Mayon á norðanverðum Filippseyjum er eins og tifandi sprengja þessa dagana. „Hættuleg sprenging gæti orðið í dag eða næstu dögum,“ segir Renato Solidum eldfjallafræðingur.

Nærri allir íbúar í næsta nágrenni fjallsins, um 45 þúsund talsins, hafa nú forðað sér á öruggari slóðir. Flestir hafast þeir við í neyðarskýlum, skólum og íþróttahúsum í nærliggjandi byggðum, en sumir gista hjá ættingjum og vinum.

Stöðug aska streymir úr fjallinu og hraun vellur niður hlíðarnar. Jarðskjálftar mælast með stuttu millibili og telja jarðfræðingar verulegar líkur á sprengigosi.

Enn eru þó um tvö þúsund manns í innan við átta kílómetra fjarlægð frá fjallinu, en það er sú fjarlægð sem miðað er við þegar fólk er hvatt til að forða sér. Hermenn og lögregluþjónar hafa verið á eftirlitsferðum um svæðið til að hvetja fólk til að fara á brott.

Síðast gaus Mayon árið 2006. Þá voru 30 þúsund manns fluttir frá hættuslóðunum. Árið 1979 kostaði gos í fjallinu 79 manns lífið. Fjallið hefur gosið nærri 40 sinnum síðan 1616. Mannskæðasta gosið varð árið 1814, en þá létu meira en 1.200 manns lífið.

gudsteinn@frettabladid.is






# Pakkaður skemmtistaður!

**Netið í símann 1 GB á mán. fylgir iPhone 3G S allt árið 2010!**
Gildir í áskrift og frelsi.

**2.000 kr. notkun á mán. í 18 mán. fylgir iPhone 3G S!**
Gildir í áskrift og frelsi.



**9.900 kr./mán.**

**iPhone 3G S**

9.900 kr. á mánuði í 18 mánuði.
2.000 kr. notkun á mánuði í 18 mán.
fylgir þessu tilboði og netið í símann:
1 GB á mán. á 0 kr. allt árið 2010.
Greitt með kreditkorti.



**1.990 kr.**

**Diskókúla**

Settu smá diskó í hátíðirnar og upplifðu stærsta skemmtistað í heimi hvar sem þú ert í veröldinni.



**14.900 kr.**

**Stafrænn myndarammi**

Settu myndirnar úr tölvunni eða símanum í rammann og njóttu þess að horfa á nýja mynd á hverri mínútu.

**Ódýrasti 3G farsíminn hjá Nova!**



útborgun **0 kr.**

**Huawei U1250**

Afborgun 1.000 kr. á mán.
í 12 mánuði.
Staðgreitt: 12.000 kr.

**1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma.**
Gildir í áskrift og frelsi.



**1.690 kr.**

**Hjálmar eða Hjaltalín**

Tvær vinsælustu hljómsveitir landsins með nýjustu diskana á Nova-verði.



**3.990 kr.**

**Bíókort**

6 X í bíó – frábær jólagjöf.
Almennt verð: 6.600 kr.

**Stærsti skemmtistaður í heimi!**

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

Mánaðarleg afborgun 2.000 kr. greidd með kreditkorti + 250 kr./mán. greiðslugjald. Staðgreitt: Þá þarf ekki kreditkort. Það er ódýrara að staðgreiða!

DAGUR & STEINI






Héraðsdómur Reykjavíkur sýknaði ríkissjóð:

# Hermaður fékk ekki bætur

**DÓMSMÁL** Íslenska ríkið hefur verið sýknað í Héraðsdómi Reykjavíkur af bótakröfu bandarísks hermanns sem var við störf hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli.

Forsaga málsins er sú að árið 2005 varð hermaðurinn fyrir fólskulegri líkamsárás fyrir utan skemmtistaðinn Traffic í Reykjanesbæ. Árásarmaðurinn, venesúelskur ríkisborgari, var dæmdur í átján mánaða fangelsi fyrir árásina.

Lögmaður hermannsins fór fram á það við bótanefnd að honum yrðu greiddar skaðabætur úr ríkissjóði á grundvelli laga um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota vegna tjóns af völdum árásarinnar. Upphæð þeirra bóta sem krafist var nam ríflega þremur milljónum króna. Bótanefnd hafnaði kröfunni.

Hermaðurinn höfðaði mál í kjölfarið. Héraðsdómur vísaði til laga sem kveða á um að ekki skuli greiða bætur þegar bæði tjónvaldur og tjónþoli eru staddir á landinu um stundarsakir þegar brot er framið. Þar sem árásarmaðurinn var staddur hér á landi sem ferðamaður og hermaðurinn staddur tímabundið á landinu vegna vinnu sinnar, báðir erlendir ríkisborgarar, hafnaði Héraðsdómur kröfunni. **- jss**


**VARNARLIÐIÐ** Bótakröfu hermannsins var hafnað.

# Ákvörðun tekin um Icesave fyrir áramót

**Frumvarp um Icesave var tekið út úr nefnd í gær. Stefnt á að ljúka því fyrir áramót. Formaður fjárlaganefndar segir nýtt lögfræðiálit engu breyta. Varaformaður vekur athygli á að umboðsmaður stofnunnar hafi unnið fyrir Björgólfa.**

**ALÞINGI** Frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave var tekið út úr fjárlaganefnd í gær. Guðbjartur Hannesson, formaður nefndarinnar, segir stefnt að því að ljúka málinu á milli jóla og nýárs. Hann segir nýtt lögfræðiálit stofnunar Mishcon de Reya ekki breyta neinu um skoðun sína á málinu.

„Þetta er bara enn eitt álitið á Icesave-málinu. Þeir hafa farið vel yfir þennan samning og gagnrýnt hann. Það er ýmislegt fróðlegt í álitinu, en í raunveruleikanum breytir það ekki neinu.“ Guðbjartur segir málið á endanum pólitískt; þingmenn verði að fylgja sinni sannfæringu og samþykkja það eða hafna.

Björn Valur Gíslason, varaformaður fjárlaganefndar, gefur ekki mikið fyrir álitið. Hann segir fráleitt að Icesave-samningurinn sé óskýr, líkt og þar er haldið fram.

„Í fyrsta lagi er ljóst um hvað er verið að semja; lausn Icesave. Það liggur upphæðin ljós fyrir í evrum og pundum. Það er hvellskýrt að lánið er til fimmtán ára og engin óvissa um að á því eru 5,55 prósenta vextir. Þá er alveg skýrt að við munum ekki borga af því fyrstu sjö árin og það liggur ljóst fyrir hvað muni gerast árið 2024 ef við getum ekki borgað.“

Björn Valur segir umhugsunarvert að umboðsmaður lögfræðistofunnar á Íslandi, Gunnlaugur Erlendsson, hafi unnið fyrir Novator „og þá hjá Björgólfsfeðgum sem áttu Landsbankann sem gerði út Icesave-reikningana.

Ég ætla ekki að halda því fram að þessi maður hafi náð fram lögfræðiáliti sem hentaði þeim betur, en vek athygli á þessu sérstaklega í því ljósi að aðrar lögfræðistofur hafa verið gerðar tortryggilegar fyrir vinnu fyrir ríkisstjórnina. Þessi hefur einnig unnið fyrir ríkisstjórnina.“

Björgvin og Guðbjartur nefna það báðir að lögfræðistofurnar tvær, Mishcon de Reya og Arhurst, séu sammála um að málið sé í fullkominni óvissu verði samkomulaginu hafnað.

Guðbjartur segir fjárlaganefnd hafa farið yfir þau sextán atriði sem þingið fól henni að gera. „Við tökum þetta alvarlega og förum yfir öll atriðin og sum ítarlegar en beðið var um.“ Hann segir eitt álit aðeins hafa borist munnlega, frá IFS, en það verði lagt fram skriflega á morgun.

**kolbeinn@frettabladid.is**


**FJÁRLAGANEFND** Meirihluti fjárlaganefndar samþykkti að taka frumvarp um ríkisábyrgð vegna Icesave út úr nefnd og leggja fyrir Alþingi til þriðju umræðu. Klára á málið fyrir áramót. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Það er ýmislegt fróðlegt í álitinu, en í raunveruleikanum breytir það ekki neinu.
>
> **GUÐBJARTUR HANNESSON**
> FORMAÐUR FJÁRLAGANEFNDAR


**BJÖRN VALUR GÍSLASON**


**GUÐBJARTUR HANNESSON**

Minnihlutinn ósáttur við að Icesave skuli tekið úr nefnd:

# Segja samkomulag vera svikið

**ALÞINGI** Minnihluti fjárlaganefndar lítur svo á að samkomulag Alþingis um að skoða sextán atriði varðandi Icesave hafi verið svikið. Þetta segir Höskuldur Þórhallsson, fulltrúi Framsóknarflokksins í nefndinni. Hann segir álit IFS hafa vantað og önnur álit, sem beðið var um, hafi ekkert verið rædd efnislega.

Höskuldur segir álit Mishcon de Reya og Ashurst samhljóma um að nýir fyrirvarar í frumvarpinu séu marklausir. Þar megi nefna sérstaklega fyrirvara um að viðurkenna ekki greiðsluskyldu.

„Þá bendir Mishcon de Reya á að varasamt sé hve óskýrir samningarnir eru og bendir á að allur óskýrleiki verði túlkaður Íslendingum í óhag,“ segir Höskuldur.

„Þetta álit dregur fram hversu illa hefur verið staðið að allri samningagerð af Íslands hálfu og undirstrikar það, sem verið hefur okkar málstaður, að þessir samningar eru bara uppgjör á því sem Bretar og Hollendingar líta á sem viðskiptaskuld við sig. Þetta er algjörlega fráleit pólitísk niðurstaða í málinu. Þessir samningar og þessi eftirgjöf ríkisstjórnarinnar frá því þingið afgreiddi málið í sumar er bara til að kóróna þeirra ömurlegu frammistöðu í málinu,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, um lögfræðiálit bresku stofnunar Mishcon de Reya. **- kóp**


**HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON**


**BJARNI BENEDIKTSSON**

Afbrotatölfræði RLS:

## Tæp 6.000 brot í síðasta mánuði

**LÖGGÆSLA** Tæplega 6.000 brot voru skráð í síðasta mánuði á landinu, að því er fram kemur í bráðabirgðatölum afbrotatölfræði ríkislögreglustjóra.

Skráð hegningarlagabrot voru ríflega 1.000 talsins, eða 19 prósent. Umferðarlagabrotin voru rúmlega 4.700, eða 79 prósent, og fíkniefnabrotin 119, eða tvö prósent.

Fækkun er í flestum helstu brotaflokkum á milli ára, nema hraðakstursbrotum, áfengislagabrotum og nytjastuldi. Innbrotum fækkaði hins vegar um 13 prósent og þjófnuðum um 22 prósent. - jss



**TIGER WOODS** Nýtur ekki jafn mikilla vinsælda og áður.

Aðeins þriðjungur jákvæður:

## Tiger Woods hrapar í áliti

**BANDARÍKIN** Vinsældir kylfingsins Tigers Wood hafa hrapað í kjölfar frétta af fjölmörgum hjákonum hans. Þetta er niðurstaða nýrrar könnunar CNN, sem framkvæmd var dagana 16. til 20. desember.

Einungis 34 prósent aðspurðra eru jákvæð í garð Tigers, samanborið við 60 prósent örfáum dögum eftir að hann lenti í bílslysinu fræga í byrjun desember. Árið 2005 voru 85 prósent jákvæð í hans garð.

Talsverður munur er á afstöðu blökkumanna og hvítra, þannig líta tveir þriðju hlutar svartra Tiger jákvæðum augum, en aðeins 28 prósent hvítra. Nær enginn munur er á afstöðu kynjanna. - sh

**STJÓRNSÝSLA**

### Samþykktu sameiningu

Alþingi samþykkti á mánudag lög um sameiningu opinberu hlutafélaganna Flugstoða og Keflavíkurflugvallar í eitt félag. Halda á stofnfund nýs félags fyrir áramót. Samruninn skal taka gildi innan fjögurra mánaða.

**AKRANES**

### Hvetur til hvalveiða á ný

Bæjarstjórn Akraness skorar á sjávarútvegsráðherra að standa að hvalveiðum á næsta ári. Þegar verði gefnar út heimildir til veiða í samráði við Hafrannsóknastofnun. Hvalnytjar hafi skipt miklu máli fyrir Akranes á atvinnuþrengingum þessa árs.


# Afgreiðslutími um hátíðirnar

**Vínbúðirnar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi.**

| | | |
|---|---|---|
| Mánudagur | 21. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur | 22. des. | kl. 11.00 - 20.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur | 23. des. | kl. 11.00 - 22.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 22.00 |
| Fimmtudagur | 24. des. | kl. 10.00 - 13.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 |
| Laugardagur | 26. des. | Lokað |
| Mánudagur | 28. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Þriðjudagur | 29. des. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Miðvikudagur | 30. des. | kl. 11.00 - 20.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 20.00 |
| Fimmtudagur | 31. des. | kl. 10.00 - 13.00 |
| nema Skeifan, Dalvegur og Skútuvogur | | kl. 9.00 - 13.00 |
| Föstudagur | 1. jan. | Lokað |
| Laugardagur | 2. jan. | kl. 11.00 - 18.00 |
| nema Reykjanesbær og Selfoss | | kl. 11.00 - 16.00 |

Nánari upplýsingar um afgreiðslutíma er að finna á vinbudin.is

VÍNBÚÐIN

Ein gjöf eftir ? – Opið 10-12

Dúnsokkar
Einstaklega þægilegir.
Tvær stærðir - konur og karlar.
Jólatilboð
6.900,-

Outlast

TEMPUR
heilsukoddar
Margar gerðir og stærðir.
Jólatilboð
15.120,-
Original 61cm

TEMPUR
inniskór
Sérlega þægilegir.
Jólatilboð
7.700,-

Joop!
Nýtt á rúmið
Hágæða sængurverasett í miklu úrvali.

Betra BAK

Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477 • www.betrabak.is



**MEÐ ÞURRKUÐ LAUF Á HÖFÐI** Í útjaðri borgarinnar Srinagar í Kasmír-héraði mátti sjá þessa konu bera körfu troðfulla af þurrkuðum laufum, sem verða brennd í ofni á köldum vetrardögum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Íransforseti segist engin áform hafa um að taka mark á viðvörunum Vesturlanda:

# Segir skjalið í Times falsað

**ÍRAN, AP** Mahmoud Ahmadinejad Íransforseti segist enga ástæðu hafa til að taka mark á lokafresti, sem Barack Obama Bandaríkjaforseti setti Írönum til að samþykkja samning um skipti á auðguðu úrani og kjarnorkueldsneyti.

Hann segir enn fremur að skjal, sem birt var í breska dagblaðinu Times og á að sanna að Íranar hafi áform um að koma sér upp kjarnorkuvopnum, sé falsað.

Skjalið er lýsing á vinnuáætlun um þróun kveikjubúnaðar fyrir kjarnorkusprengju. Bandarísk stjórnvöld segja enga staðfestingu hafa fengist á því að þetta skjal sé ófalsað.

Í ræðu sem Ahmadinejad hélt í borginni Shiraz sagði hann alþjóðasamfélagið geta sett Írönum eins marga lokafresti og því sýnist. Þeim sé alveg sama.

„Við sögðum ykkur að við værum ekki hrædd við refsiaðgerðir gegn okkur," sagði Ahmadinejad og beindi orðum sínum til Vesturlanda. „Ef við vildum smíða sprengju, þá myndi okkur ekki skorta hugrekki til að segja ykkur frá því."

Þrátt fyrir að Íranar hafi statt og stöðugt neitað því að hafa einhver áform um að koma sér upp kjarnorkuvopnum, telja leiðtogar Vesturlanda sig þurfa aðra staðfestingu á því en orðin ein. - gb



**MAHMOUD AHMADINEJAD** Íransforseti á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir mánuðir á skilorði:

# Vaktstjóri stal rúmri milljón

**DÓMSMÁL Kona um þrítugt hefur verið dæmd í tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir að hafa stolið á aðra milljón króna og 200 krónum dönskum úr söluskála N1 á Egilsstöðum. Konan var vaktstjóri þar þegar hún dró sér féð. Peningarnir voru í tveimur bankatöskum sem hún hafði í vörslum sínum.**

**Konan játaði brot sitt skýlaust fyrir dóminum. Jafnframt komst allt féð til skila. Konan hefur sótt viðtalsmeðferð hjá sálfræðingi síðan í sumar vegna vanlíðunar í tengslum við áfall eftir að hún varð uppvís að broti því sem hún er nú dæmd fyrir.** - jss





# Gefðu glaðlega jólagjöf

Smile borðlampinn er nýjasta hönnunin frá ítalska framleiðandanum Ruggiu sem hefur sannarlega slegið í gegn. Ef þú ert að leita eftir öðruvísi og líflegri jólagjöf - þá skaltu Koma við hjá GH ljósum.


Gefðu framandi jólagjöf


Gefðu einstaka jólagjöf


Gefðu klassíska jólagjöf


Gefðu fallega jólagjöf

Við bjóðum vandaðar jólagjafir frá þekktum framleiðendum. Einnig er tilvalið að koma við og huga að lýsingunni um hátíðarnar.

GH ljós | Garðatorgi 7
210 Garðabæ | Sími 565 6560
www.gh.is | gh@gh.is

**Opnunartími í dag:**
Frá kl. 9:00 til 22:00




**ÁLVER** „Ég kæri mig ekki um að ríkið taki lán hjá stórfyrirtækjum eins og Rio Tinto," sagði Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, þegar þingmenn fjölluðu um áætlaða fyrirframgreiðslu stóriðjufyrirtækja af framtíðarsköttum næstu þrjú ár. FRÉTTABLAÐIÐ/JSE

# Gagnrýna að ríkið taki lán hjá stóriðju

**Stóriðjufyrirtækin greiða 1.200 milljónir á ári næstu þrjú ár til ríkisins í krónum en draga gengistryggðar greiðslurnar frá sköttum áranna 2013-2018.**

**ALÞINGI.** Ein furðulegasta lagasetning seinni tíma, var einkunn sem Unnur Brá Konráðsdóttir, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gaf frumvarpi ríkisstjórnarinnar um skattgreiðslur stóriðjufyrirtækja á árunum 2010-2012, sem varð að lögum frá Alþingi í gær.

„Hér er verið að taka lán hjá stóriðjunni," sagði Vigdís Hauksdóttir, þingmaður Framsóknarflokksins. „Ég hef hvergi heyrt um þjóð sem tekur lán hjá stórfyrirtækjum, stórnotendum orkufyrirtækja, og kallar það skatta."

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að álverin í Straumsvík, Reyðarfirði og Hvalfirði, ásamt Járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga, greiði 1.200 milljónir króna á ári til ríkisins næstu þrjú ár og gangi þær greiðslur upp í skatta fyrirtækjanna fyrir árin 2013-2018.

„Þarna er verið að taka veð í tekjum framtíðarinnar," sagði Vigdís. Vinnubrögð ríkisstjórnarinnar séu til skammar og VG taki með þessu þátt í að festa stóriðjufyrirtækin í sessi til ársins 2018.

„Hér er um blekkingarleik að ræða þar sem verið er að reyna að fóðra það að lán séu skatttekjur," sagði Unnur Brá Konráðsdóttir.

Árni Þór Sigurðsson, þingmaður VG, sagði að ekki hefði verið hægt að leggja umhverfis- og orkuskatta á stóriðjufyrirtækin vegna sérstakra samninga þeirra við ríkisvaldið. „Þetta var niðurstaðan," sagði Árni Þór.

Gagnrýnt var að fyrirtækin greiði ríkinu í krónum, sem nóg sé til af í landinu. Endurgreiðslan verði hins vegar tryggð miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, sagði að þarna væri ríkið að taka gengislán í krónum.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði ekkert athugavert við að nota uppgjörsmynt fyrirtækjanna þegar uppgjör þessa máls fari fram. „Hér er um stærra samkomulag að ræða, sem óhjákvæmilegt var að ná fram ef ætti að koma við þeirri skattlagningu á stórnotendur orku, sem er orðin að veruleika," sagði Steingrímur. „Þar er um hærri fjárhæðir að ræða, sem eru beinar tekjur ríkisins á næstu þremur árum." Steingrímur sagði ríkið muna um þessar tekjur: „Þetta er engin óskaniðurstaða en þannig leit pakkinn út," sagði hann. peturg@frettabladid.is


# STOFNFJÁREIGANDAFUNDUR

**Stofnfjáreigandafundur verður haldinn föstudaginn 15. janúar n.k. kl. 16.00 á Hilton Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

Atkvæðaseðlar og aðgöngumiðar að fundinum verða afhentir á fundarstað og hefst afhending þeirra kl. 14.30.
*Stjórn Byrs.*

BYR SPARISJÓÐUR





JOE BOXER®

KRINGLAN - SMÁRALIND

HAGKAUP

FÆST EINNIG Í
VERSLUNUM HAGKAUPA

FRÁBÆR JÓLATIL

# Sex símar

## LG BLACK LABEL 20

Glæsilegur sleðasími frá LG með 5MP myndavél.
Styður Bluetooth, 3G og 3G langdrægt.

| Símalán-útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 39.900 kr. |

## HUAWEI U1251

Ódýrasti 3G síminn með öllu sem þú þarft.
Styður m.a. 3G langdrægt kerfi.

| Símalán-útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 12.000 kr. |

## NOKIA 5800 XPRESSMUSIC

Einn með öllu: WiFi, GPS, 3MP myndavél og 3G.
Hægt að tengja beint við sjónvarp.

| Símalán-útborgun: | Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.* |
|---|---|
| 0 kr. | 1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir. |
| | Staðgreitt: 69.900 kr. |










Það er

800 7000

ENNEMM / SÍA / NM40364

BOÐ HJÁ SÍMANUM

# fyrir sex vini

## LG VIEWTY

Með frábæra myndavél og snertiskjá, spilar DivX og flytur myndbönd beint yfir á YouTube.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 34.900 kr.

## SAMSUNG U800

Skotheldur sími með 3MP myndavél og 1 GB innra minni. Styður allt að 8 GB minniskort.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 27.900 kr.

## SONY ERICSSON JALOU

Handhægur og nettur demantslaga sími með sérstakri filmu sem gerir skjáinn að spegli.

Símalán-útborgun:

0 kr.

Eftirstöðvum dreift á allt að 12 mánuði.*

1.000 kr. inneign á mán. í 12 mán. fylgir.

Staðgreitt: 39.900 kr.









Öllum símum fylgir:
12.000 KR. INNEIGN
yfir árið!

Síminn
siminn.is

* Ef greitt er með kreditkorti er hægt að dreifa eftirstöðvunum vaxtalaust á allt að 12 mánuði. Greiðslugjald er 250 kr./mán.



**TÍGRISDÝR AÐ MOKA** Maður klæddi sig upp sem tígrisdýr þegar hann tók til hendinni í Kænugarði fyrir skömmu. Maðurinn ákvað að bregða á leik fyrir ljósmyndara nokkurn sem tók myndir fyrir nýtt dagatal sem á að koma út á næsta ári. NORDICPHOTOS/AFP

Forsætisnefnd skyldar kjörna fulltrúa til að upplýsa um fjárhag sinn:

# Þingmannareglur að lögum

**STJÓRNMÁL** Áformað er að setja reglur um skráningu á fjárhagslegum hagsmunum þingmanna inn í þingsköp Alþingis á næsta ári.

Sem stendur hafa þær einungis verið eins konar vinnureglur, sem skrifstofa Alþingis hefur mælt með að þingmenn fari eftir.

Þegar reglurnar voru samþykktar síðastliðið vor var rætt um að gera þær síðar meir að lögum. Þannig mætti skylda þingmenn til að skrá upplýsingar um sig. Einnig mætti refsa þeim fyrir brot á lögunum.

Með því að setja reglurnar í þingsköp verða þær að lögum. Hins vegar eru engin refsiákvæði innan þingskapalaga.

Spurð hvort eftirlit verði haft með því að þingmenn skrái satt og rétt hagsmuni sína og trúnaðarstörf segir Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, það óákveðið. Þetta skýrist þegar lagabreytingin verður gerð.

Spurð hvort rætt sé um að gera um lögin einhvers konar refsiramma, sem er til dæmis sex ár í lögum um fjármál stjórnmálasamtaka, segir Ásta ómögulegt að vita hversu langt verði gengið. Það skýrist í vinnunni fram undan.

Hún segir að litið sé til Svíþjóðar í þessum efnum, þar sem reglurnar eru einnig lögbundnar.

Reglurnar tóku gildi 1. maí og kveða á um að þingmenn skrái upplýsingar um fjárhag sinn og störf utan þings. Upplýsingarnar birtast á vef Alþingis. - kóþ



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR** Forseti Alþingis hugar nú að hertum reglum um þingmenn, þannig að þeir verði skyldaðir til að birta upplýsingar um fjárhag sinn og trúnaðarstörf utan þings. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Slippurinn á Akureyri:

# Ekki gengið betur í mörg ár

**VINNUMARKAÐUR Rekstur Slippsins á Akureyri hefur ekki gengið betur frá því nýir eigendur tóku við árið 2005. Starfsmönnum fyrirtækisins hefur verið fjölgað um 25 á árinu og eru nú tæplega 130. Til viðbótar hafa um 30 starfsmenn undirverktaka verið við vinnu þar undanfarna mánuði.**

**Slippurinn festi kaup á húseignum Loftorku í síðustu viku. Einnig var húsnæði bátasmiðjunnar Seiglu tekið yfir nýlega. Þó stendur ekki til að hefja skipasmíði á ný í slippnum, að því er fram kemur í máli Antons Benjamínssonar framkvæmdastjóra á síðunni vikudagur.is. - þeb**


Hlý jólagjöf
Ullarjakkar
Áður 19.990
Nú 14.990
Stærðir 36-48

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




**FRÁ ALÞINGI** Fjárlagafrumvarpið var samþykkt í gær með 33 atkvæðum stjórnarliða. 26 stjórnarandstæðingar sátu hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hallinn á ríkissjóði verður 99 milljarðar

**Vaxtagreiðslur verða meðal hæstu gjaldaliða ríkissjóðs á nýju ári. 230 milljarðar fara í félags-, trygginga- og heilbrigðismál. Hallinn á næsta ári verður um 60 milljörðum lægri en í ár. Stjórnarandstaðan segir fjárlög næsta árs óraunhæf.**

**ALÞINGI** Fjárlög næsta árs voru samþykkt á Alþingi í gær. 33 þingmenn stjórnarflokkanna greiddu atkvæði með frumvarpinu en 26 þingmenn stjórnarandstöðunnar sátu hjá við atkvæðagreiðsluna. Fjórir voru fjarstaddir.

Ríkissjóður verður rekinn með 99 milljarða króna halla á næsta ári. Það merkir að útgjöldin verða 99 milljörðum króna hærri en tekjurnar. Samkvæmt fjárlögunum verða útgjöldin rúmlega 561 milljarður en tekjurnar tæplega 462 milljarðar.

Líkt og vanalega vega félags-, trygginga- og heilbrigðismál þyngst í útgjöldunum en nú ber svo við að vaxtagjöld eru meðal hæstu liða. Ríkið mun greiða um 95 milljarða í vexti á næsta ári.

135 milljarðar fara í verkefni félags- og tryggingamálaráðuneytisins og 95 milljarðar til heilbrigðismála. Sextíu milljarðar fara í menntamál.

Halli næsta árs verður nokkuð minni en ársins sem er að líða. Stefnir í að hann verði um 160 milljarðar.

Fjárlagafrumvarpið, sem fjármálaráðherra mælti fyrir við þingbyrjun í október, tók nokkrum breytingum í meðförum Alþingis. Voru á þriðja tug breytingatillagna lagðar fram, sumar í einum lið en aðrar í tugum liða. Er skemmst frá því að segja að flestar tillögur stjórnarandstæðinga voru felldar en tillögur stjórnarliða samþykktar.

Meginstefið í gagnrýni stjórnarandstæðinga á fjárlagafrumvarpið var að það væri illa unnið. Tvinnaðist sú gagnrýni á stundum við óánægju stjórnarandstæðinga með skattahækkanir stjórnvalda. Voru tekjuáformin sögð óraunhæf og ósanngjörn. Fjöldi útgjaldaliða hlaut einnig harða gagnrýni. Var stjórnarliðum raunar borið á brýn að hafa heykst á að spara nægilega í ríkisrekstrinum.

Talsmenn stjórnarflokkanna vísuðu öllum ásökunum í þessa átt á bug. Sögðu þeir frumvarpið bera vott um ábyrgan rekstur og tekjuaukann með skattbreytingunum nauðsynlegan.

Við gerð fjárlaga var stuðst við efnahagsáætlun stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Taka þau mið af þeim markmiðum sem þar koma fram um að frumjöfnuði verði náð 2011 og að afgangur verði á ríkissjóði 2013. bjorn@frettabladid.is

Þingfundir hafa þrisvar sinnum verið haldnir milli hátíðanna á lýðveldistímanum:

# Icesave á dagskrá á mánudag

**ALÞINGI** Þing kemur saman milli jóla og nýárs til að taka Icesave-málið til þriðju umræðu. Verður þingfundur á mánudag og hugsanlega dagana tvo á eftir.

Sjaldgæft er að þingfundir séu milli hátíða. Hefur það raunar aðeins gerst þrívegis á lýðveldistímanum, árin 1958, 1987 og 1994.

Árið 1994 voru lánsfjárlög, ráðstafanir í ríkisfjármálum og staðfesting á stofnaðild að GATT-samningnum enn óafgreidd þegar jólin gengu í garð. Bar því nauðsyn til að funda að þeim loknum og afgreiða málin fyrir áramót.

Árið 1987 voru fjárlög næsta árs enn ósamþykkt fyrir jól. Fundaði þingið því 28. desember það ár. Auk samþykktar fjárlaganna voru gerðar breytingar á lögum um stjórn fiskveiða og söluskatt.

Tvö mál voru rædd á þingfundi 29. desember 1958. Voru bæði tilkomin vegna óafgreiddra fjárlaga. Annað snerist um bráðabirgðafjárgreiðslur úr ríkissjóði en með hinu var ráðherra veitt heimild til að fresta ákvörðun framlaga og iðgjalda til almannatrygginga þar til afgreitt úr fjárlaganefnd í gær. Ósamkomulag er milli stjórnarliða og stjórnarandstæðinga og því allt eins viðbúið að umræður um málið taki drjúgan tíma. Þingsköp koma þó í veg fyrir að ræðumenn geti talað að vild. - bþs



**ANDSTAÐAN** Stjórnarandstaðan hefur barist gegn samkomulagi stjórnvalda um Icesave.


INDEPENDENCE IS A STATE OF MIND
RAYMOND WEIL
GENEVE

Noemia
Mother-of-pearl dial and
Stainless steel case with diamonds
Crown with midnight blue dome
Sapphire crystal
www.raymond-weil.com
Upplýsingar um útsölustaði á
www.raymond-weil.com

# JÓLATILBOÐ

FÆST Í 2 LITUM

Dantax

**Dantax RR303SV**
FERÐATÆKI með vönduðum CD spilara, 2 hátölurum, FM/AM útvarpi ofl.

VERÐ ▶ 7.990
FRÁBÆRT VERÐ

2GB MP3

GRUNDIG

**Grundig MPAXX920**
Ótrúlega lítill og nettur MP3 SPILARI með 2GB minni. Vandaðir eyrnatappar fylgja.

VERÐ ▶ 6.990
FRÁBÆRT VERÐ

2GB MP3

GRUNDIG

**Grundig MPIXX1200**
Flottur MP3 SPILARI með 1,8" litaskjá og útvarpi. 2GB minni og hægt að auka minni með SD korti.

VERÐ ▶ 10.990
FRÁBÆRT VERÐ

Dantax

**Dantax Casino Portable**
FM FERÐAÚTVARP með hleðslurafhlöðu, Aux inng. og heyrnartólstengi. Skvettuhelt.

VERÐ ▶ 14.990
FRÁBÆRT VERÐ

OLYMPUS

**Olympus 8X21DPCI**
VASASJÓNAUKI með 8x stækkun og 21mm glerjum. Taska fylgir.

TILBOÐ ▶ 8.990
FULLT VERÐ kr. 11.990

MIKIÐ ÚRVAL SJÓNAUKA OG STJÖRNUSJÓNAUKA

JBL

FÆST Í 2 LITUM

Ath. iPod fylgir ekki

**JBL ONSTAGE MICRO**
HÁTALARAR með innb. 30w magnara og fjarstýringu, iPod vöggu, Aux tengi fyrir MP3,CD ofl.

TILBOÐ ▶ 19.990
FULLT VERÐ kr. 21.990

FÆST Í 5 LITUM

Nikon

**Nikon S220**
10 millj. punkta uppl., 2,5" LCD skjá, NIKKOR linsu, 4x fókusvörn, 3x Optical og 7x Digital Zoom, rafrænni titringsjöfnun, hreyfiskynjun, besta mynd valin, blikkþrófun, brosstilling, háþróuð AF-andlitsstilling, D-lýsing skugga, hreyfimyndatöku, Ísl. leiðarvísir ofl.

TILBOÐ ▶ 32.990
FULLT VERÐ kr. 34.990

2,7"

JVC

**JVC GZMS120S**
Digital TÖKUVÉL með innb. kyrrmyndavél, 2.7" LCD skjá, 35x Optical / 40x Dynamic Zoom / 800x Digital Zoom, Laser Touch viðmóti, 1/6" CCD upptökuflögu, Konica Minolta F1.8 linsu, MicroSD rauf, USB, A/V út ofl. Þyngd aðeins 290g.

TILBOÐ ▶ 59.990
FULLT VERÐ kr. 64.990

TOSHIBA DVD

**Toshiba SD291**
DVD SPILARI með USB, DTS, Scart, Digital Coaxial, Composite og RCA tengi. DivX, XviD, MPEG1-3, JPEG, Dolby Digital. PAL og NTSC.

TILBOÐ ▶ 12.990
FULLT VERÐ kr. 14.990

MEÐ USB

FÆRÐU VINYL PLÖTUR YFIR Á STAFRÆNT FORM

Dantax

**Dantax USB5**
DJ PLÖTUSPILARI með innbyggðum formagnara og USB Plug & Play tengi. 10% Pitch stýring. Styður bæði 33 og 45 snúninga plötur. RCA Phono/Line út.

VERÐ ▶ 34.990
FRÁBÆRT VERÐ

JVC

**JVC UXDM8**
40w Digital RMS MÍKRÓSAMSTÆÐA með CD/MP3 spilara, útvarpi með minnum, Active Hyper-Bass PRO, Oblique Hybrid Cone hátalarar og K2. Upptaka úr útvarpi, iPod, CD og Aux yfir í innb. minni (allt að 500 lög). Færsla úr minni yfir á USB. iPod vagga og tengi fylgir. USB 2.0 og Aux að framan.

TILBOÐ ▶ 69.990
FULLT VERÐ kr. 99.990

Panasonic DVD

**Panasonic SCPT470**
Fjölkerfa 1000w Digital HEIMABÍÓ með iPod vöggu, DVD, Progressive scan, 5 hát. og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro-Logic II, FM útv. með minnum, vídeó uppskölun í 720p/1080i/1080, Viera Link, HDMI og Phone útg., Digital Inn ofl.

TILBOÐ ▶ 89.990
FULLT VERÐ kr. 99.990

22" DVD INNBYGGÐUR DVD SPILARI

UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1680x1050 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**

TILBOÐ ▶ 69.990
FULLT VERÐ kr. 79.990

32" ACTIVE VISION 2 HDMI

TOSHIBA

**Toshiba 32AV603PG**
32" LCD BREIÐTJALD með 1366x768p uppl, Active Vision, 18.000:1 skerpu, HD-Ready 720p, 20w Stereó hljóðkerfi, 2 Scart, 2 HDMI, VGA, Component, Composite, heyrnatólstengi ofl.

TILBOÐ ▶ 109.990
FULLT VERÐ kr. 139.990

42" Vreal4 DVB-T 100Hz SKERPA 2.000.000:1

Panasonic

**Panasonic TXP42C10Y**
42" Plasma BREIÐTJALD með 1024x768p uppl., 100Hz, 24p, Vreal 4, Real Black Drive 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, Sub Pixel Control, Viera Link, DVB-T stafr. móttakara, kortalesara, 2 Scart, 2 HDMI, Comp., CI rauf, SVHS, CVBS ofl.

TILBOÐ ▶ 179.990
FULLT VERÐ kr. 249.990

42" Perfect Pixel HD ENGINE 80.000:1 FULL HD DVB-T NetTV ambilight

PHILIPS

**Philips 42PFL8404H**
42" Full HD LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., 100Hz Clear LCD, Ambilight Spectra, Pixel precise HD, HD Natural Motion, 3ms svartíma, dýnamískri 80.000:1 skerpu, stafr. DVB-T móttakara, Net TV, YouTube, DLNA vafra, USB, 4x HDMI, RCA, VGA ofl.

TILBOÐ ▶ 319.990
FULLT VERÐ kr. 359.990

## OPIÐ TIL KL. 23:00 Í KVÖLD

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Smárabær, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Nettó, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

# EINFALDLEGA MEIRA ÚRVAL UM JÓLIN

## OPIÐ
í kvöld
til 23:00

*Frábært úrval af kryddjurtum...*







## Gæða hangikjöt
*í suðupoka*

*Við viljum vera viss um að gæði kjötsins haldist óskert alla leið á diskinn þinn. Þess vegna setjum við hangikjötið í suðupoka.*
*Þannig haldast öll bragðgæði kjötsins betur og gæðin koma skemmtilega á óvart.*



*Skreyttu eftirréttadiskinn með lítilli sneið!*




## Jói Fel ostakaka
*Himneska ostakaka úr úrvals hráefni, tilvalinn desert yfir hátíðarnar!*





*ferskt með flugi!*




Gildir á meðan birgðir endast.


Allt í hátíðarmatinn
í einni ferð!
Besti hryggurinn
að mati landsliðs matreiðslumeistara
Við fengum kokkalandsliðið til að taka út nýja hamborgarhrygg Hagkaups. Dómar landsliðsins eru einróma - þetta er besti hryggur sem það hefur smakkað!
SALT MINNI
Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!
HAGKAUP
Hangikjöt
í suðupoka
HAGKAUP
Hamborgarhryggur
Sérvalinn úr nýju hráefni
Villibráð í úrvali!
Villigæsabringur
Kengúra
Strútskjöt
Grágæs
Krónhjörtur
Skógardúfa
Zebrasteik
Andabringur
Frönsk berberieönd
Hreindýr
Jói FEL
Ostakaka
eð appelsínusúkkulaði
fyrir 6-8 manns
frábært úrval af sveppum!
Portabello sveppir
Shitake sveppir
Eringi sveppir
Heksen sveppir
Íslenskir sveppir
Enoki sveppir
Beach garic sveppir
Móætis sveppir
Smjörsprautað kalkúnaskip
tilbúið beint í ofninn!
50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fólst efnahagsundrið í vafasamri nennu?

## Vafningar

**BJÖRN ÞÓR SIGBJÖRNSSON SKRIFAR**

Vafningur hét félag. Það keypti annað félag að nafni SJ Properties MacauOneCentral HoldCo ehf. af SJ-fasteignum. SJ Properties MacauOneCentral HoldCo ehf. átti Drakensberg Investment Ltd. sem átti fjárfestingarverkefnið One Central sem fólst í kaupum á 68 íbúðum í byggingunni Tower 4 í Makaó í Kína. Sjóvá átti SJ-fasteignir. Milestone átti Sjóvá. Eigendur Vafnings voru SJ2, Skeggi og Máttur. Sjóvá og bræðurnir Karl og Steingrímur Wernerssynir áttu SJ2. Bræðurnir áttu Sjóvá í gegnum félag sitt Milestone. Skeggi var í eigu SJ2, Hrómundar, Hafsilfurs, BNT og Sátts. Einar Sveinsson átti Hrómund, Benedikt Sveinsson átti Hafsilfur. Þeir Sveinssynir áttu bróðurpart BNT sem aftur átti N1. Guðmundur Ólason, forstjóri Milestone, átti Sáttan. Máttur var í eigu SJ2, Hrómundar og Hafsilfurs. Einar Sveinsson og Karl Wernersson voru stórir hluthafar og stjórnarmenn í Glitni: Karl í gegnum félagið Þátt International og Einar í gegnum Hrómund og í eigin nafni. Glitnir lánaði Milestone til að kaupa Sjóvá. Sjóvá lánaði Vafningi til að kaupa SJ Properties MacauOneCentral HoldCo ehf.

Þessar upplýsingar eru fengnar úr DV, sem fjallaði í nokkrum greinum um viðskiptin og þá helst aðkomu Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokksins, að þeim.

Hér verður ekki fjölyrt um þátt Bjarna í þessu vafstri öllu en eflaust fær það sinn kafla í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis um hrunið. Sjóvá fór jú á hausinn. Á hinn bóginn þarf ekki að koma á óvart að Bjarni tengist viðskiptagjörningum. Það eru kunnar staðreyndir að hann var stjórnarformaður BNT og að fjölskylda hans hefur fengist við ýmiss konar sýsl með peninga í gegnum árin.

Það eru aðferðirnar sem hér eru leiðarstef. Tuttugu félaga flækja er á milli íbúðanna í Kína og mannanna sem stóðu að kaupunum á þeim. Þessi háttur þótti eðlilegur í viðskiptunum; eignarhaldsfélög á eignarhaldsfélög ofan með veð hér, lán þar og viðskiptavild fyrir milljarða, eignarhluta hvert í öðru og helst sjálfu sér líka og ábyrgðirnar engar nema félagsins sem var svo ekki annað en skuldirnar.

Við þekkjum líka Baug, Gaum, 365, Rauðsól, Sýn og 365 miðla sem Jón Ásgeir ýmist fór eða fer fyrir. Björgólfarnir voru með sín Samson Global Holdings og Samson eignarhaldsfélag sem greiddi til Opal Global Invest sem lánaði Bell Global Lux sem fjárfesti í uppbyggingu á hafnarsvæði Pétursborgar og lánaði líka Björgólfi eldri fyrir kaupunum á Árvakri.

Dæmin eru óteljandi.

Einhvern veginn urðu þessi ósköp til og þegar upp verður staðið kemur kannski á daginn að íslenska efnahagsundrið sem Hannes Hólmsteinn og Ólafur Ragnar kepptust við að mæra í nafni embætti sinna var ekki annað en nenna til að stofna eignarhaldsfélög. Við þurfum ekki að bíða nema í rúman mánuð í viðbót til að fá á hreint hvað það var í viðskiptaumhverfinu sem gerði það að verkum að fólk og fyrirtæki þöndust út og sprungu að lokum í loft upp með þeim afleiðingum að eftir situr þjóð í efnahagslegum sárum. Rannsóknarnefndarskýrslan mun færa okkur heim sanninn um þetta allt saman.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Einar Ben.
RESTAURANT & BAR

Skötuveisla

í hádeginu frá 12:00 til 14:00.

Okkar árlega Þorláksmessuskata á aðeins. 3.490.-
Kæst Skata, Tindabikkja og Saltfiskur. Allt kemur á borðið til þín og þú borðar eins og þú getur í þig látið. Láttu þennan þjóðlega sið ekki fram hjá þér fara

Borðapantanir í síma 511-5090.
Einar Ben restaurant - Veltusund 1

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Bara konur

Um áramót tekur Ingibjörg Benediktsdóttir við sem forseti Hæstaréttar. Þá ber svo við að handhafavald forsetavalds Íslands verður í fyrsta sinn eingöngu í höndum kvenna í forföllum forsetans. Hinir tveir handhafar forsetavaldsins eru Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis.



### Verðlaun

Ungir jafnaðarmenn veittu félagshyggjuverðlaunin í fjórða sinn í gær. Verðlaunin eru veitt þeim sem hafa stuðlað að betra samfélagi, að mati Ungra jafnaðarmanna. Í ár féllu þau í skaut Þórdísar Elvu Þorvaldsdóttur, höfundar bókarinnar Mannamál, og verkefnið Skólastoð.



### Prakkarastrik

Grallaraspóar reyndu þó að setja strik í reikninginn. Skömmu fyrir verðlaunaafhendingu barst fjölmiðlum fölsk fréttatilkynning úr netfangi eignuðu einum dómnefndarmanna. Þar stóð að verðlaunin hefðu fallið Saving Iceland í skaut fyrir að „vekja Íslendinga til meðvitundar um mikilvægi umhverfisverndar" og fyrir að hafa „orðið Samfylkingunni að hvatningu til að líta í eigin barm og grípa til róttækari aðgerða en flokkurinn hefur áður viðhaft". Það hefði líklega verið þversagnakenndasta verðlaunaafhending síðan Andri Snær Magnason hlaut Frelsisverðlaun SUS um árið fyrir Draumalandið.

bergsteinn@frettabladid.is

# Áfram svo, koma svo



ELLERT B. SCHRAM

**Í DAG** | Endurreisn Íslands

Nú er rétt um ár liðið frá því að ég sat á Alþingi og gegndi því starfi frá morgni til kvölds að takast á við hrun samfélagsins. Það voru ekki góðir dagar, nema þá að einu leyti, að menn lögðu nótt við dag, allir sem einn, jafnt á þingi sem í stofnunum stjórnsýslunnar og út í þjóðfélaginu, að slökkva þá elda sem alls staðar loguðu.

Ef ég hefði ekki verið alinn upp við þá kenningu að karlmenn beygðu ekki af, þá hefðu mörg tár fallið á svefnlausum nóttum þessa dimma skammdegis sem grúfði yfir land og þjóð. Við sem sátum á þingi fundum til ábyrgðar og sektarkenndar, upplifðum kvíðann og óttann í samfélaginu innan sem utan dyra Alþingishússins og satt að segja var allt í fullkominni óvissu hvernig okkur mundi reiða af. Þetta var slagur upp á líf og dauða. Og það mega alþingismenn þessa dapurlega svartnættis eiga, að þeir stóðu saman, stóðu saman um neyðarlögin, um brýnustu úrlausnarefnin.

Nú er rúmlega ár liðið frá þessum örlagatíma og enn hefur húsið ekki hrunið yfir okkur og raunar bendir margt til að við getum náð okkur upp úr kreppunni, fyrr en ella. Það er margt jákvætt að gerast. Og lífið hefur haldið áfram, þrátt fyrir mörg áföll og hrunadans.

Ég leyfi mér að fullyrða að mestu hafi þar um ráðið að Íslendingar hafa gert sér grein fyrir vandanum og þjappað sér saman. Á förnum vegi hitti ég marga, sem eiga eflaust um sárt að binda og enn aðra sem hafa riðað til falls. En almennt talað er jákvæður tónn ríkjandi í samfélaginu. Það er baráttuhugur í fólki, það brosir á móti, réttir úr sér og telur kjark í viðmælendur sína. Alls staðar er verið að skera niður og hækka skatta og almenningur tekur því af karlmennsku.

„Áfram svo, koma svo." Þetta er herhvötin sem ég þekkti í íþróttunum í gamla daga, þegar á móti blés. Samtakamáttur, forysta, sigurvilji. Það eru forsendurnar til að leikurinn vinnist og þessi mórall og hann einn er sá grundvöllur sem við getum byggt á. Hann er líftaugin okkar. Ég hrósa ríkisstjórninni fyrir heiðarlega og dugmikla viðleitni að takast á við endalaus vandamál. Ég klappa fyrir skilanefndum og stjórnsýslunni allri fyrir frámúrskarandi björgunaraðgerðir og atvinnurekendum og verkalýðshreyfingunni fyrir þolgæði og úthald og síðast en ekki síst tek ég ofan fyrir almenningi, þessum venjulega íslenska raunsæismanni, sem skilur erfiðleikana og horfist í augu við þá. Það er verið að reyna að bjarga því sem bjargað verður og við erum farin að sjá ljósið fram undan.

*„Áfram svo, koma svo." Þetta er herhvötin sem ég þekkti í íþróttunum í gamla daga, þegar á móti blés. Samtakamáttur, forysta, sigurvilji.*

En það er á einum vinnustað, á Alþingi sjálfu, sem þessi samstaða hefur brostið. Þar hefur hver höndin verið upp á móti annarri. Það er þyngra en tárum taki að fylgjast með þeirri umræðu allri. Það mætti halda að hópur þingmanna skilji ekki eða vilji ekki skilja að þessi barátta sem íslenska þjóðin heyr nú við hruninu snýst ekki um flokka og dilka. Hún snýst um þjóðarhag.

Icesave-málið er stóra þrætueplið. Auðvitað er ég í hópi þeirra sem vildu losna undan þessu skuldafargi. En hvað ef við neitum að borga eða semja? Hver er valkosturinn? Hvað þá?

Er það leið til endurreisnar að neita að horfast í augu við þann veruleika að alþjóðasamfélagið segi lok, lok og læs ef við neitum að borga eða semja? Traust til Íslands þverr og lánalínur lokast. Hvað þýðir það? Áframhaldandi gjaldeyrishöft, veiking krónunnar, annað gengisfall, vaxandi atvinnuleysi, kaupmáttarrýrnun og hugsanlega gjaldþrot ríkisins og þar með þjóðarinnar. Svo þarf varla að minnast á það, að núverandi ríkisstjórn hlýtur að segja af sér, ef málið er fellt eða ef forseti Íslands vísar því til þjóðaratkvæðagreiðslu. Þurfum við á því að halda að hér fari allt í lamasess og biðstöðu meðan beðið verður eftir nýjum kosningum og nýrri ríkisstjórn?

Af hverju er þetta ekki sagt upphátt og afdráttarlaust? Viljum við fara þessa leið?

Nú þegar sól fer að hækka á lofti og nýtt ár gengur í garð er það von mín og bón að við leggjum kalt, raunsætt mat á málið og afgreiðum það. Og snúum okkar að uppbyggingu og endurreisn, í takt við þarfir þjóðarinnar. Stöndum saman, leggjumst öll á árarnar og ný betri sýn mun blasa við. Áfram svo, koma svo.

Með jóla- og baráttukveðjum.

# Ríkisstjórnin fann breiðu bökin

**UMRÆÐAN**

Einar K. Guðfinnsson skrifar um aðgerðir ríkisstjórnarinnar



EINAR KRISTINN GUÐFINNSSON

Ríkisstjórnin segist vilja finna breiðu bökin til þess að bera hærri skatta og hlífa öðrum. Afraksturinn sem við sjáum nú í nýjum skattalögum sýnir að stjórnin er ekki mjög fundvís á þessa hluti. Skattarnir hækka hjá öllum, líka þeim sem hafa lægstu launin. Og í sumum skattalagabreytingum virðist ríkisstjórninni hafa lánast það að slæma högginu einkanlega þar sem síst skyldi. Nýju lögin um orku- og auðlindaskatta eru dæmi um þetta.

Þar virðist ótrúlega margt gert með öfugum klónum, eins og neðangreind dæmi sýna:

1. Þetta eru ekki eiginlegir orku- né auðlindaskattar. Þetta eru bara skattahækkanir í dulargervi þar sem óorði er komið á umhverfismál í leiðinni.

2. Eldsneytisskattar og kolefnisgjöld hækka eldsneyti, bensín og olíu. Þessi gjöld hækka um allt að 50% á þessu ári. Þetta bitnar einkanlega á flutningskostnaði á landsbyggðinni. Þar með hækkar vöruverðið sérstaklega á landsbyggðinni, þar sem það er þó oft hæst fyrir.

3. Gjaldtökuaðferð ríkisstjórnarinnar er þannig samansett gagnvart hitaveitum, að það leiðir til mestrar hækkunar þar sem verðið er hæst fyrir. Enn er það landsbyggðin sem blæðir.

4. Gjöldin hækka mjög rekstrarkostnað fjölskyldubíls, sem almenningur getur ekki verið án. Ný skattlagning á þessu ári eykur rekstrarkostnaðinn um 40 til 50 þúsund krónur á venjulegum bíl.

5. Að mati þeirra sem gleggst þekkja til, er nýi skatturinn þungt högg á nýsköpunarfyrirtækin, sem ríkisstjórnin þykist þó styðja. Sem sagt ekkert að marka þær stuðningsyfirlýsingar.

6. Þessi skattlagning skerðir samkeppnisstöðu útflutningsgreina okkar, sjávarútvegs og iðnaðar til dæmis, en hjálpar útlendu fyrirtækjunum sem við keppum við. Stuðlar því að fækkun starfa.

7. Gjaldtakan bitnar mjög á ferðaþjónustunni, hækkar fargjöld, fælir erlenda ferðamenn frá landinu og skerðir þannig útflutningstekjur og atvinnusköpun. Ferðalög Íslendinga verða dýrari.

Allt þetta kallar ríkisstjórnin að skattleggja breiðu bökin og félagslegt réttlæti. Einkennileg er hennar réttlætiskennd.

*Höfundur er alþingismaður.*

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# ÞAÐ ER EINFALDLEGA ÓDÝRARA AÐ VERSLA Í BÓNUS

Sama vöruverð í verslunum Bónus um land allt
Lægsta vöruverð í 20 ár

**Afgreiðslutími í dag: 10:00 til 22:00**




**Fyrirtæki og starfsmannafélög !**

Rafræna Bónus gjafakortið er góð jólagjöf.

Þú kaupir inneign á kortið að eigin vali

Gjafakortið fæst á skrifstofu Bónus Skútuvogi 13 s. 588 8699

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

# Fyrirmyndarlottó – fyrir hverja?

UMRÆÐAN

Eiður Svanberg Guðnason skrifar um Lottó



EIÐUR SVANBERG GUÐNASON

Sá sem þetta skrifar hefur greinilega komið við kaunin á forystumönnum þeirra hreyfinga, sem skipta með sér Lottógróðanum. Þegar það var orðað í allri hógværð fyrir nokkru, að tímabært væri að endurskoða það fyrirkomulag, sem verið hefur við lýði í 23 ár um skiptingu hagnaðarins af Lóttóinu, þá rignir inn greinum á síður Fréttablaðsins frá forystumönnum þeirra samtaka, sem njóta Lóttógróðans.

Ákvörðun um það fyrirkomulag sem nú gildir tóku fulltrúar þriggja stjórnmálaflokka á næturfundi í þingflokksherbergi Alþýðubandalagsins í mars 1986. Því fyrirkomulagi var ekki ætlað að standa til eilífðarnóns. Ef svo hefði verið, hefði heimildin til að reka talnagetraunir ekki verið tímabundin.

Formaður Ungmennafélags Íslands sendir mér kveðju í Fréttablaðinu 18. desember. Formaðurinn svarar í engu því sem ég hef sagt um byggingabrask UMFÍ í miðborg Reykjavíkur.

Hversvegna þarf UMFÍ að reisa stórbyggingu í miðborginni? Hversvegna ætlaði UMFÍ í samstarf við Icelandair þar sem fyrrverandi ráðherra Framsóknarflokksins réði ríkjum? Þessu hefur ekki verið svarað. Það væri gott framlag í þessa umræðu, ef formaður UMFÍ svaraði þessu en líklega vill UMFÍ sem minnst um þetta ræða.

Einhverra hluta vegna kýs formaður UMFÍ að blanda fyrri störfum mínum í það sem ég hef verið að skrifa um Íslenska getspá, Lottóið. Þetta tvennt er allsendis óskylt. Það er hægt að gagnrýna störf mín á Alþýðublaðinu, í Sjónvarpinu, á Alþingi og í utanríkisþjónustunni. Þau störf eru þessu máli allsendis óviðkomandi. Það er enn fremur fjarri öllu lagi að ég hafi „ráðist að öllu því góða fólki sem hefur unnið og er að vinna innan ungmennafélagshreyfingarinnar“, eins og formaðurinn kýs að orða það. Það er meira en langsótt, að gagnrýni á ákvarðanir forystu UMFÍ sé að ráðast gegn öllum sem vinna fyrir þessa hreyfingu! Það er auðvitað fjarstæða og til þess eins sagt að leiða athyglina frá kjarna málsins.

Undirritaður hefur beint spurningum til forstjóra Íslenskrar getspár. Þeim var ekki svarað vegna þess að Íslensk getspá þarf ekki að svara spurningum frá „fólki úti í bæ“. Ég sætti mig ágætlega við að vera „fólk úti í bæ“. En ég sætti mig ekki við að neitað sé að upplýsa um ráðstöfun opinbers fjár.

Nú væri fróðlegt fyrir lesendur Fréttablaðsins að heyra svör formanns UMFÍ við því hversvegna ekki megi ræða það, að til dæmis langveik börn, krabbameinssjúklingar, hjartveikir, eða geðfatlaðir eigi sæti við borðið þar sem hagnaði af einkaleyfisreknum talnagetraunum er skipt.

Ef undan er skilið Öryrkjabandalagið, er þetta fé þá eingöngu ætlað fullfrísku fólki sem leggur stund á íþróttir, til að greiða íþróttamönnum, innlendum sem erlendum og þjálfurum laun og greiða niður golfiðkan?

Nú ætlar sá sem þetta skrifar að láta nótt sem nemur og ekki skrifa meira um þessi mál fyrr en ef til vill á nýju ári. Þessi skrif hafa skilað tilætluðum árangri. Umræðan er rétt að byrja. Það er gott.

*Höfundur er fyrrverandi alþingismaður.*

# Ljósið í myrkrinu

UMRÆÐAN

Berglind Kristinsdóttir skrifar um Ljósið



BERGLIND KRISTINSDÓTTIR

Ljósið endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur þeirra á Langholtsvegi 43, hefur nú verið starfrækt í 4 ár. Þar sem áður var útibú Landsbankans er nú starfræktur „Gleðibankinn“. Lítið hefur farið fyrir starfi okkar í fjölmiðlum enda starfar þar fólk sem ekki er að berja sér á brjóst, né að upphefja sig á nokkurn hátt. En orðrómur metnaðarfulls og faglegs starfs Ljóssins hefur borist manna á milli, þá sérstaklega þeirra sem nýtt hafa sér þjónustu þess á einhvern hátt.

**Að taka virkan þátt í lífinu**

Þeim fjölgar dag frá degi sem komast í kynni við Ljósið, því þriðji hver landsmaður greinist með krabbamein einhvern tímann á lífsleiðinni. Þegar það gerist verður umbylting á daglegri iðju einstaklingsins og fjölskyldu hans, en þá sem aldrei fyrr reynir á stuðning frá umhverfinu og endurhæfingu. Að greinast með krabbamein setur af stað ákveðið breytingarferli hjá einstaklingnum. Hver og einn þarf að laga sig að breyttri lífssýn. Í Ljósinu gefst einstaklingum kostur á að fá stuðning við það, bæði frá fagaðilum Ljóssins og frá öðrum Ljósberum (þeir sem taka þátt í starfinu). Að hafa tækifæri til að taka virkan þátt í lífinu þrátt fyrir veikindi eða örorku er skilgreint sem heilsa samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Ljósið veitir krabbameinsgreindum einstaklingum þetta tækifæri.

Hinn 29. nóvember síðastliðinn var haldin handverkssala í Ljósinu á Langholtsvegi 43. Ég, ásamt fleiri Ljósberum, var svo heppin að taka þátt í þessum skemmtilega degi. Salan fór fram úr björtustu vonum. Þegar ég lagðist til hvílu um kvöldið gat ég ekki sofnað því djúpt frá hjartarótum fann ég fyrir svo mikilli gleði,

*Að hafa tækifæri til að taka virkan þátt í lífinu þrátt fyrir veikindi eða örorku er skilgreint sem heilsa samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni. Ljósið veitir krabbameinsgreindum einstaklingum þetta tækifæri.*

þakklæti og stolti yfir þessum frábæra degi. Ég fann mig knúna til að skrifa í Fréttablaðið því allir landsmenn verða að fá að vita af þessu merka starfi. Jákvæðnin, samheldnin og velvildin var nánast áþreifanleg þennan dag og langar mig sérstaklega að þakka öllum Ljósberum og velunnurum sem allir gáfu vinnu sína, handverk og/eða mættu með kökur á söluna. Að hugsa til allra Ljósberanna og velunnara sem hver og einn voru með ákveðið hlutverk, lögðu sitt af mörkum til að gera daginn ógleymanlegan.

**Með viljann að vopni**

Við Íslendingar erum ótrúlega öflugir, þrautseigir, magnaðir og getum lyft grettistaki með viljann að vopni. Allt þetta fallega handverk sem unnið var í endurhæfingunni með það að markmiði að efla sig og styrkja var nú komið á flottasta handverksmarkað sem ég hef séð. Kvennakór Kópavogs söng fyrir okkur og kvartett frá Sinfóníuhljómsveit Íslands gerði stemninguna enn hátíðlegri. Allir þessir aðilar trúa á matt Ljóssins og vilja hjálpa að halda lífi í Ljósinu, að láta Ljósið skína. Ég er stolt af því að taka þátt í þessu frábæra starfi sem Erna Magnúsdóttir iðjuþjálfi er hugmyndasmiður að. Starfsemi Ljóssins er byggð á hugmyndafræði iðjuþjálfa. Starfsemin á sér ekki fyrirmynd í heiminum og erum við því sannir brautryðjendur og fyrirmynd annarra þjóða að viðlíka starfi, íslenskt hugvit. Að vera brautryðjandi og frumkvöðull getur oft á tíðum reynst erfitt og mörg ljón verða á veginum, en þeim mun sætari eru sigrarnir.

Þegar maður upplifir að öflug hugmyndafræði iðjuþjálfa á borð við valdeflingu þar sem styrkleikar hvers og eins eru nýttir á árangursríkan hátt, virka ekki bara í orðum heldur líka í gjörðum, getur maður ekki annað en verið mjög stoltur. Að vinna að eldmóði að því sem maður gerir dags daglega og finna að byrinn er með manni er magnað.

*Höfundur er iðjuþjálfi og starfar hjá Ljósinu.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

# Fyrir hverja eru húsaleigubætur?

UMRÆÐAN

Kristinn Þór Sigurjónsson skrifar um húsaleigubætur



KRISTINN ÞÓR SIGURJÓNSSON

Fyrir 12 árum voru lög um húsaleigubætur samþykkt á alþingi með 58 atkvæðum. Frumvarp til þessarar lagasetningar var sett fram, vonandi í þeirri trú að þessi lög myndu jafna aðgengi fjölskyldna að hentugu húsnæði. En markmið laganna samkvæmt 1. gr. „er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaði“. Tilgangur þessara laga var því nokkuð göfugur, en mögulega eitthvað vanhugsaður.

Ef litið er til þróunar húsaleigu á almennum markaði frá gildistöku laganna verður það skýrt hverjum sem það vill sjá að þessar bætur renna ekki til tekjulágra fjölskyldna. Þess í stað færist hluti af skatttekjum hins opinbera í vasa þeirra efnameiri. Leiguverð á almennum markaði hefur hækkað hlutfallslega meira á umræddum tíma en þær vísitölur sem helst er hægt að miða við. Á þessum tíma hefur byggingavísitala hækkað um 121%, vísitala neysluverðs til verðtryggingar hefur hækkað um 96% og fasteignaverð í Reykjavík hefur hækkað um 207%. Við gildistöku laganna var meðal leiga á 3 herbergja íbúð í Reykjavík um 33.000 og ef hún myndi fylgja ofangreindum vísitölum ætti sambærileg leiga í dag að vera á bilinu 65-100.000 kr. Samkvæmt lauslegri könnun telst meðalleiga á 3 herbergja íbúð í dag vera um 120.000 kr. sem er 20-55.000 (20-85%) krónum umfram rökstudda hækkun. En af hverju hefur húsaleiga hækkað svona umfram það sem eðlilegt getur talist? Einn þáttur sem undirritaður telur að eigi þátt í þessari þróun er sú staðreynd að á sama tíma hefur „innkoma“ leigutaka hækkað sem nemur húsaleigubótum. Húsaleigubæturnar fara með öðrum orðum beina leið til leigusalans. Þannig er í raun ekki verið að aðstoða leigutakana og enn síður verið að jafna aðstöðumun. Í raun var búið til kerfi sem hækkar greiðslugetu eftirspurnarhluta leigumarkaðarins til hagsbóta fyrir framboðshlutann. Þannig hefur lagafrumvarp sem var sett fram í þeim tilgangi að jafna hlut tekjulágra hækkað leigu á almennum markaði. Eftir sitja þeir sem eru á leigumarkaði og fá ekki fullar húsaleigubætur og þurfa því í raun að greiða hærri leigu en eðlilegt getur talist.

Ég ætla ekki að fara djúpt í það hvað eðlilegt leiguverð ætti að vera því ég tel best að framboð og eftirspurn ráði þar mestu óafskipt af hinu opinbera. Til viðmiðunar er ágætt að hugsa sér hver eðlileg ávöxtunarkrafa á fjárfestingu í fasteign sé. Ef litið er til langs tíma (20-30 ár) hækkar fasteign að jafnaði um 1-2% umfram verðlag. Ef miðað er við 5% ávöxtunarkröfu á 20 milljóna fjárfestingu í 3 herbergja íbúð í Reykjavík væri húsaleiga 80-100 þúsund að meðtöldum u.þ.b. 14.000 kr. í fjármagnstekjuskatt, sem er efni í aðra grein. Það lætur nærri að segja að meðalleiga á almennum markaði sé í dag þessi upphæð að viðbættum húsaleigubótunum. Sama hefur gerst þar sem hið opinbera er að blanda sér með styrkjum í það sem ætti að vera unnið á markaðslögmálum og ber þar helst að nefna vaxtabætur sem ganga beint inn í greiðslumat og leiða þar með til hærra fasteignaverðs.

*Höfundur er véltæknifræðingur og leigutaki.*


VÍK
vettlingar
Stærðir: XS-XL
Verð: 5.700 kr.



Léttir og liprir Power stretch® hanskar.

66° NORÐUR

HEIÐMÖRK
húfa
WOOLMARK
Verð: 5.500 kr.



Kláðafrí ull

Handprjónuð dömu húfa úr 100% Merino ull.

66° NORÐUR

VIÐEY
húfa
WOOLMARK
Verð: 5.800 kr.



Handprjónuð herra húfa með vindþéttu eyrnabandi að innan.
Einnig fáanleg í svörtu, gráu og hvítu.

66° NORÐUR

**VEGAGERÐIN** verður aðeins með þjónustu á jóla- og nýársdag á þeim leiðum sem hafa sjö daga þjónustu. Stefnt er að því að þá verði þessar leiðir almennt færar fyrir klukkan 10. Á aðfangadag og gamlársdag er gert ráð fyrir þjónustu til klukkan 14 en ef þörf krefur til klukkan 17. Frekari upplýsingar eru veittar í síma 1777.





FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar** **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447














Halla Gunnarsdóttir ákvað að skella sér í ferðalag eftir að hafa misst vinnuna tvisvar á stuttum tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Varð vitni að líkbrennu

**Halla Gunnarsdóttir ferðaðist til Indlands fyrir skömmu og þvældist vítt og breitt. Ásamt indverskri vinkonu sinni lærði hún meðal annars að þekkja muninn á lykt af brenndu líki og brenndum hnetum.**

„Á árinu 2009 varð ég þeirrar gæfu og ógæfu aðnjótandi að missa vinnuna tvisvar sinnum. Eftir seinna skiptið sagði ég við sjálfa mig að nú væri góður tími til að fara í ferðalag," segir Halla Gunnarsdóttir blaðamaður, þegar hún er innt eftir sögu úr eftirminnilegu ferðalagi.

Að sögn Höllu skorti hana þó algjörlega orku til þess að svo mikið sem skoða verð á flugmiðum. „En eftir þrjár vikur reis ég úr dvala og tilkynnti sambýlismanni mínum að ég ætlaði annaðhvort til Úganda eða Indlands. Það væri mjög gott ef hann gæti komið með en hann þyrfti helst að svara mér strax því ég ætlaði að drífa í að bóka flug. Hann hikstaði auðvitað aðeins en úr varð að við fórum ásamt sex ára gömlum syni hans til Indlands," segir Halla.

Í tvær vikur þvældust þau um landið, en ferðin varð þó styttri í kílómetrum talið en til stóð enda fengu þau öll magapínu. „Sá sex ára var hæstánægður með ferðina og eiginlega ótrúlegt hvað hann kippti sér lítið upp við það sem fyrir augu bar. Honum fannst villtu aparnir skemmtilegastir og auðvitað úlfaldarnir, geiturnar og allar þessar beljur. Þreyttastur varð hann á allri athyglinni sem hvítt barn fær á svona ferðalagi með tilheyrandi myndatökum og klípingum í kinnar."

Þegar feðgarnir fóru aftur til Íslands fór Halla á flakk með indverskri vinkonu sinni. „Hún hefur ferðast mjög takmarkað um sitt eigið land og til að mynda aldrei komið til Varanasi, sem er þó einn af helgari stöðum trúarbragða hennar, hindúisma, en þar rennur Ganges-fljótið í gegn. Við vorum varla komnar til borgarinnar þegar fyrsta líkfylgdin tók fram úr okkur. Við færðum okkur til hliðar í þröngu strætinu og horfðum á hóp karla bera lík, hulið slæðum, á börum niður að fljótinu. Þar var það brennt og öskunni dreift yfir fljótið," segir Halla.

„Niðri við fljótið er því ótrúleg blanda lífs og dauða," bætir hún við. „Fólk að baða sig eða þvo þvott, kýr á vappi, geitur og apar, pílagrímar og ferðamenn. Við það blandast þessi sérstaka lykt af líkbrennum. Og eitt af því sem ég lærði í þessari Indlandsferð var að þekkja muninn á lyktinni af brenndu líki og brenndum kasjúhnetum. Það er eitthvað sem ekki lærist á Íslandi," segir Halla. *kjartan@frettabladid.is*




# ;JÓLIN KOMA

**GÆLUDÝRIN** eru hluti af fjölskyldunni. Því skyldi ekki gleyma þeim um jólin og ekki úr vegi að stinga að þeim vænum bita.




MAXIWELL II NUDDARINN
- LÍTILL OG ÞÆGILEGUR
- HÆGT AÐ NOTA Á ALLAN LÍKAMANN
- LOSAR UM VÖÐVABÓLGU OG HARÐSPERRUR
- ENDURNÆRIR HÁLS, AXLIR, BAK OG FÆTUR
- STERKUR OG ENDINGARGÓÐUR
- TVEGGJA ÁRA VERKSMIÐJUÁBYRGÐ

WWW.LOGY.IS

LOGY EHF - SÖLUVAGN 1. HÆÐ KRINGLUNNI BEINT Á MÓTI VÍNBÚÐINI - SÍMI. 661 2580



Úrval af handsmíðuðum armböndum

ANNA MARÍA DESIGN GULLSMIÐUR

Skólavörðustígur 3
Sími 551 0036
www.annamariadesign.is



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Snorri, Garðar Thór og Jóhann Friðgeir verða í jólaskapi á Þorláksmessu þegar þeir taka lagið í Jólaþorpinu klukkan 21.

# Jólin hellast yfir mann

**Tenórarnir þrír munu eins og undanfarin ár troða upp í miðbænum á Þorláksmessu. Í þetta sinn hefja þeir upp raust sína í Jólaþorpinu á Hljómalindarreit þúsundum Íslendinga til mikillar ánægju.**

Jólatónleikar tenóranna þriggja eru fyrir löngu orðnir klassískir og fastir liðir í Þorláksmessuhefð margra. „Yfirleitt höfum við verið á svölunum á Sólon en þar sem mikil örtröð myndast á Laugaveginum þegar við byrjum að syngja var ákveðið að færa tónleikana á sviðið í Jólaþorpinu á Hljómalindarreit,“ segir stórsöngvarinn Jóhann Friðgeir Valdimarsson, sem mun hefja upp raust sína klukkan 21 á Þorláksmessu ásamt þeim Snorra Wium og Garðari Thór Cortes.

Segja má að Jóhann Friðgeir sé gamall í hettunni þegar kemur að Þorláksmessusöng. „Ég hef tekið þátt í þessu nánast frá upphafi, ætli það séu ekki að verða tíu ár,“ segir Jóhann sem hefur aðeins tvisvar þurft að sleppa ári úr.

Mikill fjöldi fólks safnast iðulega saman til að hlusta á tenórana. Er talið að allt upp í átta þúsund manns hafi hlýtt á jólalögin enda þétt mannhaf upp Laugaveginn og Skólavörðustíg. Það er þó ekkert nýtt fyrir Jóhanni sem hefur sungið á stórum fótboltaleikvöllum erlendis. „Maður er ekki endilega að spá í fjöldann en þetta er voða gaman og mikil stemning sem myndast. Jólin hellast bara yfir mann,“ segir hann.

En á hann uppáhaldsjólalag? „Ó helga nótt, er eina sanna jólalagið og mitt uppáhald,“ svarar hann. Hver tenór syngur minnst eina aríu en síðan syngja þeir saman nokkrar syrpur og fá að lokum fólkið til að syngja með sér lög á borð við Heims um ból.

Jóhann er inntur eftir því hvort hann fylgi einhverjum hefðum á Þorláksmessu. „Að norðlenskum sið förum við í heitt hangikjöt í hádeginu heim til mömmu minnar,“ segir hann og segist ekki vera vanur að borða skötu á Þorláksmessu þótt hún geti vissulega verið góð.

Söngur tenóranna hefst eins og áður sagði klukkan 21 í Jólaþorpinu en með Jóhanni Friðgeiri, Snorra og Garðari spilar Steinunn Birna Ragnarsdóttir á píanó. Áður en þeir stíga á svið verður ýmislegt á boðstólum á sviðinu. Til að mynda munu hljómsveitirnar Ourlives, Dikta og Hjaltalín taka lagið.

*solveig@frettabladid.is*


HÖNNUNARHÚSIÐ 2004/11

Sígræna jólatréð
— eðaltré ár eftir ár

Sígrænt eðaltré í hæsta gæðaflokki frá skátunum prýðir nú þúsundir íslenskra heimila.
- 10 ára ábyrgð
- 12 stærðir, 90 - 500 cm
- Stálfótur fylgir
- Ekkert barr að ryksuga
- Truflar ekki stofublómin
- Eldtraust
- Þarf ekki að vökva
- Íslenskar leiðbeiningar
- Traustur söluaðili
- Skynsamleg fjárfesting

550 9800
www.skatar.is

Sölustaður:
Skátamiðstöðin Hraunbæ 123

Bandalag íslenskra skáta



Frábært verð, mikið úrval gefðu Gjafabréf

Kínversk handgerð list
- Vasar
- Diskar
- Lampar
- Pottar
- Myndir
- o.m.fl.

Frábær jólagjöf á gamla genginu!

HEILSUDREKINN
Kínversk heilsulind

Jafnvægi fyrir líkama og sál
heilsumeðferð · heilsuvörur · dekur · leikfimi

veittu vellíðan gefðu gjafabréf

HEILSUDREKINN
Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is

## BÍLAR & FARATÆKI




FORD EXPLORER XLT 4WD SPORT. Árgerð 2004, ekinn 94 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 2.490.000. Rnr.123239.Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar.WWW.BÍLALÍF.IS

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**




Trygðu þér flottasta RR-Sport HSE fyrir jólin !! 06/2006 ek 56 þ.km FERRARI HV'ITUR 22" felgur m/sumar og 19" vetrardekk, Glæsilegt eintak hlaðinn búnaði verð 5,9 mil ath skipti uppl í s 864-8989 eftir lokun.

**Bílasalan Bílfang**
**Malarhöfða 2, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2000**
**www.bilfang.is**

SPORT X



Vespur frá 229.000 kr með skráningu full búð af frábærum og góðum Vespum sjáið fleiri tegundir á www.sportx.is

**Sport-X**
**Draupnisgötu 7, 600 Akureyri**
**Sími: 5642323 / 8976040**
**Verslun og viðgerðaþjónusta á staðnum**
**www.sportx.is**







**Vilt þú kaupa selja eða skipta ?**

Netbilar.is bjóða þér uppá eitt mesta úrval landins á bifreiðum og stórlækkaðan sölukostnað.Skráðu bílinn frítt á www.Netbilar.is sími 588-5300 eða kíktu við í Hlíðasmára 2. Netbilar.is bjóða betur

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**




RANGE ROVER SUPERCHARGED, árg.2007, ek. 21þús.km, 396 hö, sjálfsk, Stór glæsilegur umboðsbíll hlaðinn búnaði, Ásett verð 11800þús.kr! Tilboð 9900þús.kr, bíllinn er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

### Bílar til sölu



SRT8 Cherokee 05/'07. 420 hö. ek. 17þ. km. Sérlega fallegur! Verð 5,9m. Mjög gott stgr. verð. Uppl. í s. 695 4777.




Öflugir fjarstýrðir bílar fyrir alla aldurshópa í miklu úrvali. Opið í dag frá 10-23:00. Tómstundahúsið, Nethyl 2, sími: 5870600, www.tomstundahusid.is

### 0-250 þús.

Toyota Carina station 2.0 L árg '95 til sölu. Sjálfskiptur, Verð 190.000. Sími 893 0561.

### 250-499 þús.

Toyota Corolla LB árg '98, ek. 222 þús. Ný tímar, skoðuð í okt sl. Verð 380 þús. Uppl, s 892 7979.

Ford Fiesta 1,3 vél. Árg. '00, 4 dyra, beinsk. V. 400 þús. S. 661 3654.

### Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

### Vörubílar

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

### Vélsleðar




### Mótorhjól




**Haustútsala á vespum í stuttan tíma!**

50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

### Vinnuvélar

Óska eftir vinnuvélum og vörubílum til útflutnings. Ástand skiptir ekki máli, allt skoðað. Uppl. í s. 892 8909.

### Bátar

Jólagjafir frá 3900kr, www.gummibatar.is Kayak, siglingar, Jet-Ski, sjósund eða brimbrettasport? Jólagjöfin fæst hjá okkur. Fullt af vörum á síðu. Gúmmíbátar & Gallar,S:5711020



Haltu þér á floti í kreppunni ! Jólatilboð á frábærum gúmmíbátum. Samþyktir og öruggir og kosta aðeins 59.990,- á sérstöku jólatilboði. VDO Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

### Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf**
**S. 587 7659.**

Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**partabílar.is 770-6400**

Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, almera '99, Peugot 306 '98. Kia Spotage '00, Jeep Grand Cheroke 4,7 '99 Kaupum bíla í niðurrif.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**www.netpartar.is**
**Bílapartasala**

Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Partahúsið - S. 555 6666**

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

**VW, Skoda, Audi.**
**S. 534 1045**

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

### Bílaleiga

**Jólatilboð**

á bílaleigubílum. Verð frá 4900.- pr.dag Nordic bílaleiga S. 511 5660.

## ÞJÓNUSTA

### Veislusalir

Leigjum veislusal, með eða án veitinga. Rúmar 120 manns í sæti. S. 696 2242.

### Jólaskemmtanir




Erum með skemmtilegustu jólasveina landsins, sjáum um jólaskemmtanir frá a til ö. Hafðu samband í S. 692 6020 & 692 6010, gryla@jolasveinarnir.is

### Hreingerningar

**A-Ö Þrif & Hreinlæti**
**Sími 662 0 662**

Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.




Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

### Bókhald

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf slf.**

Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

### Húsaviðhald







**Lekur þakið ?**

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

### Stífluþjónusta




### Tölvur

**Tölvuviðgerðir frá Kr. 3900**

Við tengjumst við skjáinn þinn og leysum tölvuvandamálin. Nánar á www.midnet.is Opið 18-24 alla virka. Miðnet ehf. S 564-0690.

### Spádómar

**Steinunn 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður. Aðgát skal höfð í nærveru sálar.**
**Opið 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Árspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Skemmtanir

Leigjum út veislusal sem rúmar 120 í sæti. Fyrir þorrablót, giftingar ofl. Með eða án veitinga. Hestamannafélagið Gustur. Uppl. í s. 897 8573.

### Rafvirkjun




### Önnur þjónusta

**Nabozenstwo swiateczne**

Zapraszamy na nabozenstwo organizowane przez ewangelicznych chrzescijan w dn 26.12.09(sobota) o 16 w kosciele Akurinn przy ul. Nupalind 1 -okolice Elko Smáralind.

## KEYPT & SELT

### Til sölu




**GSM Þjófavarnir með myndavél**

Eigum eftir fáein sett eftir í sumarbústaði, á heimili og fyrirtæki. Innifalið gasskynjari, hurðaskynjari, hreyfiskynjarar og 2 fjarstýringar. Sendir viðvörun og myndir í GSM síma og tölvu. Einig getur þú fylgst með því sem er að gerast. Verð áður 69.000.- Verð nú 49.000.-



**Þjófavarnirnar komnar aftur!**

Nú einnig hægt að fá með reykskynjara. Þú velur 3 símanúmer sem þjófavörnin hringir í ef brotist er inn hjá þér. Eigum alla aukahluti. Verð 23.900.- Nú á jólatilboði 19.900.-

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

**Leigjendur, takið eftir!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

## Húsnæði óskast

3herb. ca.100fm. Traust - barnl./reykl. Lágm. 1 ár. Eing. snyrtilegar eignir koma til greina email 112rvik@gmail.com

Gott herb. til leigu í 105 Rvk. Sérinngangur, aðg. að eldhúsi og sturtu. S. 698 1093.

## Fasteignir

Óska eftir að kaupa fasteignir með miklu áhvílandi. Tilboð sendist á jardvegur@talnet.is

## Sumarbústaðir



**Þrastahólar Grímsnesi**
Snyrtilegt og nýstandsett 58fm sumarhús á góðri 5.500 fm eignarlóð. 100 fm sólpallur. Verðlækkun 12,2 Skoða skipti á bíl eða hjólhýsi. Uppl. í s: 898 1598.

## Atvinnuhúsnæði

TIL LEIGU 70m2 NÝL IÐNAÐARBIL Í GARÐABÆ GOTT PLAN GOTT AÐGENGI WC V85Þ S 8927858

Óska eftir að kaupa atvinnuhúsnæði með miklu áhvílandi. Tilboð sendist á jardvegur@talnet.is

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

stracta
CONSTRUCTION AND DEVELOPMENT

**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!**
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsfólk óskast strax á nuddstofu. Í nudd, afgreiðslu, hreingerningar og matseld. Íslensku og enskumælandi. Vinnutími 12-18. Uppl. s. 823 8280.



Sigga & Timo
GULLSMÍÐI
LINNETSSTÍGUR 2 · SÍMI 565 4854
WWW.SIGGAOGTIMO.IS

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

**Menningasetur Múslima á Íslandi**
Menningarsetur Múslima á Íslandi will carry out the annual meeting, this annual meeting will take place at 14:00 pm, on the 25 of Desember in the local Grensásvegur 8, 108 Reykjavík.

## Einkamál

**Símadömur 908 1616**
**Við erum til fyrir ykkur, hringdu, við bíðum!**

**Elskum að daðra.**

**908 1616.**

## Tilkynningar

**Nýr Landspítali við Hringbraut**
**Hönnunarsamkeppni**
**Verkefni nr. 14813**

Ríkiskaup f.h. verkefnisstjórnar vegna byggingar nýs Landspítala, auglýsir eftir teymum sérfræðinga til að taka þátt í forvali fyrir samkeppni um hönnun á nýjum Landspítala við Hringbraut. Samkeppnin tekur til áfangaskipts skipulags lóðar Landspítala við Hringbraut og útfærslu á 66.000 $m^2$ nýbyggingu þar. Að lokinni samkeppni er gert ráð fyrir að vinningshafi vinni að frumhönnun, gerð forsagnar um stærðir, eiginleika og tæknilegar kröfur, gerð útboðsgagna auk eftirlits með endanlegri hönnun og aðstoð við verkefnisstjórn.

Forvalsgögn eru aðgengileg á vef Ríkiskaupa www.rikiskaup.is Tilkynningum í forvalið skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, mánudaginn 15. febrúar klukkan 14:00 þar sem þau verða opnuð.

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, eru hér með auglýstar tillögur að breyttu deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Haðaland 26

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð Fossvogsskóla, Haðaland 26. Í breytingunni felst að heimilt verði að staðsetja boltagerði á suðvesturhluta lóðar, byggingarreitur fyrir færanlegar stofur verði staðsettur á núverandi boltagerði og færslu og fækkun á bílastæðum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

### Elliðaárdalur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Elliðaárdal vegna lóða fyrir borholuhús. Í breytingunni felst m.a. að gert er ráð að setja inn lóðarmörk vegna tólf dæluhúsalóða Orkuveitu Reykjavíkur í landi Löngugrófar í Elliðaárdal.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 23. desember 2009 til og með 3. febrúar 2010**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 3. febrúar 2010. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti**. Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 18. desember 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

## Útboð

MANNVIT
VERKFRÆÐISTOFA

# Útboð
SORPHIRÐA OG SORPEYÐING

Fyrir hönd Sorpstöðvar Fjarðabyggðar er óskað eftir tilboðum í sorphreinsun í þéttbýli og dreifbýli, rekstur urðunarstaðar, rekstur söfnunarstöðva í þéttbýliskjörnum og móttökustöð á Reyðarfirði. Væntanlegir bjóðendur eru hvattir til að kynna sér staðhætti á söfnunarstöðvum, móttökustöð og urðunarstað fyrir tilboðsgerð.

Að Sorpstöð Fjarðabyggðar stendur sveitarfélagið Fjarðabyggð.

Útboðsgögn verða afhent á skrifstofu Mannvits hf. ( sími: 422-3602 ), að Hafnargötu 2 ( Molanum ) Reyðarfirði, frá og með föstudeginum 18. desember 2009.

Tilboðum skal skila á skrifstofu Mannvits hf., Hafnargötu 2 Reyðarfirði fimmtudaginn 21. janúar 2010 fyrir kl 14:00, þar sem þau verða opnuð í viðurvist þeirra sem þess óska.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

## Tilkynningar

**Mýrdalshreppur**
**auglýsing um skipulag**

**Tillaga að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025**
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögu að Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 skv. 18. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.br. Skipulagsgögn eru skipulagsgreinargerð, skipulagsuppdrættir og umhverfisskýrsla. Ennfremur eru kynntar athugasemdir Skipulagsstofnunar við tillöguna sbr. 3. mgr. 17. gr. skipulags- og byggingarlaga.

Aðalskipulagstillagan verður til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 17, 870 Vík og hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík, frá og með 22. desember 2009 til 19. janúar 2010. Skipulagsgögn má einnig sjá á heimasíðu Mýrdalshrepps: www.vik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að gera athugasemdir er til 2. febrúar 2010 og skal skila þeim á skrifstofu Mýrdalshrepps.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við aðalskipulagstillöguna innan tilskilins frests teljast samþykkir henni.

**Tillaga að deiliskipulagi þjónustusvæða við Sólheimajökul og í Reynisfjöru**

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps auglýsir hér með tillögur að deiliskipulagi þjónustusvæða fyrir ferðamenn við Sólheimajökul og í Reynisfjöru skv. 25. gr. skipulags- og byggingar-laga nr. 73/1997.

**Sólheimajökull**
Deiliskipulagið nær til 1 ha lóðar úr óskiptu landi Sólheimajarða. Svæðið er í um 300 m fjarlægð frá Sólheimajökli. Gert er ráð fyrir að byggð verði ferðamannaaðstaða í 1-2 hús-um og geta byggingar verið samtals um 120 m2. Aðkoma að svæðinu er um núverandi veg að Sólheimajökli.

**Reynisfjara**
Deiliskipulagið nær til 1 ha lóðar úr óskiptu landi Reynishverfisjarða. Gert er ráð fyrir að byggð verði ferðamannaaðstaða í 1-2 húsum og geta byggingar verið samtals um 120 m2. Aðkoma að svæðinu er um Reynishverfisveg.

Deiliskipulagstillögurnar verða til sýnis á skrifstofu Mýrdalshrepps að Austurvegi 17, 870 Vík frá og með 22. desember 2009 til 19. janúar 2010. Skipulagsgögn má einnig sjá á heimasíðu Mýrdalshrepps: www.vik.is.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera skriflegar athugasemdir við tillögurnar. Frestur til þess að gera athugasemdir er til 2. febrúar 2010 og skal skila þeim á skrifstofu Mýrdalshrepps.

Þeir sem ekki gera athugasemdir við deiliskipulagstillögurnar innan tilskilins frests teljast samþykkir þeim.

Sveinn Pálsson, sveitarstjóri

## Skötuveisla

Cafe Catalina

**Skötuveisla á þorláksmessu**

Skata-saltfiskur-plokkfiskur-kartöflur-rófur-hamsatólg-hnoðmör-rúgbrauð-smjör

***Kíkjið á www.catalina.is***

Boltinn í beinni!

Allir velkomnir

**Hamraborg 11 200 Kóp. S: 554-2166**

Auglýsingasími
512 50 50
FRÉTTABLAÐIÐ
- Mest lesið



✝

*Sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Þorleifur Óskarsson**

Fremri - Brekku, Dalabyggð,

lést á Dvalarheimilinu Silfurtúni mánudaginn 21. desember.

**Valgerður Lárusdóttir**
**Sigrún Þorleifsdóttir** **Oliver Robl**
**Ómar Þorleifsson** **Hafdís Dögg Birkisdóttir**
**Baldur Þorleifsson** **Gyða Steinsdóttir**
**Guðrún Þorleifsdóttir** **Sæmundur Grétarsson**
**börn og barnabörn.**



✝

*Elskulegi eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Kristján P. Willatzen**

Blikahólum 10, Reykjavík,

lést sunnudaginn 20. desember. Útför hans mun fara fram síðar í kyrrþey að ósk hins látna.

**Ásrún M. Auðbergsdóttir**
**Sverrir Jónsson** **Krisana Phaithai**
**Sólveig Ó. Jónsdóttir** **Huldar Ö. Sigurðsson**
**Pétur A. Kristjánsson** **Guðný E. Ingadóttir**
**Eva Hrund Willatzen** **Guðmundur Sigurðsson**
**og barnabörn.**



✝

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Hrefna Hermannsdóttir**

Skálarhlíð, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar laugardaginn 19. desember sl. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 2. janúar 2010 kl. 14.00.

**Björn Jónasson** **Ásdís Kjartansdóttir**
**Guðrún Jónasdóttir**
**Halldóra Jónasdóttir** **Gunnar Trausti Guðbjörnsson**
**Hermann Jónasson** **Ingibjörg Halldórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðlaugur Eyjólfsson**

Árskógum 8, Reykjavík,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 19. desember. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 30. desember kl. 13.00.

**Margrét S. Jónsdóttir**
**Helga Eygló Guðlaugsdóttir** **Reynir Garðarsson**
**Jón S. Guðlaugsson** **Þórkatla Þórisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Emmy Margit Þórarinsdóttir**

Neðstaleiti 2, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, aðfaranótt þriðjudagsins 22. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðjón Hallur Hallsson**
**Hallur Guðjónsson** **Guðbjörg R. Tryggvadóttir**
**Þórunn Guðjónsdóttir** **Melanie Huetter**
**Margrét Petrína Hallsdóttir**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðjón Vilberg Magnússon**

Öldugranda 1, Reykjavík,

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund laugardaginn 12. desember. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Kolbrún Þorkelsdóttir,**
**Haukur Viðar Guðjónsson,**
**Þröstur Guðjónsson,**
**Magnús Hinrik Guðjónsson, Ása Valgerður Einarsdóttir,**
**Páll Rúnar Guðjónsson, Sigurlaug Ásta Sigvaldadóttir,**
**Kristinn Guðjónsson, Marianne Elisabeth Klinke,**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Vilhjálmsdóttir**

síðast til heimilis að Lækjarsmára 4, Kópavogi,

lést föstudaginn 18. desember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Guðfinna Þorvaldsdóttir** **Elías Pálsson**
**Guðmundur Hafþór Þorvaldsson** **Helga Margrét Gígja**
**Vilhjálmur Birgir Þorvaldsson** **Elínborg Ögmundsdóttir**
**Sigríður Ragna Þorvaldsdóttir** **Ólafur Árnason**
**Sumarliði Þorvaldsson** **Sigríður R. Helgadóttir**
**Þorvaldur Hannes Þorvaldsson**
**Ólafía Ingibjörg Þorvaldsdóttir** **Steinar Garðarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Agnes Lára Magnúsdóttir**

Hlíf 2, Ísafirði,

lést laugardaginn 19. desember. Útför hennar fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 2. janúar kl. 11.00.

**Ágústa Þorgilsdóttir** **Gunnlaugur Jóhannesson**
**Ragnheiður Þorgilsdóttir**
**Árni Kristinn Þorgilsson**
**Magnús Þorgilsson** **Sesselja Guðrún Þórðardóttir**
**Ásbjörn Þorgilsson** **Eva Sigurbjörnsdóttir**
**Valdís Þorgilsdóttir** **Anton Hólmsteinn Hjaltason**
**Hjördís Þorgilsdóttir** **Jón Sigurgeir Ásgeirsson**
**Þorgils Þorgilsson** **Petrína Shaolin**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð við andlát og útför elskulegs föður okkar, tengdaföður, bróður, afa og langafa,*

**Valbjörns J. Þorlákssonar.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar og allra þeirra er sinntu honum. Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsæls nýs ár.

**Magnús Valur Albertsson** **Guðný Guðmundsdóttir**
**Bryndís Valbjarnardóttir** **Gunnar Ragnar Gunnarsson**
**Ástríður S. Valbjörnsdóttir** **Árni Ingi Garðarsson**
**Guðrún Linda Valbjörnsdóttir** **Friðgeir Guðmundsson**
**Herdís Valbjörnsdóttir** **Lúðvík Guðjónsson**
**Brynhildur Olgeirsdóttir**
**Reinharð V. Sigurðsson** **Kristín Helgadóttir**
**Stella B. Þorláksdóttir** **Helgi Ólafsson**
**Páll Róbert Þorláksson** **Irena Maria Piernicka**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

**AKIHITO KEISARI FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI ÁRIÐ 1933.**

*„Japanar voru áhugasamir um að læra af vestrænni siðmenningu til að freista þess að nútímavæða og viðhalda þjóð sinni.“*

***Akihito er keisari Japans og hefur verið síðan faðir hans, Hirohito, lést árið 1989. Það er siður í Japan að eftir andlát keisara fái hann nýtt nafn. Eftir andlát Akihitos verður hann kallaður Heisei keisari.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

# Baujan komin út í Bandaríkjunum

Baujan, sjálfshjálparbók Guðbjargar Thoroddsen, er komin út í Bandaríkjunum. Guðbjörg hefur sjálf byggt upp, þróað og kennt þær aðferðir sem hún nefnir Baujuna, en þær stuðla að virkri og vakandi sjálfsvitund og skerpa og efla tilfinningagreind að sögn höfundar. Nafnið er táknrænt því baujur eru leiðarljós og vegvísar og með lestri bókarinnar getur hver og einn tileinkað sér þá þekkingu sem þarf til að styrkja sjálfsöryggi sitt og vellíðan.

Guðbjörg er leikaramenntuð og segir það hafa komið sér til góða við að finna upp Baujuna. „Leikarinn þarf andlega og líkamlega slökun til að geta kastað sér í hvaða hlutverk sem er og jafnframt að vera í stöðugu sambandi við tilfinningaróf sitt. Þetta lærði ég að heimfæra upp á daglega lífið,“ upplýsir hún.

Baujan kom út hér á landi í ársbyrjun 2007 á íslensku en þeir sem vilja eignast hana á ensku geta nálgast hana í Máli og Menningu, auk þess sem hægt er að panta hana gegnum Amason og fleiri netverslanir. **- gun**




**BAUJAN** Nú aðgengileg enskumælandi fólki.



✝

*Innilegar þakkir til þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Svanbjargar Eiríksdóttur**

Hlíðargötu 28, Sandgerði,

sem lést fimmtudaginn 10. desember. Sérstakar þakkir til starfsfólks Víðihlíðar í Grindavík. Óskum öllum gleðilegrar hátíðar.

**Ása Sigríður Sveinsdóttir**
**Pétur Friðrik Sveinsson**
**Linda Ósk Sveinsdóttir**
**Steinþór Einarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Brynjólfsson**

Rauðalæk 16, Reykjavík,

lést sunnudaginn 20. desember á hjúkrunarheimilinu Sóltúni. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni, föstudaginn 8. janúar kl. 13.00.

**Ólöf Guðný Geirsdóttir**
**Örn Árnason** **Ragnheiður Karlsdóttir**
**Geir Árnason** **Sigrún Aðalsteinsdóttir**
**Ólöf Árnadóttir** **Pétur Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# BT Skemmtilegar jólagjafir

## Nintendo í BT

29.999

Wii Sports fylgir með

47.999

## Flottar í jólapakkann

FANGAVAKTIN

Harry Potter

ÍSÖLD RISAEÐLURNAR

STÚLKAN SEM LEK SÉR AÐ ELDINUM

INGLOURIOUS BASTERDS

### SINBO RAKVÉLAR

6.799

4.799

### Skullcandy

7.999

### SAMSUNG NV9

10 Megapixlar
3 x Optical Zoom
5 x Digital Zoom
2,7" LCD Skjár
Tekur SD/SDHC Kort
ISO 80 - 1600 (3200 at 3M)
Tekur myndbönd með hljóði
Macro (5cm)
Face Detection
Image Stabilisation
Lithium batterí og hleðslutæki fylgja
Þyngd: 139g

29.999

34.999

### SCOTT ÚTVARPSVEKJARI

AM/FM útvarp
Stór skjár
Snooze möguleiki

3.499

### SCOTT FERÐATÆKI

Geislaspilari
FM/ AM ÚTVARP
Segulbandstæki

8.999

### SCOTT ÚTVARPSKLUKKA

AM/FM útvarp
iPod dokka
hleður iPodin
Aux-in tengi

8.999

### SCOTT ÚTVARPSTÆKI

Glæsilega hönnun
AM/FM útvarp
USB og SD kortalesari
Aux-in tengi

9.999

11.999

### MIRAI

ótrúlegt verð

32"

22"

ótrúlegt verð

44.999

99.999

### SAMSUNG 32" LCD

SALE32B455

Upplausn: 1366 x 768
Skjáform: 16:9 (breiðtjald)
Háskerpu sjónvarpsmóttakari
DNIe+ stafræn myndleiðrétting
Svartími: 8 millisekúndur
Contrast: High Contrast
Birta: 500 cd/m2
HDMI x 3, Component, SCART x 2,

32"

ótrúlegt verð

139.999

149.999

BT SKEIFAN - BT SMÁRALINDI - BT AKUREYRI - www.BT.is - 550-4444

**nettó**
*Ódýrt fyrir heimilið!*

## HAMBORGAR-HRYGGUR



**30% afsláttur**

**998 kr/kg**
áður 1.425 kr/kg

KJÖTSEL

# *Velkomin í Nettó*

### HANGILÆRI ÚRBEINAÐ
**30% afsláttur**



**2.099 kr/kg**
áður 2.998 kr/kg

KJÖTSEL

### HANGIFRAMPARTUR ÚRBEINAÐUR
**30% afsláttur**



**1.399 kr/kg**
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

### GRÍSABÓGUR REYKTUR
**30% afsláttur**



**599 kr/kg**
áður 855 kr/kg

KJÖTSEL

### LAMBALÆRI FERSKT
**30% afsláttur**



**1.399 kr/kg**
áður 1.998 kr/kg

KJÖTSEL

### HUMAR, 2 kg ASKJA
**38% afsláttur**




**3.595 kr/pk**
áður 5.798 kr/pk

### HUMAR, 1 kg SKELBROT
**30% afsláttur**



**1.399 kr/pk**
áður 1.998 kr/pk

### HUMAR ÁN SKELJAR 500 gr



**1.598 kr/pk**
áður 1.998 kr/pk

### LAMBAHRYGGUR FERSKUR
**30% afsláttur**



**1.499 kr/kg**
áður 2.142 kr/kg

KJÖTSEL

### QUALITY STREET DÓS 1,1 kg




**1.879 kr/pk**

### NÓI KONFEKT 800 gr




**1.990 kr/pk**

### BASSETTS LIQUORICE ALLSORTS 600 gr




**594 kr/pk**
áður 849 kr/pk

### AFTER DINNER MINTS 150 gr




**198 kr/pk**
áður 239 kr/pk

www.markhonnun.is

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

GILLE PIPARKÖKUR
250g POKI




99 kr/pk

FÓTBOLTA MYNDIR
ÁLBOX, 60 stk.




2.990 kr/stk.

*Opið til 22:00 í kvöld*

TOBLERONE
TINY'S




1.149 kr/pk

FERRERO
COLLECTION




1.298 kr/pk

LINDT
LINDOR




979 kr/pk

QUALITY STREET
900g




1.389 kr/pk

Eru verkir og svefnleysi að hrjá þig?

*Náttúrukoddinn*

LEYSIR VANDANN!



50% afsláttur

NÁTTÚRUKODDINN
MEÐALSTÓR, 35 x 50 cm, 1,5 kg
STÓR, 40 x 73 cm, 3 kg

2.995 kr
Verð áður 5.990 kr




# Þegar við föttuðum plottið

**BAKÞANKAR** Jóns Sigurðar Eyjólfssonar

Það er auðvelt að gabba íslenska æsku með jólasveinaspaugi. Bæði er þráin til að trúa á hið góða rík og síðan er gervið gott. Gæran sem hylur andlit leikaranna gerir þá óþekkjanlega. Eins er hún einmitt eins og barn ímyndar sér að skegg hellisbúa eigi að vera, allavega að vetrarlagi. Hér í þorpinu Zújar á Spáni eru vitringarnir þrír notaðir í stað jólasveina til að kæta krakkana og færa þeim gjafir. Þeir birtast á nýársdag til að taka við óskalistum en koma síðan færandi hendi á þrettándanum.



**VANDI** leikaranna sem fara með hlutverk vitringanna er mikill því þeir hafa enga gæru til að skýla sér á bak við. Til að bæta gráu ofan á svart verður einn vitringanna að vera svartur en engum hörundsdökkum er fyrir að fara í þorpinu. Það kemur því venjulega í hlut Pedros bakara að mála sig brúnan í framan og fara um þorpið ásamt tveimur öðrum með kórónu á kolli og skikkju um herðar. Krakkarnir eru ekki orðnir háir í loftinu þegar þeir spyrja af hverju í ósköpunum þeir eigi að láta bakarann hafa óskalistann sinn.

**EN** þótt frammistaða Pedros og félaga sé ekki betri en raun ber vitni verður það ekki til þess að krakkarnir hætti að trúa á vitringana. Því á sama tíma og þremenningarnir spígspora um þorpið með kameldýrið í eftirdragi er bein útsending frá Madríd þar sem óþekkjanlegir vitringar fara fyrir mikilli skrúðgöngu. Þetta eru hinir sönnu vitringar í augum ungra Zújarbúa.

**MÍN** kynslóð gat líka verið barnaleg þótt hún væri fljót að sjá í gegnum jólasveinaplottið. Við trúðum því til dæmis flest hver að Skröggur hefði verið í Lundúnum á 19. öld eins og Dickens skráði. Svo fórum við að vinna baki brotnu; keyptum íbúð og þá bíl sem varð að vera flottari en nágrannans og síðan varð að fylla herbergi barnanna með tækjum og tölvum því við höfðum ekki tíma til að tala við þau. Loks urðum við að kaupa græjur og golfsett til þess að hafa örugglega ekki tíma til að heimsækja afa og ömmu sem reyndu að gera sig skiljanlega á elliheimilinu við starfsfólk frá suðurhveli jarðar.

**EINHVERS** staðar í þessu ferli áttuðum við okkur á því að hinn eini sanni Skröggur er sá sem bærist í brjósti okkar.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




RAFVÖRU MARKAÐURINN
LJÓSADAGAR!
LÁGVÖRUVERÐS-VERSLUN
VIÐ FELLSMÚLA - REYKJAVÍK
1995
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
1995
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
4995
DRAGLJÓS
2995
DRAGLJÓS
5995
HALOGEN DRAGLJÓS
2495
20W HALOGEN
3495
BORÐLAMPI
M/ SNERTIDIMMER
3395
20W HALOGEN
M/ KLUKKU
2995
40W HALOGEN
17.995
GÓLFLAMPI
M/ SNERTIDIMMER
OG LESLJÓSI
3495
BORÐLAMPI
M/ SNERTIDIMMER
2495
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
4995
BORÐLAMPI
5995
BORÐLAMPI
M/ DIMMER
2495
BORÐLAMPI
2495
BORÐLAMPI
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ:
Mánud. til föstud. kl. 9-18
Laugard. kl. 10-16
Sunnud. kl. 12-16

**!** **kl.21.**
*Í kvöld mun hljómsveitin Árstíðir efna til einstakra hátíðartónleika í Fríkirkjunni í Reykjavík. Hljómsveitin mun flytja lög af nýútkominni breiðskífu sinni í nýjum útsetningum auk vel valinna jólalaga í félagi við góða vini.*

# menning

menning@frettabladid.is

# Kvikur djass Agnars

Agnar Már Magnússon píanóleikari hefur sent frá sér diskinn Kvika. Diskurinn hefur að geyma upptökur frá tónleikum á Jazzhátíð í Reykjavík 2008, þar sem fram komu ásamt Agnari Má þeir Ben Street bassaleikari og Bill Stewart trommuleikari.

„Þetta eru tveir af fremstu djassleikurum heimsins í dag,“ segir Agnar. „Útkoman var það góð að mér fannst hún útgáfuhæf. Gagnrýnandi Moggans var sammála og lét ekki þar við sitja heldur gaf disknum 5 af 5 mögulegum, þannig að ég er sáttur.“

Svo skemmtilega vill til að þeir Ben og Bill höfðu áður hljóðritað efni með Agnari þegar hann tók upp fyrsta disk sinn í New York og gaf út hjá útgáfunni Fresh Talent árið 2001.



**KVIKA** Agnar Már Magnússon djasspíanisti.

Á nýja diskinum eru níu tónsmíðar eftir Agnar. Þetta er fjórði diskurinn sem hann gerir hjá Dimmu útgáfunni, en hinir eru Láð, sem kom út fyrir tveimur árum; Atlantshaf árið 2006 (þar léku Jóel Pálsson, Gunnlaugur Guðmundsson og Einar Scheving með Agnari) og Ég um þig, sem Agnar gerði í félagi við Kristjönu Stefánsdóttur djasssöngkonu árið 2005.

„Það sem er fram undan hjá mér núna er helst það að ég er að semja og útsetja nýja tónlist fyrir Stórsveit Reykjavíkur, sem verður flutt á tónleikum þeirra í mars. Ég er líka tónlistarstjóri í Söngvaseið, en sú sýning virðist ganga endalaust. Svo bara svona hitt og þetta.“ **- drg**

**> Ekki missa af…**

… tenórunum þremur í jólaþorpi Reykvíkinga í kvöld kl. 21. Jóhann Friðgeir, Garðar Thór og Snorri Wium syngja þar jólaperlur á svæðinu milli Laugavegs og Hverfisgötu. Steinunn Birna Ragnarsdóttir leikur undir og er þeim útvarpað á Rás 2.

# Antígóna í útvarpinu

Jólaleikrit Útvarpsleikhússins á rás 1 er gríski harmleikurinn Antígóna eftir Sófókles í þýðingu Helga Hálfdanarsonar. Útvarpsgerð þessa verks sem samið var 422 fyrir Krists burð að því er talið er unnin í samvinnu við LHÍ og undir leikstjórn Sigurðar Skúlasonar. Með titilhlutverkið fer Sólveig Arnarsdóttir.

Snilldarþýðing Helga Hálfdanarsonar frá 1969 markaði upphafið á þýðingum hans á öllum grísku harmleikjum sem varðveist hafa. Antígóna er nú flutt til að heiðra minningu þýðandans, Helga Hálfdanarsonar, sem lést fyrr á árinu.

Bræður Antígónu, þeir Eteókles og Pólíneikes, hafa borist á banaspjótum sem hermenn andstæðra fylkinga í stríði um borgina Þebu. Móðurbróðir þeirra, Kreon, hefur tekið við völdum í Þebu þegar leikurinn hefst. Hann lætur þau boð út ganga að Eteókles skuli hljóta sæmdarútför en lík Pólíneikesar, sem var í óvinahernum, skuli skilið eftir úti á víðavangi hundum og hrægömmum til ætis. Antígóna lætur hins vegar ekki segjast og býr bróður sínum hinstu hvílu. Þegar upp kemst um verknaðinn er Antígóna tekin höndum og Kreon fyrirskipar að hún skuli grafin lifandi. Dramb Kreons og stolt hafa slæmar afleiðingar í för með sér…



**LEIKLIST** Sólveig Arnarsdóttir leikkona fer með hlutverk uppreisnarkonunnar Antígónu á þriðja í jólum.

Antigóna er á dagskrá þriðja dag jóla, sunnudaginn 27. desember, kl. 14.



**LEIKLIST** Gunnar Eyjólfsson fer fyrir fríðum flokki þjóðleikhúsleikara í Hart í bak. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

# HART Í BAK Í SJÓNVARPINU

**Leikrit Jökuls Jakobssonar, Hart í bak, í sviðsetningu Þjóðleikhússins frá síðasta vetri verður sýnt í ríkissjónvarpinu á jóladag. Leikstjóri var Þórhallur Sigurðsson en Egill Eðvarðsson stjórnaði upptöku.**

Upptökur fóru fram á sviði Þjóðleikhússins liðið vor frammi fyrir sal með áhorfendum. Þórhallur Sigurðsson leikstjóri, sem er vanur vinnu af þessu tagi, flutningi verka af sviði í miðil sjónvarpsins, segir að lýsingu hafi lítillega verið breytt og tónlist lögð undir í mixi, en tækninni hafi fleygt svo fram: fyrir tveimur árum tók hann upp Grænalandið, en fyrir hálfum öðrum aldarfjórðungi stóð hann fyrir tökum ásamt aðstandendum af sýningunum Kæra Jelena og Hafinu eftir Ólaf Hauk sem báðar voru sýndar á Stöð 2.

Upptökur og sýningar í sjónvarpi á leiksýningum tíðkast víða um heim þótt þær hafi ekki náð fótfestu hér á landi. Jafnvel er tíðkað að senda leiksýningar, jafnvel stórar óperusýningar, beint af sviðum leik- og óperuhúsa. „Það hefur aldrei verið áhugi fyrir því hér á landi,“ segir Þórhallur, „þrátt fyrir áhuga menntamálaráðherra og yfirlýsingar. Ef Sjónvarpið hefði skammast til að taka upp eina sýningu á ári ættum við gott safn leiksýninga sem sýndu okkur þróun leiklistar í nokkra áratugi, en í sjónvarpinu hafa ráðið menn sem líta á sjónvarp og leikhús sem tvennt óskylt.“

Þórhallur Gunnarsson dagskrárstjóri segir að þar hafi menn haft áhuga á að festa sýninguna Hart í bak, bæði vegna verksins og eins vegna Gunnars Eyjólfssonar sem þar fer með stórt hlutverk. Hann vill færa leikhúsið út á land og segir koma til greina að taka eina sýningu upp á ári.

Nafni hans Sigurðsson stóð fyrir beinni útsendingu á Þreki og tárum fyrir hartnær tveimur áratugum og undrast að menn hafi ekki ráðist í að gera meira af því.

Hart í bak er á dagskrá Ríkissjónvarpsins á jóladag kl. 20.25.

**pbb@frettabladid.is**

# Mankell tekst á við Bergman

Henning Mankell rithöfundur, sem kunnur er af sögum sínum um Kurt Wallander lögreglumann, á að baki yfir fjörutíu skáldsögur fyrir börn og fullorðna. Hann hefur lagt haga hönd á margt, rekur meðal annars útgáfufyrirtæki í Svíþjóð, framleiðslufyrirtæki kvikmynda og leikhús.

Nú vinnur Mankell að sjónvarpsþáttaröð um landa sinn, sænska leikstjórann Ingmar Bergman, sem reyndar var tengdafaðir Mankells, sem kvæntur er Evu Bergman, dóttur Ingmars.

Í viðtali við Aftenposten segir Mankell að það hafi engu ráðið um verkefnið: hann hafi eins ráðið við það þótt hann þekkti ekki persónulega til mannsins, enda er lífshlaup Ingmars vandlega skráð, bæði fyrir hans tilstilli og annarra. Þættirnir verða fjórir og hver klukkustund að lengd. Mankell segir þetta ekki ævisögulega mynd heldur frekar verk um gjaldið sem listamaðurinn mátti greiða fyrir sköpun sína og kröfuhörku: „Hann galt fyrir með mörgum dimmum köflum í lífi sínu á fullorðinsárunum,“ segir Mankell, „það var ástæða þess að hann var einmana maður á efri árum.“



**KVIKMYNDIR** Henning Mankell skrifar handrit að þáttaröð um tengdaföður sinn, Ingmar Bergman.

Hann segir verkefnið heillandi í viðtali við Aftenposten: „Meginverkefnið er að skrifa handrit eins og hann hefði skrifað það.“ Mankell segist sjá það fyrir sér sem flökt í tíma og rúmi frá fyrstu tilraunum Bergmans með dramatískt form í æskulýðsklúbbi í Stokkhólmi til þess tíma sem hann dvaldi aldraður á Fjárey. „Því má ekki gleyma að spor Bergmans liggja um slóðir margra eldri listamanna, Chaplin og Garbo. Þegar hann fæddist 1918 er kvikmyndin vart af bernskuskeiði. Þegar hann dó er stafræna kvikmyndin fædd. Því er þáttaröðin ekki síður saga af heiðri og sóma kvikmyndalistarinnar.

Mankell og Bergman hittust oft; þeir horfðu saman á yfir hundrað kvikmyndir í sal leikstjórans á Fjárey. Ekki er ráðið hverjir leika í röðinni né hver leikstýrir en Mankell á að skila handriti um tengdaföður sinn í lok næsta árs. Hann getur einbeitt sér að því, bækur hans hafa selst í 35 milljónum eintaka um allan heim og hann er nú níundi í röðinni á lista yfir söluhæstu höfunda í heimi. **- pbb**

vísir.is
„...ég sá það á vísi“







LIÐSMENN JERICO

Liðsmenn Jerico, Landssamtök foreldra eineltisbarna og uppkominna þolenda eineltis óskar landsmönnum öllum nær og fjær **gleðilegra jóla og farsæls komandi árs með þökk fyrir veittan stuðninginn** á árinu sem er að líða.



**KÓRAR, LÚÐRASVEITIR OG ÝMSIR SKEMMTIKRAFTAR KOMA FRAM VÍÐA Á LAUGAVEGI, SKÓLAVÖRÐUSTÍG OG Í KVOSINNI Í DAG.**

## Á JÓLAÞORPSSVIÐINU:

14:00 Alli töframaður
15:00 Jólaálfurinn
16:00 Þrjár raddir og Beatur
16:30 Stekkjastaur
17:00 HerGeirsvaka Herberts Guðmundssonar & Geirs Ólafssonar
17:30 Léttsveit Reykjavíkur
18:00 Lúðrasveitin Svanur
19:30 Hljómsveitin Our lives
20:00 Hljómsveitin Dikta
20:30 Hljómsveitin Hjaltalín
22:00 Parabólur Steintryggs og Guðmundar Vignis
21:00 Tenórarnir þrír : Garðar Thor Cortes,
Jóhann Friðgeir Valdimarsson, Snorri Wium

*Njótum aðventunnar í miðborginni okkar*

**OPNUNARTÍMI VERSLANA:**
**ÞORLÁKSMESSA 10:00 - 23:00**
**AÐFANGADAGUR 10:00 - 12:00**




# Jólablað Krónunnar er komið út!

## 12 BLAÐSÍÐUR

## Stútfullt af frábærum tilboðum!

# STÆRSTA MATVÖRUBLAÐ LANDSINS

# Jólaleikur Krónunnar

## 20 Alvöru vinningar!

**Hver að verðmæti 100.000 kr.**

### Vinningur:

Allir vinningarnir tuttugu innihalda eftirfarandi:

- Flugbjörgunarsveitin ● „Trausti“ heimilispakki 18.000 kr.
- Vífilfell ● hálfsárs birgðir af 0,5 l gosi 31.000 kr.
- Skjár 1 ● hálfsárs áskrift 13.200 kr.
- KRÓNAN ● gjafabréf 30.000 kr.
- Atlantsolía ● bensínúttekt 8.000 kr.
- KEA ● hangikjötslæri úrbeinað 6.000 kr.
- Mackintosh ● sælgæti 2,4 kg 3.100 kr.

KEA Hangilæri · SkjárEinn Áskrift 6 mánuðir · KRÓNAN 30.000 kr gjafabréf · Mackintosh sælgæti 2,4 kg · Atlantsolía bensín úttekt 8.000 kr · Coca-Cola hálfs árs birgðir af gosi

**Geymdu strimilinn!** Lukkunúmerið er á honum.

Heildarverðmæti vinninga er 2.000.000 kr.

Það eina sem þú þarft að gera er að versla í Krónunni, lukkunúmerið þitt er á kassastrimlinum.

### Vinningsnúmer:

| | |
|---|---|
| 491153755 | 444416545 |
| 506123408 | 573060337 |
| 423749760 | 492150663 |
| 905132700 | 504145830 |
| 452638765 | 903598174 |

**Dregið næst út:** 23. des. 10 vinningar

Vinningar verða birtir á heimasíðu Krónunnar www.kronan.is

# KRÓNAN *í jólaskapi!*

# ÞÚ FÆRÐ ALLT FYRIR JÓLIN Í KRÓNUNNI!




## Opnun Krónuverslananna yfir jól og áramót!

| | 23.des mið. | 24.des fim. | 25.des fös. | 26.des lau. | 27.des sun. | 28.des mán. | 29.des þri. | 30.des mið. | 31.des fim. | 1.jan fös. | 2.jan lau. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akranes | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-19 | 10-19 | 10-19 | 10-20 | 9-15 | LOKAÐ | 10-19 |
| Árbær | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-21 | 11-21 | 11-21 | 10-21 | 9-15 | LOKAÐ | 10-21 |
| Bíldshöfði | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-19 | 11-19 | 11-19 | 10-20 | 9-15 | LOKAÐ | 10-19 |
| Grandi | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-19 | 10-19 | 10-19 | 10-20 | 9-15 | LOKAÐ | 10-19 |
| Hvaleyrarbraut | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-21 | 11-21 | 11-21 | 10-21 | 9-15 | LOKAÐ | 10-21 |
| Jafnarsel | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-21 | 11-21 | 11-21 | 10-21 | 9-15 | LOKAÐ | 10-21 |
| Lindarvegi | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-20 | 10-20 | 10-20 | 10-20 | 9-15 | LOKAÐ | 10-20 |
| Mosfellsbæ | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-20 | 10-20 | 10-20 | 10-20 | 9-15 | LOKAÐ | 10-20 |
| Reyðarfirði | 10-22 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 12-16 | 11-18 | 11-18 | 10-19 | 9-15 | LOKAÐ | 11-17 |
| Reykjavíkurvegi | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-21 | 11-21 | 11-21 | 10-21 | 9-15 | LOKAÐ | 10-21 |
| Selfoss | 10-23 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 10-19 | 10-20 | 10-20 | 10-20 | 9-15 | LOKAÐ | 10-19 |
| Vestmannaeyjar | 11-22 | 9-13 | LOKAÐ | LOKAÐ | 11-16 | 11-19 | 11-19 | 10-20 | 9-13 | LOKAÐ | 11-18 |




Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

*„Ég fékk alla athygli foreldra minna. Og vitið þið hvað? Ef ég hefði átt systkini hefði ég aldrei orðið leikkona.“*

**NATALIE PORTMAN** segir það stuðningi foreldra sinna að þakka að hún varð leikkona.



*„Ég hef ákveðið að brosa ekki. Það er vegna þess að einhver sagði við mig að þá liti ég út fyrir að vera feitur.“*

**HUGH GRANT** um áramótaheit sitt í viðtali við dagblaðið Daily Express.



*„Þetta er blessun, forréttindi og mjög spennandi, en gæti ekki verið ólíkara því sem við bjuggumst við.“*

**SARAH JESSICA PARKER** í viðtali um að vera orðin tvíburamóðir með hjálp staðgöngumóður.



## Fólk

folk@frettabladid.is

# Tveir er hin fullkomna tala

**Út eru komnar tvær plötur sem eiga það sameiginlegt að Henrik Björnsson í Singapore Sling er á þeim báðum. Þetta er platan Songs for the Birds með dúettinum Hank & Tank (Henrik og Þorgeir Guðmundsson) og samnefnd plata með dúettinum The Go-Go Darkness (Henrik og Elsa María Blöndal). Öll þrjú hittu Dr. Gunna.**



**HANK & TANK & LUNDAR** Þorgeir er Tank en Henrik er Hank. MYND/PÉTUR EYVINDSSON

„Það var annaðhvort að koma þessu út fyrir Airwaves eða jólin og við ákváðum að kýla á jólin,“ segir Henrik.

„Hank og Tank-platan er búin að taka sex ár í vinnslu og markmiðið var bara að koma henni út,“ segir Þorgeir. „Við byrjuðum árið 2004 að taka plötuna upp með Barða Jóhannssyni og svo höfum við verið að sauma við hana af og til síðan.“

„Já og bíða eftir þessari Þorláksmessu!“ segir Henrik.

### Eftirvænting og eftirsjá

Plata Hank og Tank er þrungin karlmannlegri spennu og Þorgeir segir hana innihalda báðar tegundir tónlistar, Country og Western. Lee Hazlewood eru nokkuð áberandi áhrifavaldur og platan er ekkert falsettuvæl, enda Þorgeir einn kraftmesti strigabassi landsins.

Þorgeir segir plötuna vera góða til áhlustunar bæði fyrir og eftir skrall. „Rokkið er eftirvæntingin eftir kvöldinu, en kántríið er eftirsjáin daginn eftir. Mér finnst þessi plata virka á hvort tveggja, en líklega er þó meiri eftirsjá en eftirvænting.“

„Ekki það að þetta sé kántrí samt,“ segir Henrik. Hann segir að hljómsveitina Singapore Sling alls ekki hætta, hann sé bara að gera annað núna. Stefnt er á að kynna plöturnar á tónleikum, en Go-Go Darkness hefur aldrei spilað og Hank & Tank bara einu sinni á Íslandi, á Sirkus. „Eftir það fórum við reyndar á túr um Frakkland með Keren Ann og spiluðum meðal annars á Olympia í París. Það þykir nú flott,“ segir Þorgeir.



**THE GO-GO DARKNESS** Elsa María og Henrik. MYND/RAMSES GRANADOS

### Ekkert djók

Sumarið 2008 var Henrik búinn að fá leið á hinum hefðbundnu rokkhljóðfærum (gítar, bassa, trommum) og vildi prófa að gera tónlist með einungis orgeli, trommuheila og söngrödd Elsu. Þannig varð The Go-Go Darkness til. Smám saman bættist þó aðeins við hljóðfæragalleríið. „Við vorum bara eitthvað að leika okkur og þetta vatt upp á sig,“ segir Henrik.

„Við vildum bara hafa þetta voðalega beisik og ekkert flókið,“ segir Elsa, sem hefur lítið sungið áður, en þó bakraddir með Singapore Sling. Hún er litla systir Möggu Stínu og Sölva Blöndal svo það kemur kannski ekki á óvart að hún syngi líka. „Já, af hverju ekki að prófa þetta? Þessi plata er þó ekkert djók. Heldurðu að við séum eitthvað að djóka hérna?“

Henrik, Þorgeir og Elsa segja böndin tvö alveg aðskilin og enginn möguleiki á samsteypunni Go-go-hank og tank. „Nei, tveir er hin fullkomna tala. Þrír gengur ekki upp,“ segir Henrik. „Tveir eru rokk og ról, þrír eru djass.“

„Og þríhjól eru náttúrlega afleit!“ segir Þorgeir.

Listamennirnir gefa plöturnar út sjálfir en 12 tónar dreifa í betri verslanir landans.



# Kryddpíur fullar um jólin

Emma Bunton lýsti því yfir í samtali við Daily Express að um hver jól safnist kryddstúlkurnar saman heima hjá Victoriu og David Beckham, drekki slatta af víni og borði góðan mat. Þau syngi síðan með gömlum Spice Girls-slögurum. „Ég trúi því ekki að ég hafi viðurkennt þetta,“ sagði Emma í viðtalinu.

Stúlkurnar hafa eytt töluvert meiri tíma saman nú en oft áður enda eru þær í óða önn að undirbúa söngleik sem byggist á lögum sveitarinnar og mun heita Viva Forever. Reiknað er með að söngleikurinn verði frumsýndur 5. nóvember á næsta ári en hann mun innihalda fjórtán af vinsælustu lögum Spice Girls.



**FYLLIRÍ HJÁ BECKHAM** Victoria Beckham og stelpurnar í Spice Girls drekka sig fullar heima hjá Victoriu og syngja með gömlum slögurum sínum.






# Sonurinn á spítala

**Sonur Jon Bon Jovi var fluttur í skyndi á spítala í New Jersey. Ekki er vitað hvaða sonur þetta var en atvikið var ekki talið alvarlegt. Sökum fannfergis sem hefur truflað flestar samgöngur á vesturströnd Bandaríkjanna var kallað út snjóruðningstæki til að flytja son gallabuxnarokkarans á sjúkrahús. Jon Bon Jovi á þrjá syni: Jesse sem er fjórtán ára, hinn sjö ára gamla Jacob og fimm ára gamla Romeo. Hann hefur haldið hlífðarskildi yfir fjölskyldu sinni og því hafa fjölmiðlar átt erfitt um vik að fá upplýsingar um hvað gerðist.**



**FÉKK SNJÓRUÐNINGSTÆKI** Einn af sonum Jon Bon Jovi var fluttur á sjúkrahús. Ekki var talið um alvarlegt atvik að ræða.

# Hatar jólin

Ozzy Osbourne verður seint sakaður um að vera jólabarn. Hann segir bestu jólin hafa verið árið 2003 en þá lá hann meðvitundarlaus á spítala eftir mótorhjólaslys. Í viðtali við breska fjölmiðla segist Ozzy hreinlega hata jólin og jafnvel gjafir frá eiginkonunni Sharon hjálpi lítið til. „Ef ég vil missa af jólunum aftur þá fer ég bara aftur á hjólið mitt og brýt á mér hálsinn,“ sagði þessi geðþekki rokkari.

Ozzy, sem er loksins hættur að drekka, segir að á árum áður hafi jólin verið ágætis afsökun til að detta í það og vera fullur í tvær vikur. „Ég er ekki hrifinn af því að opna gjafir, þvílík sóun á gjafapappír,“ sagði Ozzy.



**ELSKAR EKKI JÓLIN** Ozzy Osbourne segir jólin bara lélega afsökun til að vera fullur.






**UMHVERFISVÆNAR JÓLAGJAFIR** Sessý endurnýtir meðal annars heimilisúrgang til að búa til jólagjafir, en kveikjan að handverkinu er bæði áhugi Sessýjar á umhverfisvernd og þörfin til að ná endum saman fyrir jólin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# IDOL-STJARNA SELUR HANDVERKIÐ SITT Á FACEBOOK

**Sesselja Magnúsdóttir, eða Sessý, hefur verið iðin við að búa til umhverfisvænar jólagjafir upp á síðkastið. Gjafirnar hefur hún bæði selt á jólamörkuðum og á Facebook, en kveikjan að handverkinu er bæði áhugi Sessýjar á umhverfisvernd og þörfin til að ná endum saman fyrir jólin.**

„Ég er búin að skrautskrifa frá því að ég var krakki, en það var Birta Björnsdóttir, æskuvinkona mín og fatahönnuður, sem kenndi mér skrautskrift þegar ég var tólf ára," segir Sessý, spurð um handverksáhugann. „Mamma mín rak innrömmunarfyrirtæki í mörg ár og þar var afgangspappír þegar kartonið var skorið fyrir myndirnar. Mér fannst agalegt að því væri hent svo ég fékk alltaf karton hjá henni sem ég skrautskrifaði á og fór svo að gata og setja borða í til að búa til sæt kort," bætir hún við.

Einhverjir muna eflaust eftir Sessý úr fyrstu Idol-seríunni, en hún er söngkona og kennir söng auk þess sem hún er í kennaranámi við Háskóla Íslands. Gjafirnar gerir hún í frístundum sínum til að endurnýta heimilisúrgang og skapa sér aukatekjur, en fyrir utan jólakortin selur hún meðal annars segul sem festa má á ísskáp, heimabakað speltbrauð, hummus og skartgripi. „Þegar ég var að selja hrísgrjónahitapoka sem ég saumaði á jólamarkaðnum í Heiðmörk síðustu jól bauð ég upp á brauð og hummus sem sló alveg í gegn. Ég hef svo þróað uppskriftina og bætt ýmsu út í hana. Annars er ég mikið að dansa salsa og er alveg salsasjúk. Þar er krafturinn og litagleðin ríkjandi svo ég fór að leika mér að búa til litríka skartgripi út frá því," útskýrir Sessý sem leggur jafnframt áherslu á að breiða út kærleiksboðskapinn. „Ég er ekki tengd neinum trúarbrögðum heldur er ég bara aðdáandi kærleiks og umburðarlyndis. Eftir að ég byrjaði í tólf sporakerfinu fyrir um tveimur árum féll ég alveg fyrri þeirra lífspeki. Ég hef lært margt síðan þá sem getur hjálpað manni, sérstaklega á krepputímum," segir hún og viðurkennir að það sé erfitt að ná endum saman í dag.

„Ég er einstæð móðir svo maður er alltaf að reyna að ná jafnvægi fjárhagslega. Ég var ekki með nein gjaldeyrislán og lifði mjög hógværu lífi, en ég mátti ekki við þessari verðbólgu og er virkilega að finna fyrir kreppunni núna. Þótt ég skammist mín ekki almennt fyrir að leita mér hjálpar vildi ég prófa að sjá hvað ég gæti gert áður en ég færi að leita til Fjölskylduhjálpar og sækja mér matarkörfu," segir Sessý. „Án þess að vera neikvæð finnst mér ganga mjög langt hvað við neytum mikils og sköpum mikið rusl á plánetunni okkar. Við erum svo ofboðslega mikið neysluþjóðfélag og að því leyti finnst mér kreppan jákvæð. Undanfarna mánuði hef ég verið að geyma dót til að föndra úr og það hefur veitt mér ánægju að búa til verðmæti úr einhverju sem er til án þess að kaupa meira," segir Sessý, en vörurnar má sjá á Facebook undir Sessý's market.

alma@frettabladid.is














TILBOÐ DAGSINS
129.989kr.
Fullt verð 159.989
32 tommur
Panasonic TXL32X10
32" Panasonic LCD með Vreal4
og háskerpu DVBT móttakara
OPIÐ TIL KL. 23:00 Í KVÖLD
Nokia farsími
9.989kr.
Toshiba DivX
DVD spilari
12.989kr.
United ferða DVD
18.989kr.
Philips
míkrósamstæða
19.989kr.
Logitech iPod vagga
og hátalarar
19.989kr.
8 GB iPod
Nano
34.989kr.
Olympus 12MP
myndavél
19.989kr.
Nikon SLR með
skiptilinsum
114.989kr.
22 tommur
United 22DD91HD
United
LCD með DVD
69.989kr.
42 tommur
Panasonic 100Hz Plasma
með 2.000.000:1 skerpu
179.989kr.
42 tommur
Philips Full HD LCD
Pixel Plus HD
234.989kr.
50 tommur
Panasonic 100Hz Plasma
með 2.000.000:1 skerpu
259.989kr.
Öll afþreying á besta verðinu
MAX Kauptúni 1 - Garðabæ - Sími 412 2200 - www.max.is
MAX
RAFTÆKI

### > Íslendingaslagur á Stöð 2 Sport

Þó svo að jólin komi á morgun eru handboltamenn í Þýskalandi ekki enn komnir í frí. Íslendingaliðin Lemgo og Flensburg mætast í sannkölluðum stórleik í kvöld sem hefst klukkan 19.45 en leikurinn er í beinni á Stöð 2 Sport. Logi Geirsson og Vignir Svavarsson leika með Lemgo en Alexander Petersson er í herbúðum Flensburgar. Liðin eru í þriðja og sjötta sæti deildarinnar en aðeins munar tveimur stigum á liðunum og er Flensburg með betri stöðu. Það er því mikið undir í kvöld og verður klárlega ekkert gefið eftir.




**sport**

sport@frettabladid.is

**ATLI ÆVAR INGÓLFSSON Í HK:** 21 ÁRS LÍNUMAÐUR VAR VALINN Í ÚRVALSLIÐ N1-DEILDAR KARLA Á DÖGUNUM

# *Þarf að berjast fyrir lífinu inni á línunni*

Atli Ævar Ingólfsson var á dögunum valinn í úrvalslið N1-deildar karla en þessi 21 árs gamli línumaður hefur komið sterkur inn í deildina á sínu fyrsta ári með HK. Atli Ævar hefur skorað 35 mörk í 9 leikjum með HK í vetur.

„Það hefur gengið rosalega vel og þetta er flottur hópur sem maður er kominn inn í," segir Atli Ævar sem er mjög ánægður með hinn skipulagða þjálfara liðsins, Gunnar Magnússon. „Gunni henti mér út í djúpu laugina og sagði að ég yrði línumaður númer eitt," segir Atli Ævar sem fékk ekki mikið að spila hjá Akureyrarliðinu í fyrra. „Ég fékk of fá tækifæri í fyrra og því enn þá meiri ástæða til að koma grimmur í þetta í vetur og sýna hvað maður getur," segir Atli sem er ánægður með þjónustuna sem hann fær inn á línuna. „Það hjálpar manni ekkert smá mikið að hafa menn eins og Ólaf og Valdimar fyrir utan. Valdi er að mínu mati sterkasti leikmaðurinn í deildinni í dag. Það er hrikalega gott að spila með þeim og svo má ekki gleyma Sverri því hann dregur út í sig í skyttunni," segir Atli og hann er himinlifandi með verðlaunin.

„Þetta eru rosalega mikilvæg verðlaun fyrir mig. Þau keyra mig áfram," segir Atli en hann þarf oft að glíma við mun hærri menn inni á línunni. „Þetta er rosaleg barátta inni á línunni. Maður verður að vera svolítið klikkaður í hausnum til þess að keyra þetta áfram. Það þarf að berjast fyrir lífinu þarna," segir Atli. „Ég er búinn að bæta mest líkamlegan styrk. Maður er farinn að ná sér í betri stöðu. Ég er ekkert stærsti leikmaðurinn í deildinni og þá þarf maður að vera öflugur á fótunum," segir Atli sem er ánægður með þjálfarann.

„Það eru upp undir tveir fundir í viku hjá karlinum og þar er setið, hlutirnir ræddir og farið yfir allt," segir Atli og bætir við: „Þetta skilar mér mjög miklu og þá sérstaklega að fá gagnrýni. Það vantaði í fyrra að ég fékk hvorki að vita það sem ég gerði vel eða það sem ég gerði illa. Núna veit maður alltaf hvað má betur fara og hvað var vel gert," segir Atli að lokum.





**ULRIK WILBEK** Tilkynnti EM-hópinn sinn fyrir jól. NORDIC PHOTOS/AFP

EM í Austurríki 2010:

## Wilbek velur hópinn sinn

**HANDBOLTI** Ulrik Wilbek, landsliðsþjálfari Dana, bíður ekki bíða boðanna heldur er hann búinn að velja sextán manna hóp fyrir EM.

Alls eru átta leikmenn úr liðinu sem varð Evrópumeistari. Það er enginn Jesper Jensen í liðinu að þessu sinni sem eru fín tíðindi fyrir Ísland enda hefur Jensen oft reynst íslenska liðinu erfiður.

**- hbg**

Guðmundur Guðmundsson ekki bjartsýnn á framtíð danska handboltaliðsins GOG sem hann stýrir:

# Framtíð GOG skýrist á allra næstu dögum

**HANDBOLTI** Fjárhagsvandræði danska liðsins GOG hafa staðið yfir svo mánuðum skiptir. Nú fer aftur á móti að draga til tíðinda.

„Það er afar erfið staða hjá GOG. Ég veit ekki hvernig það mál fer ef ég á að segja eins og er. Framtíð félagsins skýrist samt á næstu dögum. Það er erfitt að segja hvernig það mál fer allt saman," sagði Guðmundur en félagið hefur þrátt fyrir fjárhagsörðugleika staðið við launagreiðslur.

„Þessi staða hefur aftur á móti verið uppi í talsvert langan tíma. Það er krítísk staða í augnablikinu. Það hefur vofað yfir í langan tíma að einhver lokaákvörðun verði tekin. Það hefur ekki alltaf verið auðvelt að starfa við þessar aðstæður," sagði Guðmundur en hann sagðist hreinlega ekki vita hvað yrði um félagið og framtíð þess.



**Á HLIÐARLÍNUNNI** Guðmundur stýrir hér sínum mönnum í GOG. Ekki er ljóst hversu lengi hann gerir það í viðbót. FRÉTTABLAÐIÐ/ALEKSANDAR DJOROVIC

Guðmundur er staddur í Mannheim þessa dagana og sá leik Rhein-Neckar Löwen gegn Düsseldorf í gær. Landsliðsþjálfarinn er þar í boði Danans ríka Jesper Nielsen, sem á meirihlutann í félaginu og hefur mokað peningum í það.

„Jesper fer vel með mig hérna. Það eru fínar móttökur sem ég fékk. Þegar við vorum að selja Snorra til félagsins vorum við mikið í samskiptum. Hann bauð mér þá að koma hingað og ég hafði ekki fengið tækifæri til að þiggja það boð fyrr en núna," sagði Guðmundur, sem þvertekur fyrir að vera í einhverjum samningaviðræðum við Nielsen um að koma að þjálfun Löwen-liðsins.

„Það er annars mjög gott að koma út. Sjá strákana og spjalla við þá líka. Svo horfi ég á alla þá leiki frá Þýskalandi sem ég get í sjónvarpinu. Ég er að reyna að vera eins vel undirbúinn og ég get fyrir EM. Það er nauðsynlegt að vita standið á öllum leikmönnum áður en ég vel lokahópinn fyrir EM."

**henry@frettabladid.is**



# Mikilvægast að fá mömmu út svo að hún geti eldað jólamatinn

**Eggert Gunnþór Jónsson og félagar í Hearts unnu frábæran 2-1 sigur á Celtic í skosku úrvalsdeildinni um síðustu helgi. Eggert var valinn besti leikmaður leiksins af stuðningsmönnum liðsins eftir leikinn.**

**FÓTBOLTI** Það hefur gengið á ýmsu hjá Eggerti Gunnþóri Jónssyni og félögum í Hearts í skosku deildinni í vetur. Eggert meiddist í upphafi tímabils og lenti í átökum eftir svekkjandi tap á móti Hamilton á dögunum en hefur nú tryggt sér fast sæti í liðinu í sinni stöðu á miðjunni. Eggert átti mjög góðan leik í 2-1 sigri á Celtic um síðustu helgi og það spillti ekki fyrir að fjölskyldan hans var í stúkunni.

„Það hafði ekkert gengið alltof vel hjá okkur undanfarið þannig að það var gott að fá þennan sigur. það er ekkert búinn að vera alltof góður mórall í liðinu. Þessi leikur hjálpar okkur aðeins og svo eigum við törn yfir jólin og það er vonandi að við getum gert vel þar,“ segir Eggert sem viðurkennir að slagsmálin eftir leikinn við Hamilton á dögunum og eftirmál þeirra hafi reynt mikið á leikmenn liðsins.

„Það var mikil pressa á klúbbnum eftir þann leik. Það var mikið fjallað um þetta, við fengum slæma umfjöllun og það var verið að tala um að það væri enginn agi hjá okkur,“ segir Eggert sem forðast það að tala um hvað gerðist eftir leikinn.

Tímabilið byrjaði ekki vel hjá honum. „Ég byrjaði á því að meiðast strax í öðrum leik í deildinni, reif magavöðva og þurfti að fara í aðgerð. Ég var frá í sex vikur eftir það en er að koma til baka núna, er búinn að spila 3 til 4 leiki í röð og er kominn á fullt aftur,“ segir Eggert sem er kátur með að fá að spila sína bestu stöðu.



**AÐ STANDA SIG** Eggert Gunnþór Jónsson sést hér í leik með Hearts. Hann leikur aðalhlutverk á miðju liðsins. MYND/NORDICPHOTOS/GETTY

„Ég er farinn að finna mig vel og farinn að spila mjög vel. Ég er loksins farinn að spila á miðjunni aftur því í fyrra var ég mikið að flakka um stöður á vellinum þegar það vantaði menn. Núna er ég búinn að festa mig í sessi inni á miðjunni og þar vil ég vera. Það sést líka alveg, mér líður miklu betur á miðjunni og þá er ég að spila miklu betur. Ég er að skila miklu meiru til liðsins þarna heldur en ef ég er látinn hanga í einhverjum öðrum stöðum sem ég vil ekki vera að spila í,“ segir Eggert.

„Þjálfarinn er búinn að segja við mig seinasta árið að honum líði alltaf betur að hafa mig í vörninni. Ég vil bara vera á miðjunni,“ segir Eggert og þjálfarinn Csaba László er kominn á sömu línu og hann í dag. Hearts hefur nú fengið 7 stig í síðustu 4 leikjum og þetta lítur allt betur út hjá liðinu.

„Við eigum að vera miklu ofar en við erum núna. Við erum í sjöunda sæti en við eigum að vera að berjast um þriðja sætið. Þetta hefur verið erfitt tímabil, stuðningsmennirnir voru búnir að missa þolinmæðina og við áttum ekki langt eftir niður í neðsta sæti. Síðan þá höfum við náð að rífa þetta upp hjá okur og við erum komnir á gott skrið núna. Við fengum góðan sigur um síðustu helgi á móti Celtic og það ætti að hjálpa að fá sjálfstraustið til baka,“ segir Eggert sem vonast eftir fleiri stigum yfir hátíðarnar þar sem liðið mætir neðsta liðinu og svo Motherwell sem er lið á svipuðu róli í töflunni.

„Ef við komum vel út úr þessari törn um jólin þá lítur þetta vonandi miklu betur út hjá okkur. Um leið og við erum komnir þarna upp í efri hlutann þá getur allt gerst,“ segir Eggert.

Það er mikið að gera hjá Eggerti og félögum yfir hátíðarnar og því enginn tími til að komast heim til Eskifjarðar yfir jólin. Fjölskyldan dreif sig í staðinn út til Edinborgar og verður hjá honum yfir jólin. „Það er gaman að fjölskyldan var komin og fékk að sjá þennan Celtic-leik. Ég kemst ekkert frá um jólin þannig að þau koma bara til mín. Það er fínt að maður getur sýnt þeim að maður geti eitthvað,“ segir Eggert í léttum tón.

„Þau komu rétt fyrir leikinn og verða hjá mér yfir jól og áramót. Þau komu út með allan jólamatinn. Það er mjög gott að fá þau út og þá sérstaklega að fá mömmu svo að hún geti eldað jólamatinn. Það er eiginlega það mikilvægasta,“ segir Eggert að lokum.

ooj@frettabladid.is

DÖMU KULDASTÍGVÉL ÚR LEÐRI OG FÓÐRUÐ MEÐ LAMBSGÆRU.



**Litir:** brúnt og svart
**Stærðir:** 36 - 42
**Verð:** 28.850.-

Misty skór
Laugavegi 178 • sími: 5512070

Opið: mán. - fös. 10 - 18
laug. 10 - 14
Þorláksmessu 10 - 20
og aðfangadag 10 - 12

*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
www.mistyskor.is

Tvöfaldur 1. vinningur

220.000.000
+540.000.000

00.000

Fyrsti vinningur stefnir í 220 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 540 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fimm í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**

VÍKINGA LOTTÓ
ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 23. DESEMBER 2009

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

> **Elizabeth Hurley**

„Fátt fer jafnmikið í taugarnar á mér og langvarandi leti. Leti í smáskömmtum getur verið himneskt en langvarandi verður hún andstyggileg.“

*Hurley fer með hlutverk í kvikmyndinni Serving Sara sem SkjárEinn sýnir í kvöld kl. 20.35.*



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ PÁLL BALDVIN BALDVINSSON HEFUR ÁHYGGJUR

# Af þjóðinni og ávarpi til hennar



Ég hrökk við: það var lágstemmt viðtal við Ögmund Jónasson og úr honum var allt loft enda engir eftir til að hampa honum nema Hannes Hólmsteinn og Björn Bjarnason og hann var eins og hundur af sundi dreginn eftir þær sleikjur, nema heyri ég hann segir ekki: „…íslensk þjóð…“ Nú, hugsaði ég – hann líka.

Umfjöllun um þjóðina var lengi á þann veg í hátíðarræðum að ráðamenn og almúgi töluðu um íslensku þjóðina – með greini. Svo kom Kári Stefánsson til landsins, illa skaddaður á máli og hreim eftir langa samveru með Ameríkönum á sjúkrahúsum og háskólum, og allt í einu var hann farinn að segja látlítið „íslensk þjóð … hitt og þetta, ekkert má skaða íslenska þjóð“. Og af því hann er bæði hár, plássfrekur og áhrifamikill tóku menn ávarpið upp greinislaust í tíma og ótíma: í viðræðum um fjármál þjóðarinnar allan þennan mánuð var nokkuð ljóst að stjórnarandstaðan var illa haldin af þessari málvenju Kára, Illugi Gunnarsson er slæmt keis.

Þessi ósiður er vitaskuld kominn úr ensku þar sem greini er skeytt framan við nafnorðið og bögubósarnir sem vilja taka þjóðina sér í munn uppá enskan sið gera það sama hér, ætli forsetinn sé ekki næstur í þessari ósvinnu. Erum við ekki íslenska þjóðin, það er engin önnur þjóð íslensk? Til samræmis ætti þá að tala um danska þjóð, enska þjóð, bandaríska þjóð. En svona kárínur má vinna á málvitund og beitingu með smekkleysi í töluðu máli. Eins gott að það heyrist minna í Ögmundi þessi dægrin – hann getur máski æft sig um jólin: íslenska þjóðin.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.10** Jamie Cooks Christmas
STÖÐ 2



▶ **20.10** Everybody Hates Chris
SKJÁREINN



▶ **20.40** Martröð fyrir jólin
SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Chuck STÖÐ 2 EXTRA



▶ **22.10** Mystery Men STÖÐ 2 BÍÓ

## SJÓNVARPIÐ

**16.10 Leiðarljós**

**16.55 Táknmálsfréttir**

**17.05 Einu sinni var... - Maðurinn** (13:26) (e)

**17.35 Disneystundin** Stjáni, Sígildar teiknimyndir og Nýi skólinn keisarans.

**18.30 Jóladagatalið - Klængur sniðugi** (e)

**18.40 Jóladagatalið - Klængur sniðugi**

**18.54 Víkingalottó**

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veðurfréttir**

**19.35 Kastljós**

▶**20.40 Martröð fyrir jólin** (The Nightmare Before Christmas) Bandarísk fjölskyldumynd frá 1993 byggð á sögu eftir Tim Burton.

**22.00 Tíufréttir**

**22.15 Veðurfréttir**

**22.20 Jól á Hótel Riviera** (Christmas at the Riviera) Bresk sjónvarpsmynd frá 2007. Aðstoðarhótelstjóra á hóteli við sjávarsíðuna er falið að sjá um reksturinn yfir jólahátíðina og það gengur á ýmsu hjá honum. Aðalhlutverk: Alexander Armstrong, Darren Boyd, Anna Chancellor, Warren Clark, Pam Ferris og Peter Vaughan. (e)

**23.55 Rennihurðin** (Sliding Doors) Bresk gamanmynd frá 1998. Ung kona er rekin úr vinnunni og þegar hún er á heimleið á sér stað atvik sem veldur því að þaðan í frá lifir hún tvenns konar lífi. Aðalhlutverk: Gwyneth Paltrow og John Hannah.

**01.30 Kastljós** (e)

**02.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.30 A View to a Kill**

**08.40 10 Things I Hate About You**

**10.15 Unaccompanied Minors**

**12.00 Trapped in Paradise**

**14.00 10 Things I Hate About You**

**16.00 Unaccompanied Minors**

**18.00 Trapped in Paradise**

**20.00 A View to a Kill**

▶**22.10 Mystery Men** Gamanmynd um hóp lánlítilla ofurhetja.

**00.10 Fool's Gold**

**02.00 Rush Hour 3**

**04.00 Mystery Men**

**06.00 The Living Daylights**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Dynkur smáeðla, Ruff's Patch, Nornafélagið og Bratz.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 The Doctors**

**10.20 Auddi og Sveppi**

**10.55 You Are What You Eat** (7:8)

**11.45 Smallville** (16:20)

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Aliens in America** (18:18)

**13.25 Supernanny** (12:20)

**14.10 Sisters** (11:28)

**15.00 ER** (22:22)

**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Leðurblökumaðurinn, Ben 10, Nornafélagið og Dynkur smáeðla.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (10:25) Bestu vinir allra landsmanna eru nú komnir aftur í sjónvarpið. Fylgstu með Ross, Rachel, Joey, Phoebe, Monicu og Chandler frá byrjun.

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.11 Veður**

**19.20 The Simpsons** (9:22) Hómer, Marge og Simpson-fjölskyldan er í jólastuði.

**19.45 Two and a Half Men** (11:24) Fjórða sería af þessum bráðskemmtilegum þáttum um bræðurna Charlie og Alan.

▶**20.10 Jamie Cooks Christmas** Sérstakur jólaþáttur með Jamie Oliver þar sem hann kennir okkur að gera sem mest úr hátíðarmatnum með því að breyta afgöngum í dýrðlega og gómsæta nýja rétti.

**21.00 Little Britain Christmas Special** Stöð 2 sýnir í fyrsta skipti tvo óborganlega jólaþætti með grínteyikinu í Little Britain.

**21.30 Little Britain Christmas Special**

**22.05 Þorláksmessutónleikar Bubba 2009**

**23.40 Home for the Holidays**

**01.20 The Mentalist** (4:22)

**02.05 Something New**

**03.40 ER** (22:22)

**04.25 Sjáðu**

**04.55 Little Britain Christmas Special**

**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**17.20 Gillette World Sport 2009** Fjölbreyttur íþróttaþáttur þar sem farið er yfir það helsta sem er að gerast í íþróttunum úti í heimi.

**17.50 Le Mans - Mónakó** Bein útsending frá leik í franska boltanum.

**19.40 Lemgo - Flensburg** Bein útsending frá leik í þýska handboltanum.

**21.10 UFC Unleashed** Sýnt frá Ultimate Fighter - Season 1 en þangað voru mættir margir af bestu bardagamönnum heims.

**21.55 Poker After Dark** Margir af snjöllustu pókerspilurum heims mæta til leiks í Texas Hold ´Em.

**22.40 Le Mans - Mónakó** Útsending frá leik í Franska boltanum.

**00.20 Lemgo - Flensburg** Útsending frá leik í þýska handboltanum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**16.20 Aston Villa - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 West Ham - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**19.40 Premier League Review 2009/10** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

**20.35 Coca Cola mörkin 2009/2010** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.

**21.05 Portsmouth - Liverpool** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.45 Arsenal - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**

**08.00 Dr. Phil** (e)

**08.45 Pepsi MAX tónlist**

**16.10 Top Design** (2:10) (e)

**17.00 Innlit/ Útlit** (9:10) (e)

**17.30 Dr. Phil** Sjónvarpssálfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki að leysa öll möguleg og ómöguleg vandamál, segir frábærar sögur og gefur góð ráð.

**18.15 Fréttir** Fréttir og veður frá fréttastofu Morgunblaðsins.

**18.30 Yes Dear** (15:15) Bandarísk gamansería um grallaraspóana Greg og Jimmy sem eru giftir systrunum Kim og Christine. (e)

**19.00 America's Funniest Home Videos** (18:48) Bráðskemmtilegur fjölskylduþáttur þar sem sýnd eru fyndin myndbrot sem venjulegar fjölskyldur hafa fest á filmu.

**19.30 Fréttir** (e)

**19.45 King of Queens** (24:25) Bandarískir gamanþættir um turtildúfurnar Doug og Carrie. (e)

▶**20.10 Everybody Hates Chris** (22:22) Bandarísk gamansería þar sem háðfuglinn Chris Rock gerir grín að uppvaxtarárum sínum.

**20.35 Serving Sara** Joe Tyler er snillingur í að hafa uppi á fólki og færa því stefnur en þegar hann færir Söru Moore skilnaðarpappíra freistar hún hans með tilboði sem hann getur ekki hafnað. Aðalhlutverk: Matthew Perry og Liz Hurley í aðalhlutverkum.

**22.10 The Whole Ten Yards** (e)

**23.50 CSI. Miami** (9:25) (e)

**00.40 Law & Order: Special Victims Unit** (15:19) (e)

**01.30 She Drives Me Crazy** (e)

**03.00 King of Queens** (24:25) (e)

**03.25 Pepsi MAX tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Sérstakt jólahrafnaþing í umsjón Ingva Hrafns.

**21.00 Ertu í mat?** Skyggnst bak við tjöldin hjá íslenska kokkalandsliðinu, fyrsti þáttur um íslensku matreiðslumeistarana.

**21.30 Ertu í mat?** Skyggnst bak við tjöldin hjá íslenska kokkalandsliðinu, annar þáttur um íslensku matreiðslumeistarana.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


**Skötuveisla í veitingasal**

22. desember og Þorláksmessu

Aðeins **1890** kr

Opið frá kl. 11 – 18

**Einn kaldur og snafs**

**990** kr.

Borðapantanir í síma 588 8686

**HAFBERG**
*fiskbúð sælkerans*

**KÆST SKATA**

Vestfirsk Skata, Hnoðmör, saltfiskur, ýsuflök, lúðusneiðar, lúðuflök og laxaflök.

**XL Humar**

Skelflettur Humar

**30%** afsláttur af súpuhumri

Risahörpuskel

Rækjur

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 22.05

### Þorláksmessutónleikar Bubba 2009

Stöð 2 sýnir beint frá árlegum tónleikum Bubba Morthens sem fram fara í Háskólabíói. Þorláksmessutónleikar hans hafa jafnan mælst vel fyrir og er þetta í 25. sinn sem Bubbi stendur fyrir þeim. Einnig verður útvarpað beint frá tónleikunum á Bylgjunni.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

### Little Britain Christmas Special

**Stöð 2 kl. 21.00**



Stöð 2 sýnir tvo jólaþætti með gríntvíeykinu í Little Britain en þeim félögum er ekkert heilagt, ekki einu sinni jólin. Þess má geta að með þáttunum bundu þeir félagar endahnútinn á eina vinsælustu gamanþáttaröð síðari ára.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Jólakveðjur
**10.13** Jólakveðjur
**11.03** Jólakveðjur
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Jólakveðjur
**14.03** Jólakveðjur
**15.03** Jólakveðjur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Jólakveðjur
**17.03** Jólakveðjur
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Jólakveðjur
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Jólakveðjur
**22.12** Jólakveðjur
**00.07** Jólakveðjur
**01.00** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 | XA-Radíó | FM 96,3 | FM Suðurland | FM 90,1 | Rás 2 |
| FM 90,9 | Gullbylgjan | FM 96,7 | Létt Bylgjan | FM 102,2 | Útvarp Latibær |
| FM 91,9 | Kaninn | FM 97,7 | X-ið | FM 102,9 | Lindin |
| FM 93,5 | Rás 1 | FM 98,9 | Bylgjan | FM 105,5 | Útvarp Boðun |
| FM 95,7 | FM957 | FM 99,4 | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**17.00 The Doctors** Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

**17.45 Gilmore Girls** Lorelai Gilmore er einstæð móðir sem býr í góðu yfirlæti í smábænum Stars Hollow ásamt dóttur sinni Rory. Þar rekur hún gistiheimili og hugsar vel um vini og vandamenn.

**18.30 Seinfeld** (2:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunasamur og sérvitur.

**19.00 The Doctors**

**19.45 Gilmore Girls**

**20.30 Seinfeld** (2:22)

**21.00 Fréttir Stöðvar 2**

**21.25 Ísland í dag**

▶ **22.00 Chuck** (16:22) Chuck lifði frekar óspennandi lífi þar til hann opnaði tölvupóst sem mataði hann á öllum hættulegustu leyndarmálum CIA. Þannig varð hann mikilvægasta leynivopn sem til er og örlög heimsins hvíla á herðum hans.

**22.45 Burn Notice** (16:16) Njósnarinn Michael Westen var settur á brunalistann en það er listi yfir njósnara sem eru komnir út í kuldann og njóta ekki lengur verndar yfirvalda.

**23.30 The Unit** (8:11) Þættir sem fjalla um störf leynilegrar úrvalsveitar bandaríska hersins sem hefur það hlutverk að fara í hættulegustu og leynilegustu ferðir sem upp koma.

**00.15 Modern Toss** (5:6)

**00.40 Fréttir Stöðvar 2**

**01.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.10** Only Fools and Horses **12.40** Only Fools and Horses **13.10** Blackadder II **13.40** Blackadder II **14.10** Absolutely Fabulous **14.40** Absolutely Fabulous **15.15** How Do You Solve A Problem Like Maria? **16.45** EastEnders **17.15** Doctor Who **18.00** My Family **18.30** My Hero **19.00** Gavin And Stacey **19.30** Coupling **20.00** Little Britain **20.30** Little Britain **21.00** The Jonathan Ross Show **21.50** The Jonathan Ross Show **22.40** How Do You Solve A Problem Like Maria?

## DR 1

**10.15** Verdens morsomste mand **11.10** Julehilsen til Gronland 2009 **12.10** Pagten **12.45** DR's store juleshow **14.50** Muppets jul **16.15** Den lille Julemand **16.30** Julefandango **17.00** Mille **17.30** TV Avisen med vejret **18.00** Julens TV **18.30** Pagten **19.00** Hit med Sangen - jul **20.00** TV Avisen **20.25** Legenden om Zorro **22.25** Onsdags Lotto **22.30** Terror

## NRK 1

**12.35** En naturlig helaften **14.00** NRK nyheter **14.10** To og en ipod **14.40** Lån meg din kone **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Kokkekamp **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul i Svingen **17.25** Oisteins juleblyant **17.30** Sauen Shaun **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Berulfsens konspirasjoner **19.00** Kvelden for kvelden **20.50** Fridtjofs jul **21.50** Vikinglotto **22.00** Kveldsnytt **22.15** Magisk mote på Manhattan

## SVT 1

**12.05** Playa del Sol **12.35** Barnmorskorna - Norge **13.15** Presidentens dotter **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Bara blåbär **16.25** Nära djuren **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Öringfiske jorden runt **17.45** Julkalendern. Superhjältejul **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **19.30** Mitt i naturen **20.00** Den ryska modellen **20.55** Mickey Blue Eyes **22.35** Kulturnyheterna **22.50** Livet i Fagervik **23.50** Andra Avenyn




ÞESSA SKÖTU FÁIÐ ÞIÐ HVERGI

Nema hjá Fiskikónginum

Sérvalin, Sérverkuð, Stór, Rosalega Kæst og Þurrkuð, eldrauð, hrikalega sterk og Djúsí.

ÞORLÁKSMESSU -SKATA-

HUMAR 3.990

1. skref. Skata Kæst - ósöltuð. Mjög mild og góð. Fyrir algera byrjendur í skötunni.

2. skref. Skata Kæst og söltuð. Gott skötubragð, passlega söltuð. Þessi hefðbundna. Fyrir þá sem borða skötu á hverju ári.

3. skref. Skata Kæst og ósöltuð. Frekar sterk. Kraftmikil og hrikalega góð. Fyrir þá sem vilja taka næsta skref.

4. skref. Skata Kæst ósöltuð. Vestfirsk skata. Mjög sterk. Algert eitur. Fyrir þá sem vilja fara alla leið!!!

Opið til klukkan 22.00 í Kvöld
Opið til 13.00 á morgun aðfangadag.

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Þessa dagana svífur jólastemningin yfir vötnunum eins og vera ber. Nýi diskurinn hennar Hönsu er mikið tekinn sem og annar diskur eldri en sígildur, Ilmur af jólum með Heru Björk. Það eru síðustu forvöð að koma sér í jólaskapið.“*

Björn Þorláksson, rithöfundur og nemi.

# Söngleikur með lögum Magga Eiríks

„Hann er náttúrlega einn allra besti lagahöfundur landsins,“ segir Magnús Geir Þórðarson borgarleikhússtjóri, sem staðfestir að í undirbúningi sé söngleikur með lögum Magnúsar Eiríkssonar. „Það eru flottar sögur í mörgum lögunum hans og við teljum að það sé þarna efni í virkilega flotta sýningu. Hér er verið að velta upp ýmsum hugmyndum um hvernig er hægt að nálgast þetta á sviði. Svo sjáum við til hvað verður úr því.“

Maggi Eiríks er þegar búinn að undirrita viljayfirlýsingu um að söngleikurinn verði gerður og að sögn Magnúsar Geirs er stefnt á að setja hann á fjalirnar á næsta ári ef allt gengur að óskum.

Maggi Eiríks segir að það sé ekki ný hugmynd að gera söngleik eftir lögunum hans. Það hafi þegar verið gert hjá áhugamannaleikhúsi í Borgarfirði með góðum árangri fyrir rúmum áratug síðan. „Þar voru músíkin og textarnir notaðir sem beinagrind í sögu. Þetta var flutt í Borgarfirði og víðar við góðar undirtektir,“ segir Maggi. Hann útskýrir að Jóhann Sigurðarson leikari hafi einnig viljað gera söngleik úr lögum hans og núna hafi Borgarleikhúsið tekið hugmyndina upp á nýjan leik. Spilar þar væntanlega inn í gott gengi ævisögu hans sem kom út fyrir jólin. „Magnús Geir hringdi í mig í haust og vildi skrifa undir viljayfirlýsingu. Boltinn er hjá honum.“

Maggi viðurkennir að það gæti verið mjög gaman að sjá söngleikinn í Borgarleikhúsinu, sérstaklega ef einhver vel valinn aðili myndi annast leikgerðina. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur hinn þrautreyndi Ólafur Haukur Símonarson verið nefndur í þessu samhengi en það hefur ekki fengist staðfest. **- fb**



**MAGNÚS GEIR ÞÓRÐARSON** Söngleikur með lögum Magnúsar Eiríkssonar er í bígerð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



LÁRÉTT
**2.** betrun, **6.** þys, **8.** fiskilína, **9.** atvikast, **11.** í röð, **12.** sjúga, **14.** steintegund, **16.** tónlistarmaður, **17.** blása, **18.** eyrir, **20.** tveir eins, **21.** skjótur.

LÓÐRÉTT
**1.** yndi, **3.** skammstöfun, **4.** lofttóm, **5.** starf, **7.** flík, **10.** skammstöfun, **13.** skaði, **15.** eins, **16.** kóf, **19.** slá.

LAUSN
**LÁRÉTT: 2.** bati, **6.** ys, **8.** lóð, **9.** ske, **11.** mn, **12.** totta, **14.** kvars, **16.** kk, **17.** púa, **18.** aur, **20.** mm, **21.** frár.
**LÓÐRÉTT: 1.** lyst, **3.** al, **4.** tómarúm, **5.** iðn, **7.** skokkur, **10.** etv, **13.** tap, **15.** sama, **16.** kaf, **19.** rá.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8

1. Efsta skattþrepið er 33 prósent.
2. Gunnlaugur Sigmundsson er formaður flugráðs.
3. Messi og Marta eru knattspyrnumenn ársins.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



**JÓLAKRAFTAVERK** Bloodgroup lenti í kröppum dansi í Hollandi en strákarnir í HAM björguðu málunum í anda jólanna.

RAGNAR JÓNSSON: ÞAÐ ÁTTI AÐ SKILJA OKKUR EFTIR Í AMSTERDAM

# HAM BJARGAÐI JÓLUNUM

„Það átti að skilja okkur í Bloodgroup eftir í Amsterdam,“ segir tónlistarmaðurinn Ragnar Jónsson.

Ragnar og félagar í hljómsveitinni Bloodgroup komust í hann krappan í Hollandi um helgina. Þar komu þau fram á tónlistarhátíðinni Reykjavík to Rotterdam ásamt Mugison, Benny Crespo's Gang og Ham. Skipulagning hátíðarinnar er í höndum Hollendingsins Marcel Edwin Deelen og Ragnar segir framkomu hans hafa verið ótrúlega. „… Að ætla að skilja okkur eftir, peninga- og kreditkortalaus í Amsterdam yfir jólin. Þau létu okkur vita tíu mínútum fyrir flug að við þyrftum að redda okkur sjálf,“ segir hann.

Forsagan er sú að flugin sem voru bókuð fyrir hljómsveitina voru þannig tímasett að engin leið hefði verið að ná þeim. „Við þurftum ný flug og þeir vildu ekki borga fyrir þau,“ segir Ragnar. Meðlimum Bloodgroup stóð ekki á sama, þar sem þau sáu fram á að eyða jólunum auralaus í Amsterdam. Marcel haggaðist ekki og svo fór að Óttarr Proppé og félagar í hljómsveitinni HAM slógu saman og hlupu undir bagga. „HAM bjargaði jólunum,“ segir Ragnar.

Helgi Rúnar Gunnarsson, söngvari og gítarleikari Benny Crespo's Gang, setur einnig spurningarmerki við skipulag og kynningu hátíðarinnar. Á heimasíðu Reykjavík to-samtakanna kemur fram að þeir sem taka þátt geti gengið að því vísu að besta mögulega markaðsstarf sé unnið í hverju landi. Helgi tekur ekki undir það. „Þeir borguðu mörg hundruð þúsund krónur til að koma öllu liðinu út til að spila, staðurinn var þvílíkt flottur – en það mættu 40 manns,“ segir hann. „Þetta var ekkert kynnt. Þeir gerðu ekki einu sinni „event“ á Facebook og buðu vinum sínum.“

Helgi er einnig ósáttur við vinnubrögð Marcels Edwin sem hann segir hafa notað gjafabréf, sem Benny Crespo's Gang fékk í gegnum Loftbrú, til að greiða flugferðir starfsmanna hátíðarinnar. „Við borgum skatt af þessum styrkjum,“ segir Helgi og bætir við að Marcel hafi logið og sagt við þau að hann hafi ekki notað gjafabréfin.

Jón Páll Ásgeirsson, fjölmiðlafulltrúi hátíðarinnar á Íslandi, segir að Anna Hildur Hildibrandsdóttir, framkvæmdastjóri IMX, hafi bókað illa tímasett flug Bloodgroup frá London. „Við gátum ekki borið ábyrgð á þessum mistökum,“ segir hann. Hann viðurkennir að það hafi verið mistök að halda Bloodgroup á flugvellinum í von um að málið myndi leysast, en flugið til London fór í millitíðinni. Jón gat ekki tjáð sig um gjafabréfin sem Marcel á að hafa notað í leyfisleysi.

Ekki náðist í Marcel Edwin Deelen við vinnslu fréttarinnar.

**atlifannar@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær heimsótti tónlistargoðsögnin Stevie Wonder íslenska leikarann Stefán Karl Stefánsson eftir að sá fyrrnefndi sá söngleikinn The Grinch í Hollywood. Wonder eyddi víst drjúgum tíma baksviðs með leikurum og leyfði öllum þeim sem vildu mynda sig með honum. Svo skemmtilega vildi til að **Sylvester Stallone** ætlaði líka að sjá umrædda sýningu en hann varð frá að hverfa vegna áreitis frá paparözzum.



Fáheyrt er að auglýsingaherferð nái eyrum jafn margra og græni froskur fjarskiptafyrirtækisins Vodafone. Froskurinn hefur fangað athygli barna á sjónvarpsskjáum og mátti sömuleiðis líta langa röð þeirra bíða eftir því að stilla sér upp í myndatöku með honum í Smáralindinni um síðustu helgi. Þá eru ónefndir hringitónarnir með máli frosksins. Þá er fjarri því allt upp talið en nokkrir þeirra sem notuðu einn skanna af þremur í líkamsræktarstöð World Class í Laugum um helgina fengu þessa fallegu kveðju þegar þeir skráðu sig inn: „Hver er með svona falleg augu? Essasú?“



Íslendingar virðast elska íslenskt efni. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá seldust fjórtán þúsund eintök af DVD-dis-k Fangavaktarinnar og mynddiskur **Auðuns Blöndal**, Atvinnumennirnir okkar, virðist einnig hafa mælst vel fyrir. Hann er nú nánast uppseldur, hefur selst í fimm þúsund eintökum en ekki verður ráðist í aðra prentun, ef svo mætti að orði komast. **- fgg**

Einar Ben.
RESTAURANT & BAR
Skötuveisla
í hádeginu frá 12:00 til 14:00.
Okkar árlega Þorláksmessuskata á aðeins. 3.490.-
Kæst Skata, Tindabikkja og Saltfiskur. Allt kemur á borðið til þín og þú borðar eins og þú getur í þig látið. Láttu þennan þjóðlega sið ekki fram hjá þér fara
Borðapantanir í síma 511-5090.
Einar Ben restaurant - Veltusund 1

# Jólaþulir borða konfekt og kaffi

Guðmundur Benediktsson þulur er einn þeirra sem lesa upp jólakveðjurnar á Rás 1 í dag. Upplesturinn er orðinn fastur liður í jólaundirbúningi margra landsmanna og hefur kveðjunum rignt inn frá 14. desember, en hætt var að taka á móti kveðjum klukkan fimm í gær. Samkvæmt upplýsingum frá RÚV er fjöldi kveðja svipaður og hefur verið undanfarin ár og því ljóst að þjóðin nýtur þess enn að senda náunganum kveðju á öld sms-skeyta og tölvupósta.

„Ég er búinn að vera að þessu í nokkur ár, en jólakveðjurnar eru auðvitað búnar að vera fastur liður í útvarpinu í nokkra áratugi,“ segir Guðmundur en upplesturinn hefst klukkan níu um morguninn og stendur eitthvað fram á nótt. „Við erum bundin við þetta allan daginn því þetta er allt tekið í beinni,“ bætir Guðmundur við en auk hans lesa Sigvaldi Júlíusson, Anna Þóra Einarsdóttir og sjónvarpskonan Eva María Jónsdóttir jólakveðjur landsmanna.

Guðmundur segir þulina skiptast á að lesa í nokkrar mínútur í senn og viðurkennir að upplesturinn geti tekið á. „Við höldum okkur uppi með því að gúffa í okkur konfekti og drekka kaffi. Sjálfur er ég vel stemmdur fyrir daginn og þetta kemur manni endanlega í jólaskap,“ segir hann.



**JÓLAÞULIR** Guðmundur Benediktsson, Eva María Jónsdóttir, Sigvaldi Júlíusson og Anna Þóra Einarsdóttir flytja landsmönnum jólakveðjur í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Vegna vinnu sinnar geta þulirnir ekki geymt jólainnkaupin fram að Þorláksmessu líkt og margir gera og segir Guðmundur að betri helmingurinn verði að ganga í þau verk skyldi eitthvað hafa gleymst. **- sm**


GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8
599,-
SÆLGÆTIS SOKKUR
ÚRVAL AF SKÓGJÖFUM
1.999,-
BC SKYRTUR
ÚRVAL AF BINDIUM 999
LEÐUR BELTUM 999
499,-
SKEMMTILEGIR KÓSÝSOKKAR
Á ALLA FJÖLSKYLDUNA
MARGAR GERÐIR
99,- PK.
FATARÚLLUR, FÍLTTAPPAR
OG PAKKALÍMBÖND
ÖLL JAKKAFÖT
9.990,-
MEÐAN BIRGÐIR ENDAST
MARGIR LITIR - ALLAR STÆRÐIR
ÚTSALA
Í FULLUM
GANGI
JÓLA
TILBOÐ
JÓLA
TILBOÐ
OPIÐ FRÁ 10-21 ALLA DAGA FRAM AÐ JÓLUM

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Senuþjófar hættir með Megasi



Senuþjófarnir eru hættir að leika undir hjá **Megasi**. Að sögn **Guðmundar Kristins** gítarleikara var þetta komið gott í bili enda þreyta komin í samstarfið. Hópurinn vann saman fjórar plötur: meistaraverkin Frágangur og Hold er mold sem komu út 2007, plötuna Á morgun sem kom út í fyrra og hafði að geyma nýjar útgáfur af gömlum dægurlögum, og tónleikaplötuna Segðu ekki frá (með lífsmarki), sem er nýkomin út. Þar má glögglega heyra að bandið og Megas náðu frábærlega saman, enda var það mál manna að sjaldan eða aldrei hefði Megas haft jafn góða sveit með sér. Eftir þessi tíðindi er ljóst að ekkert verður úr nýrri hljóðversplötu Megasar og Senuþjófanna, sem stefnt var að að gefa út á næsta ári.



### Sjúddirarí rei hjá Gylfa

Einn af gullkálfum þessa árs er án nokkurs vafa **Gylfi Ægisson**. Aðeins þrjú hundruð eintök eru nú eftir hjá útgefandanum sem þýðir að hátt í sex þúsund eintök hafa selst af magnaðri ævisögu kappans, Sjúddirarí rei, sem Sólmundur Hólm skrásetti. En það er ekki nóg því plata Papanna með lögum Gylfa Ægis hefur einnig selst í sex þúsund eintökum. Sem verður að teljast nokkuð góður árangur hjá hinum síkáta Gylfa.



## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Lést í bílslysi á Hafnarfjarðarvegi
2. Bobbinn í bobba: Ákærður fyrir kannabisræktun
3. Dauðadómur yfir íslenskri blaðamennsku
4. Unga konan komin að Sogni
5. Íslenski hesturinn á forsíðu Wikipedia





